

How do you like Iceland?

Þrjú dagar á Íslandi kosta túrista rúmlega þrjú hundruð þúsund krónur.



16

Besti ísinn er í Vesturbænum

Þrjú álitsgjafar fóru á milli ísbúða í leit að besta ísnum.



30

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. júní 2008 – 161. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



KAFFIBARSFLUGUR

Ljósmyndabókin Barflies er komin út en þar gefur að líta mörg af þeim andlitum sem sóttu hinn goðsagnakennda Kaffibar árið 1994.

HELGIN 18

NORRÆN SAMTÍMALIST
Í BRENNIÐ
Carnegie Art Award

MENNING

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA VESTAN TIL Í dag verður víðast sunnan 3-8 en snýst í norð-austanátt á Vestfjörðum og hversir þar í kvöld. Þjart allra austast í fyrstu en þykkar upp. Lítilsháttar skúrir á vesturluta landsins. Milt.

VEÐUR 4

www.landsmot.is

LANDSMÓT

HELLA 2008
30. júní - 6. júlí

15 dagar

ICELANBAIR
blómaval
TOYOTA
SAMSÍP
HÖGASMIÐJAN

Færanleg lögreglustöð á Lækjartorgi

Borgaryfirvöld munu í næstu viku taka ákvörðun um hvort lögregla fái leyfi til að setja upp færanlega lögreglustöð á Lækjartorgi. Einnig er til umræðu að „miðborgarþjónar“ að erlendri fyrirmynd létti undir með lögreglu um helgar.

LÖGREGLUMÁL Borgaryfirvöld munu taka ákvörðun um það í næstu viku hvort lögregla fái að setja upp færanlega lögreglustöð á Lækjartorgi í sumar. Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir markmiðið að auka aðgengi að lögreglu í miðborginni.

„Við höfum óskað eftir því að fá að koma upp aðstöðu á torginu til að auka og efla sýnileika okkar í miðborginni,“ segir Stefán. „Við erum að leita allra leiða til að efla öryggið í miðborginni, og þetta er liður í því.“

Hugmyndin gengur út á að setja niður lítið hús, fimmtán til tuttugu fermetra. Þar myndu lögreglumenn fá afdrep til að afgreiða minniháttar mál.

Stefnt er að því að lögreglustöðin

verði á torginu í sumar. Hún verður í notkun alla daga, og á nóttunni um helgar þegar álagið á lögreglu í miðborginni er mikið.

Stefán segir borgaryfirvöld hafa tekið vel í hugmyndina, en þau séu að skoða útfærsluna.

Jakob Frímagn Magnússon, framkvæmdastjóri miðborgarmála hjá Reykjavíkurborg, segir að ákvörðun um lögreglustöð á Lækjartorgi verði tekin í vikunni.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir borgina áhugasama um að koma að því að útvega færanlega lögreglustöð. Engu að síður megi reikna með því að kostnaður lögreglu við leigu á henni verði einhver hundruð þúsunda króna.

Lögregla og borgaryfirvöld ræða nú einnig möguleikann á því

að aðrir en lögregluþjónar taki að sér afmörkuð verkefni sem lögregluþjónar hafa hingað til sinnt.

„Við erum að kanna hvort og þá hvernig er hægt að létta á því sem er að taka mikinn tíma frá lögreglu, án þess að ganga beint inn á hennar svið,“ segir Jakob Frímagn.

Hann segir rætt um að ráða til starfa svokallaða „miðborgarþjóna“ að erlendri fyrirmynd.

Geir Jón leggur áherslu á að lögregluþjónar losni við að keyra drukkio fólk úr miðborginni. Til þess þurfi ekki lögreglumenn, og slíkt muni létta undir með þeim. Þá sé rætt um að dyravörðum skemmtistaða verði fjölgað, og þeir sinni næsta nágrenni veitingastaðanna.

- bj



AF STAÐ Hópurinn lagði af stað frá Vestmannaeyjum í gær. MYND/GISLU ÓSKARSSON

Sigling frá Eyjum gekk vel: Tuðran sprakk nærri Viðey

FÓLK „Það gekk ágætlega, fyrir utan það að eitt hólf á slöngunni á öðrum bátnum sprakk þegar við vorum rétt fyrir utan Viðey. Við vitum ekki hvað gerðist, líklega rákust þeir á eitthvað,“ segir Alma Eðvaldsdóttir.

Hún er í níu manna hópi frá Vestmannaeyjum sem ætlar að sigla í kringum landið á tveimur slöngubátum. Ætlunin er að vekja athygli á og styrkja Kraft, stuðningsfélag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.

Hópurinn sigldi frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur í gær. Gert verður við bátinn sem skemmdist í dag, áður en ferðinni verður haldið áfram.

- bj

Hitti naglann á höfuðið: Nagli fjarlægður úr hnakka

BANDARÍKIN, AP Bandarískur karlmaður varð nýlega fyrir því óláni að fá nagla í hnakkann. Vinur mannsins var að nota naglabyssu sem skaut nagla úr sér. Vinurinn sá svo naglann koma út úr derhúfu Chandlers, sem hafði ekki fundið fyrir naglanum.

Læknir á bráðamóttöku reyndi að fjarlægja naglann, sem var rúmur sex sentimetrar á lengd, með tóng. Það gekk hins vegar ekki og fékk læknirinn því lánaðan klaufhamar og fjarlægði naglann. Chandler var svo sendur heim með nokkur spor í hnakkannum.

- þeb



PRJÓNAFÓLK ALLRA LANDA SAMEINIST Í gær var hinn alþjóðlegi „Þrjúdagur“ dagur. Íslenskt prjónafólk hittist á þremur stöðum, meðal annars í Hallargarðinum, þar sem það drakk kaffi, spjaldaði og naut veðurbliðunnar. Þrjónaklúbbur Nálárinna stóð fyrir viðburðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Rektor segir vel miða að því takmarki að Háskóli Íslands verði meðal hundruð bestu:

Eitt svið verði meðal tíu bestu

MENNTUN Háskóli Íslands stefnir að því að fjögur til sex fræðisvið eða stofnanir verði á næstu fimm árum meðal þeirra fremstu á heimsvísu. Stefnt er að því að eitt þeirra verði meðal þeirra tíu bestu í heiminum á sínu sviði.

Þetta kemur fram í viðtali Fréttablaðsins við Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, í dag.

Háskólinn setti fram markmið fyrir tveimur árum sem miða að því að koma skólanum á lista meðal 100 bestu háskóla heims innan fimmtán ára. „Við sjáum að okkur miðar vel áfram, jafnvel hraðar, en búast mátti við á ýmsum sviðum,

svo við erum tilbúin með ný og jafnvel enn djarfari markmið,“ segir Kristín.

„Þetta verður vissulega dýrt, ég geri mér grein fyrir því, en við erum byrjuð að undirbúa þetta og ætlum meðal annars að sækja í erlenda styrktarsjóði, til erlendra fyrirtækja og til íslensks atvinnulífs. Þótt kostnaðurinn verði drjúgur mun það hafa margfeldisáhrif þegar kemur að ávöxtunum.“

Hún segir enn fremur að nánari útfærsla á þessu liggja fyrir í árslok.

Formleg afstaða HÍ til fjármögnunar opinberra háskóla

verður mótuð á háskólafundi snemma í haust. Þá mun meðal annars liggja fyrir afstaða skólans til upptöku skólagjalda. Kristín segist hafa átt von á því að HÍ yrði veitt heimild til að taka upp skólagjöld í frumvarpi um opinbera háskóla sem afgreitt var fyrir skemmstu. „Þannig hefði boltinn verið gefinn yfir til okkar og við látni ákveða hvort við nýttum okkur þá heimild og þá hvernig,“ segir hún.

Þegar hún er spurð um afstöðu sína segir hún að þar sem málið sé afar umdeilt væri skynsamlegast að jafna samkeppnisstöðuna með öðrum hætti.

- jse / sjá síðu 14

OPIÐ

til **20**

alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS



Ari, voru þeir fullir?

„Þeir voru allavega í ruglinu.“

Ari Matthíasson hjá SÁÁ er mjög ósáttur við ákvörðun velferðarsviðs um að taka ekki boði SÁÁ í búsetuáráði enda tíu milljónum lægra en samþykkt boð.

Aldursmunur á hjónum: 75 ár talin of mikill munur

EGYPTALAND Egypsk yfirvöld hafa meinað 92 ára gömlum manni frá Persaflóasvæðinu að giftast sautján ára stúlku frá Egyptalandi, samkvæmt egypska fjölmiðlinum al-Akhar.

Lög í landinu segja til um að aldursmunur á hjónum megi ekki vera meiri en 25 ár. Þessi lög eiga að koma í veg fyrir að ríkir menn leiti sér mjög ungra brúða úr sveitum Egyptalands.

Dómsmálaráðuneyti landsins heimilar stöku sinnum að erlendir menn giftist egypskum konum. Það er þó aðeins leyft að því gefnu að eiginmaðurinn leggi háa fjárhæð inn á egypskan banka-reikning í nafni eiginkonu sinnar.

- kg



ÁHRIFARÍKT Verk Errós framán á BHV er tíu metra hátt og þrjátíu metra breitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/BERGÞÓR BJARNASON

Risaverk á verslunarhúsi:

Erró í heiðursæti í París

FÓLK Þrjátíu metra breitt og tíu metra hátt verk eftir listamanninn Erró þrýðir nú verslunarhúsið vinsæla BHV í fjórða hverfi Parísarborgar. Verkið var sett upp 26. maí en hinn 18. júní verður það klippt niður í búta og gefið íbúum Parísar.

„Ég hef ekki heyrt mikið talað um Erró hér í borginni fyrr,“ segir Bergþór Bjarnason Parísarbrú, „En núna er hann greinilega „inn“. Til dæmis sá ég mynd af verkinu á bloggsíðu meðlims eins af borgarstjórnarflokkunum. Þar er talað um að Erró sé Íslendingur sem sé í heiðursæti um þessar mundir.“

BHV er eitt stærsta og vinsælasta verslunarhús Parísar.

- kg

LÖGREGLUFRÉTTIR

Óku undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði tvo bílstjóra fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna í fyrrinótt. Í annari bifreiðinni fundust auk þess fíkniefni á þremur.

Grillmatur veldur sinubruna

Kalla þurfti út slökkvilið vegna sinubruna á Hamragarðsheiði í gærdeg. Þar höfðu ferðamenn ekki slökkt í grilli sínu og urðu þannig valdir að sinubrunanum að sögn lögreglunnar á Hvossvelli.

Geymsluskúr brann til kaldra kola

Eldur kom upp í geymsluskúr við Heiðarveg í Keflavík um hádegisbil í gær og brann skúrinn til kaldra kola. Aðliggjandi íbúðarhúsnæði slapp vel og komust íbúar út heilir á húfi.

Eimskipafélagið mátti fresta því að segja frá slæmri stöðu Innovate:

Hefði sett sölu í uppnám

VIÐSKIPTI „Með því að fresta birtingu tel ég að okkur hafi tekist að lágmarka afskriftir vegna Innovate,“ segir Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs Eimskipafélagsins. Hefðu upplýsingar um verulega slæma stöðu Innovate verið birtar fyrr hefðu þær getað sett viðræður um sölu á eignum fyrir-tækisins í uppnám, bætir hann við.

Eimskip hyggst afskrifa níu milljarða króna með bresku dótturfélagi sínu, Innovate, auk þess sem gert var ráð fyrir á fjórða tug milljarða króna tekjum af félaginu í ár. Málið kom upp á



HALLDÓR KRISTMANNSSON

yfirborðið í vikunni. „Til að verja hagsmuni félagsins, hluthafa, viðskiptavina og lánardrottna nýtti Eimskip sér ákvæði í lögum um verðbréfa-viðskipti, sem gerir útgefanda

mögulegt að fresta birtingu verðmótandi upplýsinga,“ segir Halldór.

Halldór segir að stjórnin hafi í febrúar fengið ákveðnar

upplýsingar um rekstrarvanda Innovate. „Hins vegar er fremur stutt síðan ljóst var að veruleg verðmæti gætu tapast.“

Viðræður hafa staðið yfir við væntanlega kaupendur um ákveðnar eignir Innovate. Ekki hefur verið gengið frá sölnunni.

Halldór bætir því við að Sindri Sindrason, stjórnarformaður Eimskips, hafi ekki verið sestur í stjórn félagsins þegar það eignaðist hlut í Innovate. Auk þess hafi engar greiðslur runnið til Baldurs Guðnasonar, fyrrverandi forstjóra, þegar hann innleysti sölurétt sinn.

- ikh



BÖRN AÐ LEIK Frístundakortíð hefur það markmið að auka möguleika þeirra sem búa við bágan efnahag til að stunda uppbyggilegt starf.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Frístundakortin talin vera til fyrirmyndar

Í norrænni skýrslu eru íslensk Frístundakort talin til áhugaverðrar nýbreytni í málefnum barna. Reynslan af kortunum er sögð lofa góðu og nú er unnið að því að kynna þau öðrum þjóðum. Ánægjulegt að Ísland sé fyrirmynd annarra.

FÉLAGSMÁL „Við erum stolt af því að þetta geti verið til eftirbreytni,“ segir Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar, um niðurstöður finnskrar skýrslu um aðbúnað barna á Norðurlöndunum. Í skýrslunni er Frístundakort Reykjavíkurborgar tekið sem dæmi um fyrirmyndarstefnu í málefnum barna.

Skýrslan er gerð af Heikki Hiilamo en Finnar lögðu sérstaka áherslu á málefni barna í formennskutíð sinni í Norrænu ráðherranefndinni. Var Hiilamo fenginn til að gera yfirlitsskýrslu um hvernig Norðurlöndin stæðu sig í þeim efnum.

„Allt snýst þetta um að veita börnunum góða þjónustu og nýta þessi tækifæri sem við viljum að allir hafi aðgang að í samfélaginu,“ segir Gísli Árni, sem hafði umsjón með innleiðingu Frístundakortsins í Reykjavík.



GUÐNÝ BJÖRK EYDAL



GÍSLI ÁRNI EGGERTSSON

Útgáfur af Frístundakortinu hafa verið innleiddar hjá nokkrum bæjar- og sveitarfélögum á Íslandi og segir Gísli Árni kerfið hjá Reykjavíkurborg byggja á raf-rænni skráningu og vera ætlað börnum á aldrinum sex til átján ára. Hann segir reynsluna lofa mjög góðu og nú sé unnið að því að fá skýrara yfirlit yfir hvernig kerfið nýtist, til dæmis ákveðnum hverfum eða aldursþópum.

Þá segir hann aðrar þjóðir spenntar fyrir Frístundakortinu og

að á næstunni verði það kynnt fulltrúum þeirra.

„Eftir því sem við komumst næst virðist þetta vera alveg sér-íslenskt,“ segir Guðný Björk Eydal, dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Hún segir erfitt að sjá fyrir sér tekjujafnandi aðgerðir sem örugglega tryggja öllum börnum rétt til tómstundastarfs. „En með því að beina fénu beint til allra barna, eins og við gerum með Frístundakortinu, erum við búnar að mæta öllum börnum á skipulegan hátt.“

Þá segir Guðný Björk mikið horft til Íslands í þessum efnum. „Þetta er einstaklega ánægjulegt. Við erum alltaf að horfa til þessa norræna velferðarlíkans en nú er ekki síður gaman að dæmið snúist við og þessi stóru lönd horfi til okkar. Við vitum að þetta er sérstakt og á alla athygli skilið.“

olav@frettabladid.is

Ugla sást í húsnæði Rúmfatalagersins sem er í byggingu við Blikastaðaveg:

Ugla flögrar um vinnusvæði

DÝRALÍF Ugla flögraði í gær um húsnæði Rúmfatalagersins sem er í byggingu við Blikastaðaveg í Reykjavík og kom gestakoman iðnaðarmönnum í húsinu nokkuð á óvart.

Á þriðja hundrað starfsmenn voru við vinnu í húsinu þegar uglunnar varð vart, en húsið er um 40.000 fermetrar að stærð. Búið var til op fyrir ugluna að komast út um og búist var við að hún yfirgæfi bygginguna með kvöldinu.

„Uglur eiga það til að koma inn í hús í leit að músum,“ segir Arnór Þ. Sigfússon fuglafræðingur. Hann segir uglur sjást annað slagíð, þótt ekki séu þær mjög algengar. „Þær hafa mikið vænghaf og fljúga hægt og hljóðlega.“

- ht



UGLA Í HÚSNÆÐI VIÐ BLIKASTAÐAVEG Til uglu sást í húsnæði Rúmfatalagersins sem er í byggingu við Blikastaðaveg. Uglan flögraði um húsið en þær eiga það til að koma inn í hús í leit að músum. Búið var til op fyrir ugluna að komast út um.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

Umferðarslys í Hrutafirði:

Þrír með þyrllu til Reykjavíkur

SLYS Þrír voru fluttir með þyrllu til Reykjavíkur eftir bílveltu við bæinn Hvalshöfða í Hrutafirði í fyrrakvöld.

Fjórir voru í bifreiðinni sem valt, en henni var ekið fram úr annarri bifreið þegar hún hafnaði utan vegar og valt. Ökumaðurinn er grunaður um hraðakstur.

Ökumaðurinn, sem er átján ára gamall, slapp ómeiddur en farþegar bílsins voru allir fluttir með þyrllu á Landspítalann í Reykjavík. Við skoðun kom í ljós að meiósl tveggja voru minniháttar en sá þriðji var nokkuð slasaður að sögn lögreglu.

- ht

Háskólinn á Akureyri útskrifar: 328 kandídatar brautskráðir

MENTUN 328 kandídatar voru brautskráðir frá Háskólanum á Akureyri í gær.

Meðal þeirra sem útskrifuðust eru tíu lögfræðingar og er þetta í fyrsta skipti sem lögfræðingar eru brautskráðir frá skólanum.

Rúmlega 1.600 nemendur stunduðu í vetur nám við háskólann í fjórum deildum. Ríflega þriðjungur nemanna stundaði fjarnám fyrir milligöngu háskólastarframa víða um land.

- ht



BREIÐABLIK Blikastúlkur sigruðu í flokki A-liða. Hér bregða þær á leik.

Góðviðri í Vestmannaeyjum:

Pæjumótinu lauk í gær

ÍÞRÓTTIR Velheppnuðu pæjumóti ÍBV og TM í knattspyrnu lauk í Vestmannaeyjum í gær. Á mótinu kepptu stelpur í fimmta flokki en þær eru á ellefta og tólfta ári. Veðrið lék við fótboltastelpur og aðstandendur þeirra á mótinu, sem hófst á fimmtudaginn. Ýmsar uppákomur voru á mótinu en vinsælasti viðburðurinn, fyrir utan sjálfan fótboltann, var kvöldvaka sem haldin var á fimmtudagskvöld.

Í flokki A-liða mættust Breiðablik og Afturelding í úrslitaleiknum, sem Blikastúlkur unnu. Í flokki B-liða sigraði HK en FH-stúlkur sigruðu í flokki C-liða.

- ges

Útskrift frá Háskóla Íslands:

Fjölmenasta frá upphafi

MENTUN 1.082 kandídatar voru brautskráðir frá Háskóla Íslands í gær, og var það fjölmenasta brautskráning skólans frá upphafi.

Brautskráningin var sú síðasta með núverandi skipulagi skólans því 1. júlí næstkomandi verða umfangsmiklar skipulagsbreytingar auk þess sem Kennaraháskóli Íslands sameinast Háskóla Íslands.

Alls hafa 1.815 nemendur verið brautskráðir skólaárið 2007-2008 en brautskráð er þrisvar á hverju skólaári.

- ht

SJÁVARÚTVEGUR

Áta víðast yfir meðaltali

Átumagn í sjónum umhverfis landið mældist yfirleitt yfir meðallagi í vorleiðangri Hafrannsóknastofnunar, en var þó nokkuð undir meðallagi norðan við land. Sjávarhiti og selta suður og vestur af landinu mældist yfir langtímeðaltali.

Nú er komið sumar og verðið hefur aldrei verið betra



**Fáðu þér Golf United, best
búna VW Golf frá upphafi.**

Sóllúga, álfelgur, leður í stýri, leðurgirstöng, leðurklædd
handbremsa, samlitur, ESP stöðugleikastýring, aksturs-
tölva, sportlegri sæti og meira til í Golf United á ótrúlega
góðu verði með hagstæðri fjármögnun.

Allt þetta fyrir aðeins 260.000 kr. aukalega.

Golf Trendline 1.6, beinskiptur

Verð áður

~~2.560.000 kr.~~

Verð nú

2.280.000 kr.

Fáðu nýjan Golf frá aðeins 29.400 kr. á mánuði*

Gerðu verðsamanburð og sjáðu hvað Golf kemur ótrúlega vel út miðað
við gæði og búnað. Við höfum lækkað verðið verulega, til dæmis á Golf
United, þannig að nú geta allir notið þess að vera á viðhafnarútgáfunni
af af þessum sögufræga bíl. Láttu sólskinið sjá þig á glæsilegum Golf.
Komdu og upplifðu þægindin og allan búnaðinn í Golf United.



Das Auto.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	79,29	79,67
Sterlingspund	154,14	154,88
Evra	121,44	122,12
Dönsk króna	16,286	16,382
Norsk króna	15,092	15,18
Sænsk króna	12,948	13,024
Japanskt jen	0,7318	0,736

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
157,1712
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skortur á samráði og of lítt tími skýra umrót segir Hanna Birna Kristjánsdóttir:

Flokkurinn snúi vörn í sókn

STJÓRNMÁL Vatnaskil hafa orðið hjá borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins með nýjum oddvita og mun flokkurinn hér eftir snúa vörn í sókn eftir lélega útkomu í skoðanakönnunum.

Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita borgarstjórnarflokksins, á fundi með sjálfstæðismönnum í Valhöll í gær.

Hanna Birna viðurkenndi að veturinn hefði verið óvenju „viðburðaríkur“ hjá borgarfulltrúum, en sagðist ekki ætla að reyna að bera fram eina sanna skýringu á umrötnu, sú skýring væri ekki til. „Líkt og í lífinu sjálfu skipta þó



FUNDAB UM BORGARMÁL Vel var mætt á fundinn en athygli vakti að Gísli Marteinn Baldursson og Júlíus Vífill Ingvarsson létu sig vanta.

MYND/KRISTÍN HREFNA

án efa mestu persónur og leikendur, aðstæður og tilviljanir,“ sagði Hanna Birna.

„Engu að síður finnst mér þó, því miður, að skortur á samráði, skortur á upplýsingum, of mikill hraði, og jafnvel of lítt tími fyrir lýðræði sjálf, hafi verið of einkennandi í þessari atburðarás og ráðið of miklu um það hvernig fór,“ sagði hún enn fremur.

Í svörum hennar við spurningum fundarmanna kom fram að hún væri fylgjandi því að skoða aðra kosti fyrir Reykjavíkurlflugvöll en Vatnsmýrina. Hún sagði völinn þó ekki á leið úr Vatnsmýrinni í bráð. Þá sagðist hún sannfærð um að staðsetning á nýjum Landspítala við Hringbraut væri heppileg.

Stjórnmalamaður fyrir rétti:

Slæmt útlit fyrir lýðræðissinna

SIMBABVE, AP Tendai Biti, næstráðandi í Lýðræðishreyfingunni, flokki Morgans Tsvangirai, er nú fyrir rétti, kærður fyrir landráð.

Talsmaður flokksins telur kærurnar vera af pólitískum toga en nú eru aðeins tvær vikur í forsetakosningarnar á milli Tsvangirais og Roberts Mugabe, sitjandi leiðtoga landsins.

Handtaka Bitis eykur á áhyggjur manna um að kosningarar verði ekki frjálsar og opnar. Undanfarið hefur verið ráðist á stuðningsmenn Tsvangirai, fleiri lykilmenn í flokki hans verði handteknir og kosningabarátta hans sífellt trufluð.

Kennaraháskóli Íslands:

Brautskráð í síðasta skipti

MENNTUN 495 kandidatar voru brautskráðir frá Kennaraháskóla Íslands í gær.

Þetta var síðasta brautskráningin frá skólanum, sem sameinast Háskóla Íslands hinn 1. júlí næstkomandi með myndun nýs menntavísindasviðs.

86 nemanna útskrifuðust úr framhaldsnámi, þar af sautján úr meistaranámi, og hafa aldrei fleiri namar útskrifast með meistaraþróf frá skólanum.



FRÁ SLYSSTAÐ Á SÆBRAUT Þrír voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur.

MYND/VILHJÁLMMUR HALLGRÍMSSON

Tvö umferðarslys á Sæbraut:

Fimm fluttir á slysadeild

LÖGREGLUMÁL Flytja þurfti tvo ökumenn og farþega með sjúkrahúsi á slysadeild eftir harðan árekstur á Sæbraut við Langholtsveg undir miðnætti í fyrrakvöld.

Annari bifreiðinni var ekið aftan á hina, sem beið á rauðu ljósi, með þeim afleiðingum að hún kastaðist fram og snerist á veginum. Ökumaður aftari bifreiðarinnar er grunaður um ölvun við akstur.

Þá ók annar ökumaður á ljósastaur á Sæbraut við Laugarnestanga í fyrrakvöld og var ásamt farþega í bifreiðinni fluttur á slysadeild. Meðsl þeirra voru ekki talin alvarleg.

Yfirvöld standa í vegi fyrir nýsköpun

Framkvæmdastjóri Hvíldarkletts segir seinangang yfirvalda virðast ætla að ganga af frístundaveiði á Vestfjörðum dauðri. Þá séu áskanir trillusjómanna um að sjóstangveiðimenn sprengi upp verð á kvótaleigumarkaði staðlausir stafir.

SJÁVARÚTVEGUR Eftir þriggja ára þróunarstarf virtist sjóstangveiði hafa orðið að blómlegri atvinnugrein á Vestfjörðum en nú er svo komið að seinangangur hins opinbera ætlar að ganga af greininni dauðri. Þetta segir Elías Guðmundsson, sem rekur fyrirtækið Hvíldarklett og er einnig í nefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði til að koma með tillögum um það hvernig starfsumhverfi greinarinnar skyldi háttáð.

„Strax í vetur komu fram tillögur um það hvernig ætti að standa að þessu en nefndin er afar seinfær og ég óttast það mest að það verði búið að drepa okkur áður en nefndin kemst að niðurstöðu,“ segir Elías. Hann segist ekki vilja ræða þær tillögur opinberlega meðan verið sé að fjalla um þær í nefndinni.



ELÍAS GUÐMUNDSSON

Fyrirtækin í þessari grein eru háð kvótaleigumarkaði. „Það er afar lítið framboð á markaði. Það sem hægt er að finna er á upp-sprengdu verði og það er hærri verð en við getum borgað,“ segir hann. „Þeir sem eru núna að veiða borguðu ferðina í september á síðasta ári þegar verðið var um 160 krónur á kíló en nú er það komið upp í 260 og við störfum þannig að við tökum ekki mismuninn úr vasa ferðamannsins. Það er svo spurning hvort við eigum að



ATVINGUGREIN Í HÆTTU Ef yfirvöld halda ekki í við þróun mála í frístundaveiði gæti það ríðið atvinnugreininni að fullu.

vera að standa í þessu ef við þurfum að borga með okkur.“

Hann segir að til greina komi að skila inn veiðileyfunum og háttá starfseminni þannig að ferðamennirnir veiði einungis sér til matar. „Það yrði vissulega skref aftur á bak en þá myndum við freista þess að starfa utan kerfisins eins og nokkrir aðrir gera í þessari grein. Það myndi hins vegar þýða gífurlegan samdrátt.“

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hafa trillusjómenn krafist þess að yfirvöld aðhafist vegna frístundaveiða ferðamanna. Segja þeir að sjóstang-

veiðimenn séu réttindalausir og að þeir hafi sprengt upp verðið á kvótaleigumarkaði. Elías segir þetta staðlausa stafi. „Við höfum keypt 1.300 kíló á þessu upp-sprengda verði svo það eru einhverjir aðrir sem eru að kýla verðið upp,“ svarar hann. „Er þetta ekki bara markaðslögmálið, að þegar framboð er lítið og eftirspurn mikil þá hækkar verðið? Reyndar erum við í sömu stöðu og trillusjómenn.“

Hann segir enn fremur að sjóstangveiðimenn verði að hafa alþjóðlegt siglingaleyfi til að stunda frístundaveiðar hjá Hvíldarkletti.

jse@frettabladid.is



BÍLHRÆ Á myndinni sjást leifar af bíl árársarmannsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

870 afganskir fangar lausir:

Struku í kjölfar sprengjuárásar

AFGANISTAN, AP Á níunda hundrað fanga sluppu úr fangelsi í Kandahar í suðurhluta Afganistans á föstudag. Sprengjuárás á fangelsi gerði föngunum kleift að sleppa, en aðalhlíð fangelsisins var meðal annars gjöreyðilagt.

Meðal störukfanganna voru tæplega 400 talibanar og hafa afganskir embættismenn varað við því að það gæti styrkt hernaðarlega stöðu talibana.

Fangelsið mætti ekki alþjóðlegum lágmarkskröfum en fangelsis-yfirvöld í Afganistan hafa lengi sætt gagnrýni fyrir aðbúnaðinn.

- ges

Bíladagar haldnir á Akureyri:

Óspektir í miðbæ Akureyrar

LÖGREGLUMÁL Talsverð ölvun var í miðbæ Akureyrar í fyrrinótt en þar eru haldnir Bíladagar nú um helgina.

Sjö gistu fangageymslur vegna ölvunar og óspekta og fjórar líkamsárásar komu til kasta lögreglu en engin meiriháttar meðsl hlutust af.

Þá var mikil umferð í nágrenni Akureyrar á föstudag en gekk hún slysalaus fyrir sig. Yfir tuttugu manns voru þó stöðvaðir fyrir af hraðan akstur og tveir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna.

- ht

Leikur að læra

Litríkar þrautabækur fyrir klára krakka sem vilja læra að þekka stafina og tölurnar. Mikki Mús og vinir hans hjálpað að við að gera lærdóminn fjórlegan og skemmtilegan.



E d d a Síðumúla 28 • 108 Reykjavík • Sími 522 2000

VEÐURSPÁ




Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

BREYTINGAR

Eftir blíðviðri víða um land í gær tekur nú við þungbúnara veður. Austan til gæti þó orðið bjart fram yfir hádegi. Það er lægð að stefna upp að vestanverðu landinu og henni fylgir einhver væta vestan til en líka vindur og á Vestfjörðum og norðvestan til hversir með kvöldinu, 8-15 m/s.

Á MORGUN 8-18 m/s, hvassast NV-til.

ÞRIÐJUDAGUR 3-8 m/s. Úrkomulítið.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	19°
Billund	15°
Ósló	17°
Stokkhólmur	22°
Gautaborg	20°
Helsinki	16°
Eindhofen	17°
Amsterdam	17°
London	18°
Berlín	19°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	20°
París	18°
Basel	16°
Barcelona	22°
Alicante	28°
Algarve	26°
Tenerife	20°

Vindhraði er í m/s. Hitastigi eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



EFIR · ALMANNATENGSLI

...Því að við Íslendingar viljum aðeins það besta!



KJÖRKASSINN



Hefur þú hætt við utanlandsferð í sumar vegna versnandi efnahagsástands?

Já	36,2%
Nei	63,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfðir þú á Grímuna?

Segðu þína skoðun á visir.is



Á annað hundrað slösuðust í miklum jarðskjálfta í Japan:

Í það minnsta sex látnir

JAPAN, AP Stór jarðskjálfti, 7,2 á Richter, reið yfir norðurhluta Japans í gær. Í það minnsta sex eru látnir og ellefu annarra saknað. Slasaðir eru taldir vera á bilinu 140 til 200.

Stjórnvöld brugðust fljótt við og kölluðu út hermenn, lögreglu og slökkvilið til hjálparstarfa. „Mikilvægast er að bjarga eins mörgum mannlífum og mögulegt er og við erum að gera okkar besta,“ segir Yasuo Fukuda forsætisráðherra.

Helsta vandamál björgunarsveita er slæmt aðgengi en miklar skemmdir á vegum gera björgunarfólki afar erfitt að nálgast afskekkt svæði.



GJÖRÓNÝTUR VEGUR Miklar skemmdir á samgöngum gerðu björgunarfólki erfitt fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Til samanburðar má geta þess að skjálftinn sem varð á Suðurlandi hinn 29. maí var fimmtíu sinnum veikari en skjálftinn í Japan í gær.

Tæplega þrjátíu þúsund heimili

urðu rafmagnslaus í skjálftanum, en í gærkvöld var rafmagn að mestu komið á aftur. „Ástandið er orðið venjulegt,“ segir Hideki Hara, lögreglustjóri í Sendai, sem er næsta stórborg við skjálftann. „Símalínur, vatn og rafmagn er komið í lag.“

Geislavirkt vatn lak úr kerri í kjarnorkuveri um hundrað kílómetrum frá upptökum skjálftans. Lekinn náði þó ekki út fyrir kjarnorkuverið sjálft og ekki er talin stafa hætta af honum.

Japan er á einu virkasta skjálftasvæði heims. Yfir sex þúsund létust í síðasta stóra skjálftanum sem varð í Japan, árið 1995.

- ges

Meyjarhaftsáðgerðir:

Franskar konur óttast bylgju

HEILBRIGÐISMÁL Læknastofur víða um heim bjóða upp á skurðaðgerð sem endurnýjar meyarhaft. Í sumum samfélögum er talið mikilvægt að konur séu hreinar meyar við giftingu og skapar aðgerðin þá ásjón.

Aðgerðin er þekkt í Mið-Austurlöndum og Rómönsku Ameríku, en æ fleiri konur undirgangast hana í Evrópu.

Franskir kvenréttindasinnar hafa áhyggjur af því að fleiri konur muni undirgangast aðgerðina í kjölfar dóms þar sem hjónaband var ógilt vegna þess að konan hafði logið því að manningum að hún væri hrein mey.

- gh

NOREGUR

Ráðinn til Aker Seafoods

Jóhannes Pálsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölumála hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri framleiðslu hjá Aker Seafoods ASA í Ósló í Noregi. Auk þess að vera með starfsstöð í Noregi mun hann sinna Svíþjóð, Danmörku og Frakklandi. Jóhannes lætur af störfum hjá Síldarvinnslunni 1. ágúst.

FINNLAND

Netnósnið um vopnaðnað

Njósnað hefur verið um finnska ríkið og finnskan vopnaðnað á netinu og hafa harðar árásir verið gerðar frá árinu 2004. Embættismenn og starfsmenn í vopnaðnaði hafa til dæmis fengið tölvupóst með vírus sem hafði gert árársarmanninum kleift að hlaða niður upplýsingum sem starfsmaðurinn hafði aðgang að, að sögn Helsingin Sanomat.

Viður frá Íslandi til framleiðslu vínanda

Miklar hækkanir á verði trjáviðar gætu gert útflutning trjáviðarkurl frá Íslandi hagkvæman. Hækkanirnar eru meðal annars raktar til notkunar vínanda úr víði sem eldsneytis. Vínandi er umhverfisvænna eldsneyti en olía.

SKÓGRÆKT „Það er gríðarlega mikið að gerast í löndunum í kringum okkur í allri þessari áherslu á lífforku. Hún hefur hækkað heimsmarkaðsverð á viðarafurðum og það virðist ætla að hækka áfram. Það vantar lítið upp á að þetta verði stórkostlegt tækifæri fyrir Ísland,“ segir Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor í skógfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Undanfarin ár hefur framleiðsla vínanda til notkunar sem eldsneyti stóraukist. Mest hefur verið framleitt úr kornafurðum og sykurreyr, en áherslan er nú að færast á framleiðslu úr viðarafurðum. Viðurinn er ódýrara hráefni og framboðið margfalt meira. Verð viðarafurða hefur aukist mikið, og útflutningur viðarkurl frá Íslandi gæti orðið arðbær á komandi árum.

„Markmiðið er að skipta út jarðefnaeldsneytinu fyrir lífforku. Svo mikið þarf að framleiða að sérfræðingar eru sammála um að vandamálið verður ekki leyst með framleiðslu úr landbúnaðarafurðum. Það er ekki nóg ræktarland til þess. Viður er það eina sem býður upp á nægilegt magn til þessa,“ segir Bjarni. Í Svíþjóð og Bandaríkjunum hefur eldsneytisframleiðsla úr víði verið rannsókuð síðustu fimmtán árin. Tæknin er nú komin á það stig að verið er að reisa stórar verksmiðjur í Skandinavíu og Bandaríkjunum sem eiga að framleiða milljónir lítra af vínanda. Bjarni telur líklegt að þegar þær áætlanir verði komnar á fullt muni viðarverð hækka með svipuðum hætti og verð landbúnaðarafurða undanfarið.

Vínandi er umhverfisvænna en jarðefnaeldsneyti. Þegar jarðefnaeldsneyti er brennt losnar úr læðingi koltvísýringur sem bætist við það magn sem fyrir var í andrúmsloftinu. Við brennslu vínanda losnar hins vegar koltvísýringur sem plöntur höfðu áður bundið svo hann bætist ekki við náttúrlega hringrás koltvísýringans. Koltvísýringur er gróðurhúsalofttegund, en vísindamenn telja að losun þeirra stuðli að hlýnun jarðar.

Brasilía er það land þar sem notkun lífeldsneytis á bifreiðar er komin lengst. Þar er vínandi framleiddur úr sykurreyr og bæði notaður hreinn og blandaður við bensín eða dísilolíu. Í Evrópu eru Svíar komnir lengst í þessum efnum. Meirihluti bifreiða sem seldar eru í Svíþjóð nú geta nýtt vínanda.

gunnlaugurh@frettabladid.is



SKÓGUR VIÐ RAUÐAVATN Hækkanir á verði viðar gætu gert útflutning frá Íslandi hagkvæman.

NOTA TRJÁVIÐ TIL AÐ KYNDA

Skógfræðingarnir Loftur Jónsson og Þór Þorfinnsson hafa undanfarin þrjú ár unnið að tilraunaverkefni um notkun trjáviðar til kyndingar húsa. Verkefnið er styrkt af Orkusjóði og Evrópusambandinu. Í framhaldi verkefnisins verður reist kyndingarstöð á Hallormsstað sem notuð verður til að kynda nærliggjandi byggingar. Vonast

er til að hún verði komin í gagnið næsta sumar. „Framtíðin í nýtingu trjáviðar á Íslandi liggur fyrst og fremst á þeim svæðum þar sem ekki er jarðhiti og skógur í nágrenni, svo sem hér í Fljótsdalshéraði,“ segir Þór. Útblástur kyndingarstöðva er síaður svo losunin samanstendur nær eingöngu af vatnsgufu og koltvísýringi.

Lögregla bað nokkra gesti Bíladaga á Akureyri að fjarlægja tjöld utan tjaldstæða:

Nokkur tjöld á barnaleikvelli

LÖGREGLA Lögregla hafði afskipti af nokkrum gestum Bíladaga á Akureyri sem tjaldað höfðu utan tjaldstæða á tveimur til þremur stöðum í bænum í fyrri nótt. Sinnti fólk beiðni um að fjarlægja tjöld sín vel og ekki kom til þess að lögregla þyrfti að fjarlægja þau, að sögn lögreglu.

Tjaldað var á barnaleikvelli á horni Norðurgötu og Eidsvallagötu í fyrirkvöld og var lögregla kölluð til um kvöldmatarleytið. Anna Rósantsdóttir, ein dagforeldra sem nýta völlinn til barnagæslu, segir mest fjögur tjöld hafa verið á leikvöllinum en þegar lögregla kom á svæðið hafi eigendur tjaldanna ekki verið á staðnum.



TJALDAÐ Á BARNALEIKVELLI Lögregla hafði í fyrirkvöld afskipti af nokkrum gestum Bíladaga sem höfðu tjaldað á utan tjaldstæða, meðal annars á leikvelli við Norðurgötu. Síðasta tjaldið var tekið niður um þrjúleytið í fyrri nótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/INGIMAR B.

Síðasta tjaldið hafi verið tekið niður um klukkan þrjú í fyrri nótt.

- ht

NÝJIR IVECO ATVINNUBÍLAR Í FREMSTU RÖÐ



EURO CARGO grindarbíll

- 220 Hestöfl
- 9 tonna heildarþungi
- Lofftjöðrun að aftan
- Tímastillt loftmiðstöð

TILBOÐSVERÐ 4.980.000 án vsk.
6.200.000 með vsk.



TRAKKER 4. Öxla 8x4

- Rafskiptur
- 450 hestafla Euro5 mótur
- Lofftjöðrun að aftan
- Eigin þyngd með hálfunnun palli 13,800 kg.



STRALIS dráttarbíll

- 8 hjóla
- Stýranlegur búkki fyrir framan drífásingu
- 500 hestafla Euro 5 mótur
- Stíllanlegur dráttarstóll
- Dælukerfi
- Mjög vel búinn bíll

TILBOÐSVERÐ 12.900.000 vsk.
16.060.500 með vsk.



DAILY vinnuflokkabíll

- 146 eða 176 Hestöfl
- 6 farþega
- Tímastillt olíumiðstöð fyrir mótur og miðstöð
- Fastur pallur eða þriggja átta sturtupallur
- Burður allt að 3000 kg.
- Dráttargeta 3500 kg.



DAILY TOURYS smárúta

- 176 Hestafla mótur
- 19 farþega
- Þriggja punkta öryggisbelti í öllum sætum
- Stíllanleg sæti
- Tvöfalt gler
- Rafskiptur
- Lofftjöðrun að aftan
- Tímastillt olíumiðstöð fyrir mótur og miðstöð

TILBOÐSVERÐ 7.145.000 án vsk.
7.720.000 með 8,17% vsk.



DAILY sendibíll

- 136 eða 176 Hestöfl
- 12 eða 15 rúmmetra farmrymi
- Hurðar á báðum hliðum
- 270° opnun að aftan
- Bakmyndavél
- Tímastillt olíumiðstöð fyrir mótur og miðstöð

Verð frá 3.930.000 án vsk.
4.893.000 með vsk.

Allir bílarnir eru til afhendingar strax

Krókhálsi 16, Reykjavík
og Gleráreyrar 2, Akureyri,
sími 588 2600



www.velaver.is

Við stefnum á HM 2009!

FRAM

í blíðu og stríðu

FRAM

ÍSLAND – MAKEDÓNÍA. Kl. 16 í Höllinni í dag.

ALDRÆI

AÐ



VÍKJA!

Íslendingar þurfa að sigra með níu marka mun!

Þjóðhátíðarstemning í Höllinni í dag. Nú ræður úrslitum að við styðjum okkar menn í blíðu og stríðu!

Dyggur stuðningur okkar allra við íslenska landsliðið í handbolta getur skipt sköpum um árangur liðsins í leiknum við Makedóna í dag kl. 16:00.

Við hvetjum alla til að snúa bökum saman og hvetja landsliðsmenn okkar til dáða. Það ætlum við hjá Icelandair að gera. Skjótum upp fána og skundum í Höllina!

Áfram Ísland, alltaf!



VERTU VIRKUR STUÐNINGSMADUR STRÁKANNA OKKAR
Í ÍSLENSKA LANDSLIÐINU Í HANDKNATTLEIK Á WWW.IBLIDUOGSTRIDU.IS.

ICELANDAIR



VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvaða þjóð hafnaði Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu í fyrradag?
- 2 Hvaða kona var kjörin formaður finnska Jafnaðarmannaflokksins nú fyrir helgi?
- 3 Hver er algengasti fæðingardagur Íslendinga?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi fá umhverfsvottun Green Globe:

Græn vottun undir Jökli

UMHVERFISMÁL Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi eru orðin fyrsta samfélagið í Evrópu og hið fimmta í heiminum til að fá umhverfsvottun frá alþjóðlegu samtökunum Green Globe.

„Það er afar mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna hér að við skulum hafa fengið þessa vottun,“ segir Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri á Grundarfirði. Það var fyrir tilstuðlan hjónanna Guðlaugs heitins og Guðrúnar Bergmann árið 2003 sem undirbúningur hófst til að ná þessum áfanga.

Síðast liðið vor var svo gerð úttekt á öllu Snæfellsnesinu sem stóðst öll viðmið. „Við þurfum til



ÚTREIDAR UNDIR JÖKLI Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi hafa fengið vottun frá Green Globe-samtökunum.

dæmis að vanda til við innkaup og sjá til þess að öll sú vara og þjónusta sem við kaupum sé umhverfisvæn,“ segir Guðmundur Ingi. „Það þarf að skrá öll innkaup svo við

getum sagt, sýnt og sannað að við séum vel að þessu komin. Og sem annað dæmi verðum við að ganga eftir því við okkar verktaka að þeir vandi sína umgengni. En þetta snýst einnig um öryggismál barna, vatn, frárennsli og svona má lengi telja.“

Green Globe-samtökin starfa í um fjörutíu ríkjum og veita samfélögum og fyrirtækjum í ferðaþjónustu, sem til þess hafa unnið, umrædda vottun.

Sveitarfélögin fimm eru Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppur.

-jse

Japanir og N-Kóreumenn:

Hluta refsiaðgerða hætt

JAPAN, AP Japanar ætla að hætta hluta refsiaðgerða sinna gagnvart Norður-Kóreu. Ríkisstjórnir beggja landa tilkynntu þetta á föstudag, eftir að Norður-Kóreumenn lofuðu að rannsaka mannrán á japönskum borgurum á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Mannránin hafa hingað til komið í veg fyrir frekari samskipti milli landanna.

Norður-Kóreumenn hafa viðurkennt að hafa rænt þrettán Japönnum en segjast hafa leyft fimm að snúa aftur til Japan. Nú stendur til að kanna afdrif þeirra sem eftir urðu.

-þeb

Ráðstefna um alþjóðamál: Smá ríki í alþjóðasamstarfi

UTANRÍKISMÁL

Opin ráðstefna um alþjóðamál fer fram í Háskóla Íslands á mánudag. Ráðstefnan rekur endanúttinn á háskólafundaröð sem staðið hefur yfir í vetur í samstarfi utanríkisráðuneytisins og háskólanna í landinu.

Markmið lokaráðstefnunnar er að draga athygli að auknu hlutverki smárra ríkja í alþjóðakerfinu og tækifæri þeirra til að hafa áhrif í alþjóðlegri samvinnu á 21. öld. Sérstaklega er litið til hlutverks Íslands og hvaða erindi og ávinning Íslendingar geta haft af alþjóðasamstarfi.

-aa



INGIBJÖRG SÓL-RÚN GÍSLADÓTTIR

Uppnám og farsímanotkun valda umferðarslysum:

Þjóðaráttak gegn umferðarslysum

UMFERÐ Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS) ætlar að ráðast í áttak gegn umferðarslysum undir yfirskriftinni „Gefðu þér tíma“ sem standa mun í tvö ár. Átakið beinist einkum að því að bílstjórar aki ekki í uppnámi og noti ekki farsíma í akstri án handfrjálts búnaðar. Birtar verða auglýsingar auk þess sem samstarf verður haft við nemandafélög framhaldsskólanna um birtingar í skólablöðum.

Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa, segir að andlegt uppnám hafi verið undanfari fjögurra af fimmtán banaslysum í umferðinni í fyrra. Í þremur tilvikum af banaslysum fimmtán hafi bílstjóri verið líkamlega óhæfur til



GUÐMUNDUR ÖRN GUNNARSSON OG RAGNHILDUR DAVÍÐSDÓTTIR VÍS hefur látið setja upp sjö „leiði“ við Skautahöllina sem tákn fyrir þá sem látist hafa í umferðarslysum á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

aksturs vegna veikinda eða lyfjantöknunar. Ágúst biður fólk um að tilkynna lögreglu telji það að öku- maður sé ekki hæfur til aksturs, vegna uppnáms eða annars.

-gh



DÓMSALUR HÆSTARÉTTAR Eiríkur Tómasson lagaprófessor og Atli Gíslason, þingmaður VG, vilja millidómstig, bæði fyrir einka- og sakamál.

Vilja fara alla leið í stofnun millidómstigs

Eiríkur Tómasson og Atli Gíslason segja stofnun millidómstigs í sakamálum skref í rétta átt en vilja ganga lengra. Birgir Ármannsson segir málið hafa fengið meðbyr í allsherjarnefnd.

DÓMSMÁL Eins og greint hefur verið í Fréttablaðinu eru uppi háværar raddir um stofnun nýs millidómstigs í sakamálum.

„Besta leiðin væri að taka upp kerfið sem er í flestum Evrópulöndum,“ segir Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. „Þá yrði tekið upp millidómstig í bæði einka- og sakamálum í stað þess að taka það eingöngu upp í sakamáluum. Þetta yrði auðvitað kostnaðarsamari leið en heillaspor fyrir réttaröryggið og dómskerfið.“

Hann segir þær hugmyndir sem upp hafa komið um millidómstig skref í rétta átt en jafnframt þurfi að skoða þessi mál vel ofan í kjölinn áður en tekin er ákvörðun.

„Ég er andvígur því að Hæstiréttur fáiast svo til eingöngu við einkamál en ekki sakamál. Með því er verið að setja sakamálin skör lægra en einkamálin en í sakamáluum er oft tekið á um mikilvæg mál sem varða hagsmuni almennings,“ segir Eiríkur.

Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, segir hugmyndina um millidómstig vera áhuga-verða.

„Við ræddum þetta í starfi allsherjarnefndar í vetur þegar við fjölluðum um frumvarp til laga um meðferð sakamála. Margir umsagnaradilar lýstu áhuga á þessari breytingu og í nefndaráli



BIRGIR ÁRMANNSSON

EIRÍKUR TÓMASSON

tökum við fram að þetta væri áhugavert,“ segir Birgir.

Hann segir þó vissulega ýmsa ókosti þessu fylgjandi eins og til dæmis aukinn kostnað og einnig kunni að vera hætt á því að þarna verði um lengri og flóknari málsmeðferð að ræða.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og nefndarmaður í allsherjarnefnd, er sammála Eiríku Tómassyni.

„Það er brýnt að setja á fót millidómstig vegna þess að fyrir Hæstarétti fer ekki fram milliliðalaus málsmeðferð,“ segir Atli og vísar til þess að Hæstiréttur kallar ekki vitni fyrir dóm. „Mín skoðun er sú að taka eigi upp millidómstig bæði í einka- og sakamálum og í Hæstarétt fari þá bara stór fordæmis- mál.“

Hann segist samt sem áður styðja tillögur um millidómstig í sakamálum enda sé það skref í rétta átt að hans mati.

vidirp@frettabladid.is



JCB 3CX Super

Árg 2006
Vökvahraðtengi, 2 skóflur ofl.



JCB 456 ZX Hjólaskófla

Árg. 2006 - v.st. 900
Mjög góð vél, 4,6 rúmmetra skófla m.skera, hraðtengi, tvær auka vöklalagnir, olíumiðstöð loftkæling, SRS fjöðrun og ný dekk



JCB 3CX

Árg 2006
hraðtengi 2xskóflur



New Holland E502SR Beltagrafa

Árg. 2006 - v.st. 1030
Þrjár skóflur, glussahraðtengi, tön, hamarlögn



Hyundai 160 LCD7 Beltagrafa

Árg. 2006 - v.st. 1850
Ein skófla, hraðtengi, tön, hamarlögn, 700 mm. belti



JCB 530-70 Skotbómulyftari

Árg. 2001 - v.st. 5500
Gafflar, hraðtengi, SRS fjöðrun, 4x4 drif



Manitou Skotbómulyftari

Árg. 1999 - v.st. 6900
Skófla, gafflar, 4x4 drif



Terex Glatiator 3007

Árg. 2006 - v.st. 465
Skófla, gafflar, drif 4x4x4



Iveco EuroTrakker vörubifreið

Árg. 2004 - ekinn 140.000 km.
440 hestöfl, rafskiptur, háltunnupallur, 4ja öxla 8x4

Upplýsingar
í síma 893 1722
og 588 2600

www.velaver.is



EKKI HÆGT AÐ LESA FRAMBURÐI VITNA OG FINNAST ÞEIR TRÚVERÐUGIR

„Mín skoðun er sú að nauðsynlegt sé að taka upp millidómstig í sakamálum rétt eins og á öðrum Norðurlöndum,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, formaður Ákærndafélags Íslands.

„Mér finnst ekki að það eigi að vera hægt að lesa framburði vitna af blaði og meta trúverðugleika vitnanna á þann hátt. Stór hluti þess að meta framburð vitna er auðvitað svipbríði

og talandi vitnisins, segir Helgi.

Hann segir að þetta hafi ekki verið tekið formlega fyrir í Ákærndafélaginu en telur að mikill stuðningur sé innan félagsins við hugmynd um millidómstig.

„Helstu rökin gegn þessu eru ákveðinn kostnaður og lengri málsmeðferð en kosturinn er vandaðri málsmeðferð, sem hlýtur að veða þyngra.“

Afmælisútgáfa

35 ÁRA

VEGA HANDBÓKIN

Ferðahandbókin þín!



Nýjung! Handhægt Íslandskort fylgir með



Verð aðeins 3.990 kr.
bók og kort

*Hafsjór af fróðleik
um land og þjóð*

Handhægt ferðakort fylgir í tilefni
af 35 ára afmæli bókarinnar.

Á baksíðu kortsins eru upplýsingar um
afþreyingu um allt land.

Farið með svarið í ferðalagið

Komdu með gömlu vegahandbókina og þú færð **1.000 kr.** afslátt af þeirri nýju!
Tilboðið gildir í bókabúðum og mörgum söluskálum um land allt

Vegahandbókin sími: 562 2600



Enn er beðið styrkingar gjaldeyrisforða landsins.

Hvar eru peningarnir?

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

S tundum er haft á orði að sókn sé besta vörnin. Spurning er hvort Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur haft þá speki í huga þegar hann sakaði fréttamann Markaðarins, sem vatt sér að honum með spurningu á tröppum Stjórnarráðsins á föstudag, um dónalega hegðan og lét eins og ráðamenn þjóðarinnar þyrftu ekki að svara spurningum nema að undangenginni tímapöntun.

Þeir sem á horfðu sáu að tilraun fréttamannsins til að ná tali af ráðherranum gat tæpast talist dónaleg, þótt kumpánleg væri. „Jæja, hvar eru peningarnir sem eiga að komast inn í landið?“ spurði hann um leið og ráðherra kom hlaupandi upp tröppur Stjórnarráðsins. Tilsvör ráðherrans voru hins vegar heldur klaufaleg og erfitt að átta sig á hvort hann talaði í gamni eða alvöru. Nú getur verið að innandyra hafi beðið svo brýn verkefni að forsætisráðherra hafi ekki átt aflögu tvær mínútur til að svara spurningum, en hann hefði þá mátt segja það. Skilaboðin voru óljós.

Á tímum sem þessum, þegar fjárfestar halda að sér höndum, verð hlutabréfa lækkar og krónan veikist, eru óljós skilaboð allra sist það sem koma á frá stjórnvöldum. Í viðtali við Útvarpið í hádegina á föstudag áréttaði Geir að efnahagsmálin væri ótrygg. „Og ríkisstjórnin er auðvitað upp á dag hvern að vinna í því hvernig hægt sé að bregðast við ástandinu,“ sagði hann, en til þess að efla hér traust á efnahagslífinu þyrfti aðgerðaáætlunin að koma fram með skýrari hætti.

Svokallað skuldatryggingarálag á skuldabréfaútgáfu bæði banka og ríkis náði sögulegum hæðum í mars og var rakið til árása vogunarsjóða á íslenska hagkerfið. Heldur rofaði svo til eftir að hér var boðuð sérstök skoðun á aðkomu þessara sjóða og í byrjun maí kom svo að því að Seðlabankinn kynnti samninga um lánalínur við norræna seðlabanka. Slíkir samningar jafngilda styrkingu gjaldeyrisforða landsins, en án þess að lántökukostnaður fylgi. Undir lok síðasta mánaðar samþykkti Alþingi svo heimild til frekari lántöku ríkisins til styrktar gjaldeyrisforðanum. Örlitillær bjartsýni varð vart á mörkuðum í kjölfarið og krónan styrktist lítillega, um leið og álag á skuldatryggingar lækkaði.

Nú hefur sýrt í álinn á ný og sú spurning vaknar hvort ríkið hafi misst af lestinni í að festa sér lán til styrktar gjaldeyrisforðanum, þegar aðeins rofaði til á mörkuðum eftir fyrri yfirlýsingar.

Lánakjör þau sem bæði ríkinu og bönkunum bjóðast á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum hafa versnað á ný og krónan er nú á mótta veik og þegar verst hefur látið á þessu ári. Nokkra daga í mars og aftur í maí fór vísitala í 157 og 158 stig, en núna er gengi hennar rétt undir 157 stigunum. Það þýðir að Bandaríkjadalur kostar rétt tæpar 80 krónur og evran rúmar 122.

Íslenskir bankar búa við vantraust á erlendum fjármálamörkuðum vegna efasemda um burði ríkisins til að standa að baki þeim. Efling gjaldeyrisforðans er nauðsynleg til að hrekja þær efasemdaraddir, auk þess sem Seðlabankinn hefði þá tiltækan gjaldeyri til að lána áfram og koma í gang á ný hálfömuðum gjaldeyrisrískipta-markaði, sem síðustu vikur hefur litið stutt við gengi krónunnar. Því ætti ekki að koma ráðamönnum á óvart að vera inntir eftir því „hvar peningarnir séu“ og eðlilegra að þeir hefðu svör á reiðum höndum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. issn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ánægð með álið

Alþingismaðurinn Valgerður Sverrisdóttir minnr á það á heimasíðu sinni að í júnímánuði renni út viljayfirlýsingar Alcoa, íslenskra stjórnvalda, Húsvíkinga og Landsvirkjunar um uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík. Það gerir hún í tengslum við þankapung í Fjarðabyggð sem hún tók þátt í fyrr í vikunni og vísar Valgerður til uppbyggingar á Austurlandi í kjölfar byggingar álvers við Reyðarfjörð. „Eigum við ekki að vera dálítið ánægð með áliðnaðinn?“ spyr Valgerður, sem gefur sér að vel gangi að framlengja yfirlýsingarnar.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Vopn Magnúsar

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, fagnar á heimasíðu sinni niðurstöðum þjóðar- atkvæðagreiðslu frá vegna Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins. Eins og kunnugt er felldu Írar sáttmálan en Magnús líkir baráttu Íra gegn ESB við átök í bæjarmálum á Akranesi. Teflir Magnús fram, málstaðnum til framdráttar, gamalreindum vopnum, áróðursplaggötum, innblásnum ræðum látinna sjálfstæðisshetja og sjálfum þjóðsöngnum.



olav@frettabladid.is

Geir á stallinum

Andrés Jónsson, fyrrverandi formaður Ungra jafnaðarmanna, hrósar Geir H. Haarde forsætisráðherra á heimasíðu sinni á föstudaginn. Þar segir Andrés að Geir virki alltaf frekar traustvekjandi í umræðum um efnahagsmál og að sér virðist sem svo að Geir viti meira um hvað hann er að tala en nokkur annar íslenskur stjórnmalamaður sem hann, Andrés, viti um. Þingmenn Samfylkingarinnar hljóta að taka þessi skilaboð frá fyrrverandi formanni ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar til sín.

BITBEIN Árni Páll Árnason spyr:

Eigum við að uppfylla ákvæði Maastricht-samkomulagsins?



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Hvar er þjóðarsáttin?

Íslenskt hagkerfi hefur breyst mjög á liðnum árum og er opnara en nokkru sinni fyrr, ekki síst fyrir tilstilli EES-samningsins sem kveður á um fjórfrelsið svokallaða, þ.e. frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga. Sameiginleg stefna Evrópusambandsins tekur þó að sjálfsgöðu til nokkurra stórra atriða sem eru utan við samninginn og ná þar með ekki til okkar Íslendinga. Þar á meðal er Efnahags- og myntbandalag Evrópu.

Vandi íslensku krónunnar

Þegar áætlun Evrópusambandsins um innri markaðinn var samþykkt var það sjónarmið uppi að innri markaðurinn myndi ekki virka með eðlilegum hætti fyrr en komið yrði á sameiginlegum evrópskum gjaldmiðli vegna þess að sibreytileg skráning á gengi einstakra gjaldmiðla skapaði óvissu og áhættu fyrir viðskiptalífið, auk þess sem umtalsverður kostnaður væri því samfara að skipta úr einum gjaldmiðli í annan. Þetta eru gallar sem blasa við íslensku viðskiptaumhverfi á degi hverjum.

Staðreyndin er sú að í opnu hagkerfi er ekki víst að íslenska krónan dugi sem gjaldmiðill til lengri tíma. Við höfum séð hana sveiflast í hinum alþjóðlega ólgusjó og vegna velgengni útrásarfyrirtækjanna hefur reynst erfitt að tryggja henni nægjanlega sterkan bakhjarl. Þrátt fyrir sterka stöðu ríkissjóðs er krónan rekin af minnsta seðlabanka veraldar auk þess sem gjaldeyrisforðinn hefur ekki verið eflur nægjanlega. Raunar telja margir líkur til að umsvif íslensku bankanna erlendis séu orðin meiri en svo að nokkur innlendir gjaldeyrisforði geti veitt þeim þann bakhjarl sem þyrfti.

Hverjir eru kostirnir?

Flestir eru nú sammála því að raunhæfir kostir Íslands í peningamálum séu aðeins tveir; annars vegar núverandi fyrirkomulag og hins vegar upptaka evru samhliða aðild að ESB og Efnahags- og myntbandalagi Evrópu.

Markmið þeirra sem vilja tryggja sjálfstæða innlenda peningamálastjórn og hinna sem vilja skoða aðild að bandalaginu ættu að flestra mati að geta farið saman þar sem ákvæði Maastricht-samkomulagsins, sem jafnframt eru skilyrði fyrir upptöku evrunnar, líta að því að tryggja þurfi stöðugt verðlag, lága verðbólgu, lága stýrivexti til langs tíma, lítinn eða engan halla á rekstri ríkissjóðs og að heildarskuldir hins opinbera fari ekki yfir ákveðið hlutfall af vergri landsframléiðslu. Að mínu mati hefði það áhrif ef stjórnvöld gæfu út þá yfirlýsingu að þau myndu vinna að því að uppfylla þessi markmið. Að auki má benda á líkur þess að með ákvörðun um aðild að ESB og þar með evru gætum við náð þessum markmiðum, og þar með auknum efnahagslegum stöðugleika, fyrr en ella.

Ekki virðast þó allir á sama máli um að efnahagslegur stöðugleiki skipti máli. Samfylkingin boðaði vissulega fyrir kosningar þjóðarsátt um nýtt jafnvægi í efnahagsmálum og ný vinnubrögð til að tryggja samstillingu efnahagsaðgerða. Ekkert bólar hins vegar á efnunum en þess í stað tala himinhár vextir, hrun á gengi krónunnar, lánsfjárekprepa, kaupmáttarskerðing og algjört samráðs- og athafnaleysi sínu máli.

Samfylkingin lætur svo sannarlega ekki verkin tala ef vilji hennar stendur til þess að uppfylla ákvæði Maastricht-samkomulagsins.

Já – endurheimtum stöðugleikann

Ástand efnahagsmála nú er alvarlegt. Allt frá því í upphafi árs 2007 hefur legið fyrir spá um halla í ríkisrekstri árin 2009 og 2010 og samdrátt í þjóðartekjum. Þá hefur lengi legið fyrir að gengi krónunnar væri of hátt og umfram það sem innlend framleiðni og verðmætasköpun gæfi tilefni til.

En ástandið er enn verra en búast mátti við. Hækkanir erlendis á eldsneyti og ýmis konar hrávöru valda verðhækkunum hér á landi. Gengisbreytingar skila sér hraðar út í verðlag nú en nokkru sinni fyrr. Það bendir til að fyrirtækin hafi litla trú á því að okkur takist að hemja verðbólgu. Afléiðingar alþjóðlegu lánakreppunnar bitna harðar á okkur en öðrum þjóðum. Langvarandi óstöðugleiki og skortur á efnahagslegu jafnvægi hefur valdið því að Ísland hefur misst trúverðugleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og fengið að launum hækkanandi vaxtaálag, gengisfall og verðbólgu. Þetta hefur svo aftur valdið algerri þurrð í framboði á lánsfé hér innanlands.

Stjórnvöld marki skýra stefnu

Við þessar aðstæður er mikilvægt að stjórnvöld marki skýra stefnu. Af þeim sökum höfum við mörg bent á skynsemi þess að við gefum út yfirlýsingu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þótt slík aðgerð myndi ekki breyta neinum efnislegum forsendum á einni nóttu fælist í henni mikilvæg stefnuyfirlýsing sem væri til þess fallin að efla tiltrú á íslensku efnahagslífi.

Slík yfirlýsing myndi til skemmri tíma án efa draga úr áhættuálagi á íslensku efnahagslífi á alþjóðlegum mörkuðum og styðja við gengi krónunnar, en til lengri tíma verðum við að horfast í augu við það að án aðildar að ESB verða alþjóðvæddum fyrirtækjum ekki tryggð vaxtarskilyrði hér á landi.

Margir eru þó enn ekki sannfærðir um skynsemi aðildar. Það er skiljanlegt og sú umræða þarf þá að fá að þróast áfram. En það má ekki verða til þess að við frestum um hefja nauðsynlegt úrbótaferli. Ef við viljum endurheimta stöðugleika er nauðsynlegt að stjórnvöld skuldbindi sig til að ná alþjóðlega viðurkenndum stöðugleikamarkmiðum. Eitt það þekktasta eru stöðugleikaviðmið Maastricht-samningsins sem felur í sér lága verðbólgu, hóflega skuldastöðu ríkissjóðs, lága langtímavexti og gengisstöðugleika. Þessi viðmið eru nauðsynleg forsenda upptöku evru en þau eru líka nauðsynleg forsenda þess að hér verði náð efnahagslegum stöðugleika, óháð aðildarumsókn að ESB.

Ný þjóðarsátt

Ný þjóðarsátt á að felast í því að stjórnvöld setjist að borði með aðilum vinnumarkaðarins, fulltrúum sveitarfélaganna og Seðlabankanum og geri formlegt samkomulag um að Maastricht-viðmiðunum verði náð innan tiltekins tíma. Jafnframt ættu fulltrúar stjórnarandstöðuflokka að koma að slíkri þjóðarsátt. Þá er von til að við sköpun viðtæka samfélagssátt um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að endurheimta stöðugleikann.

Nýting auðlinda = atvinna

UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson skrifar um atvinnu-mál



JÓN GUNNARSSON

Áundanförnum áratugum hefur öflugur sjávarútvegur fært okkur þær útflutningstekjur og þau tækifæri sem við höfum notað til að byggja hér upp öflugt samfélag. Á sama tíma og við glímum við tímabundinn aflasamdrátt hefur tekist ótrúlega vel að auka verðmæti afurða og hagræða í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Það er óhætt að fullyrða að sá árangur setur okkur í fremstu röð meðal sjávarútvegsþjóða. Það verður að vera forgangsverkefni að hlúa að sjávarauðlindum okkar með auknum rannsóknum og nýtingu samkvæmt ráðleggingum okkar vísindamanna.

Sóknarfæri okkar liggja í orkuauðlindum, nýtingu á þeim gríðarlegu náttúruauðlindum sem liggja í landinu okkar og jafna má við olíulindir annarra.

Þegar Jóhann Hafstein þáverandi iðnaðarráðherra sá að draumsýnin um stórvirkjun í Þjórsá og stóriðju í Straumsvík varð að veruleika, flutti hann þjóðinni þessi skilaboð:

„Og eigi er heldur virkjunar afl Þjórsár þorrið. Haldið verður áfram fyrri áformum til þess að skapa meiri orku. Glíman við þessi vandamál er glíman við framtíðina... En í raun og veru erum við að glíma við vort eigið land... Oss er ljóst að við megum ekki ganga of nærri náttúru landsins.“

Þetta er sú stefna sem sjálfstæðismenn fylgja vegna nýtingar orkuauðlinda okkar, að halda áfram að skapa atvinnutækifæri að teknu tilliti til náttúrunnar.

Störfum kastað á glæ

Við höfum nýverið náð þeim merka áfanga að opna stærsta þjóðgarð Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarð. Hann ásamt öðrum þjóðgördum landsins nær yfir um 20% af flatarmáli þess. Ef við virkjum helstu jökulár og háhitasvæði landsins fara um 2% þess undir orkumannvirki. Einhversstaðar þarf að ná þeirri sátt um þá nýtingu sem Jóhann vitnaði til.

Það er sorglegt að fylgjast með ráðamönnum og öðrum sem kenna sig við náttúruvernd berjast um á hæl og hnakka við að stöðva framkvæmdir og drepa niður hugmyndir að framkvæmdum um uppbyggilega atvinnustarfsemi út um landið. Það hefur borið á þessu um nokkurn tíma í hvalveiðimálinu þar sem rökstuðningurinn gegn veiðum er tækifærissinnaður og hefur ekkert með náttúruvernd að gera. Nú er þetta að endurtaka sig í orkugeiranum. Að mestu leyti sama fólk og sömu vinnubrögðin. Það er sorglegt að sjá menn fagna því þegar virkjanahugmynd sem búið er að eyða milljarði í undirbúningsvinnu við er slegin af. Hver er ábyrgð þess fólks sem með vinnubrögðum sínum kastaði á glæ á fjórða hundrað störfum í Straumsvík og nú um þrjú hundruð hátækni-störfum í Ölfusi? Helst finnst manni sem þessi hópur hafi verið í mjög vernduðu umhverfi og sé hreinlega búinn að gleyma

uppruna okkar. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

Röng skilaboð

Svokallað landsskipulag hefur verið til umræðu á Alþingi í vetur. Ég hef miklar efasemdir um réttmæti þess að færa aukid vald í skipulagsmálum frá sveitarfélögum til ráðuneyta. Heimafólk

er næmara fyrir aðstæðum sínum og möguleikum. Í eldhúsdagsumræðum á Alþingi lýsti ráðherra ríkisstjórnarinnar því verkfæri sem landsskipulag yrði fyrir stjórnvöld til þess að halda óspilltri náttúru áfram óspilltri. Þau orð

hræðist ég þannig að það verkfæri verði notað enn frekar til þess að draga úr möguleikum til framkvæmda við virkjanir á auðlindum okkar. Þessi sami ráðherra hafði nokkrum dögum fyrr sagt í fjölmiðlum, eftir að Bitruvirkjun var slegin af, að það þyrfti að hafa áhyggjur af orkuskorti og að slegið gæti í bakseglin hjá stórfyrirtækjum sem hygðu á starfsemi á Íslandi.

Það eru ekki nema nokkur ár síðan við leituðum logandi ljósi um heimsbyggðina að fyrirtækjum sem tilbún væru að skoða Ísland sem valkost fyrir starfsemi sína. Alcoa kom á Reyðarfjörð og mörg önnur spennandi tækifæri eru í farvatninu. Hvaða skilaboð erum við að senda þessum fyrirtækjum í

Við erum að senda þau skilaboð að best sé að koma ekki nálægt Íslandi því hér sé svo mikil óvissa og óeining þegar kemur að framtíðarsýn í orku- og virkjanamálum.

dag? Við erum að senda þau skilaboð að best sé að koma ekki nálægt Íslandi því hér sé svo mikil óvissa og óeining þegar kemur að framtíðarsýn í orku- og virkjanamálum. Það er verið að leggja margra ára undirbúningsvinnu og mikilvægan árangur í stórhættu.

Skýr stefna

Stefna okkar sjálfstæðismanna

er og hefur verið skýr þegar að þessum málaflökki kemur. Ef við eigum að halda hér þeim góðu lífsskjörum sem tekist hefur að byggja upp verðum við að auka útflutning okkar. Sjávarútvegur og orkuauðnaður eru þær greinar sem byggja á innlendum auðlindum og munu áfram leggja grunninn að útflutningi þjóðarinnar til lengri tíma. Við verðum að tryggja nýtingu náttúruauðlinda okkar með þeim hætti að stór og smá fyrirtæki fái traust rekstrarumhverfi og útflutningur aukist jafnt og þétt.

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



BROSANDI ALLAN HRINGINN


VEITINGASTAÐIR Á ÖLLUM HÓTELUNUM • ALLTAF STUTT Í SUND VINGJARNLEG ÞJÓNUSTA • GISTIVERÐ FRÁ 3.750 KR. Á MANN



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal
5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á hoteledda.is eða í síma 444 4000



SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

mál ef oddvitar flokksins í stærstu sveitarfélögum landsins ganga þvert á þessa grunnhugsjón flokksins. Það er því von mín og krafa að fallið verði frá þessari hugmynd.

Sé ástæða til að óttast hegðun-arvanda meðal fullorðins fólks í kringum hátíðina þurfa bæjar-yfirvöld að bregðast við því með aukinni gæslu en ekki ómálefna-legri mismunum sem bitnar á ungu borgurum.

Fáránleikinn við það að banna fólki á ákveðnum aldri að tjalda á opinberu tjaldstæði kemur ef til vill best í ljós ef stungið yrði upp á sambærilegum aðgerðum til að tryggja aðra hagsmuni. Hver yrðu viðbrögð almennings ef einstaklingum 70 ára og eldri yrði bannað að keyra á ákveðnum tíma vegna þess að það hægi á umferð? Jafnvel þótt sýnt væri að hraða-mætti umferð og gera hana örugg-

ari með því að takmarka ferða-frelsi fullorðins fólks má efast um að nokkrum heilvita manni dytti í hug að styðja slíka ráðstöfun.

Að svipta stóran hóp einstaklinga rétti sínum og frelsi með þessum hætti er forræðishyggja. Það er ennfremur brot á réttindum og virðingu fullorðins fólks sem er samkvæmt lögum ábyrgt gjörða sinna. Ef stjórnvald treystir sér ekki til að halda hátíð nema brjóta á rétti fólks þá á það ekki að halda hátíð. Við þetta má svo bæta, að það hlýtur vera öruggara að ungt fólk sæki skipulagðar skemmtanir þar sem séd er fyrir þjónustu og öryggisgæslu. Hinn kosturinn er að stórum hópi þeirra sé úthýst með þeim afleiðingum að óskipulagðar drykkju-hátíðir spretti upp víða um land án eftirlits, skipulags og öryggis-gæslu.

Ótækar aðgerðir

Við getum öll verið sammála um markmið stjórnvalda um að draga úr óspektum, en þær aðgerðir sem hér um ræðir eru ótækar. Það verður aldrei réttlátt né lögmætt að mismuna hópi fólks, hvort sem það er á grundvelli aldurs eða annars, þrátt fyrir að með slíkri aðgerð muni subbuskapur og læti minnka.

Ég hef þegar sent bréf til bæjaryfirvalda á Akranesi þar sem ég skora á þau að láta ekki verða af þessari hugmynd.

Að lokum óska ég öllum Skagamonnum góðrar skemmtunar á Írskum dögum.

Höfundur er Skagamaður og stjórnarmaður í SUS.



24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar

„Ég sá það fyrst á visir.is“



...ég sá það á visir.is



GLITNIR

Kratalogía Þorvaldar Gylfasonar og Dr. Gunna

UMRÆÐAN

Halldór Jónsson skrifar um Evrópu-mál

Dr. Gunni og Þorvaldur Gylfason rita í Fréttablaðið um þann þjóðarvoða sem stafar af stærð Sjálfstæðisflokksins. Dr. Gunna finnst aumt það takmark annarra flokka, að verða hækjur Sjálfstæðisflokksins. Þorvaldur skammar hann fyrir að gleypa ekki kratalógíuna um ESB.

Oft skrifar Þorvaldur af kratísku hagfræðiviti. En ísg-ísk öfugmæli eins og „...og þá komst aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu á dagskrá gegn ábyrgðarlausri og afhjúpanði andstöðu Sjálfstæðisflokksins“



HALLDÓR JÓNSSON

finnst mér tragíkratísk.

„Ég lít svo á, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi með ábyrgðarlausu og vítaverðu háttalagi sínu undan-gengin ár fyrir gert forustuhlutverki sínu og verðskuldi ekki þá biðlund, sem sumir telja rétt eða nauðsynlegt að sýna honum nú í Evrópumálinu.“

Víst er ég meðvirkur í þessu tilheyrandi „Nýja kynslóðin var eins og léleg eftirlitning hinnar eldri“. Til afsökunar hefur mér bara reynst ómögulegt að finna annan stjórnmalaflokk til að fylgja. Ekki af því að Sjálfstæðisflokkurinn sé svona góður. Miklu fremur af því, að aðrir eru svo hræðilegir. Og þar er Þorvaldur sannlega meðvirkur. „Frjáls hugaðir menn í

flokknum þurfa að leysa sig úr viðjum gömlu flokksklíkunnar og bjóðast á eigin forsendum til samstarfs við aðra innan þings og utan um að undirbúa án frekari tafar umsókn um aðild Íslands að ESB.“

Eru þá ekki aðrir en frjáls hugar í hinum flokkunum? Talar Þorvaldur fyrir alla sósíalista?

„...eða skella skuldinni á tímabundið gengisfall án skilnings á því, að krónan var of hátt skráð fyrir...“ Þarna skýtur upp stjórnlýndi sósíalistanna. Reglubundnar gengisfellingar sem hagstjórnartæki. Þorvaldur segist annars vera markaðssinni en bara ekki á gjaldmiðlum.

„Þegar Alþýðubandalagið stýrði fjármálaráðuneytinu öðru sinni 1988-91, var fjármálastjórnin í lagi...“ 1988-1991 fór dollar úr 36,74 í 57,10. 12% árlegt gengisfall hjá ÖRG var þá í lagi að álitu prófessorsins.

Hvaða gengi verður þegar við skiptum í evru? Hvaða vextir verða á verðtryggðum húsnæðislanum heimilanna þegar þau breytast í evrur? Verða launin jöfn Þýzkalandi?

„Þannig liggur beinast við að reyna að endurvekja traust umheimsins á íslensku efnahagslífi eftir það, sem á undan er gengið. Þegar samningur um aðild liggur fyrir, verður hann borinn undir atkvæði þjóðarinnar.“

Ég hitti fólk í Þýzkalandi, sem hafði lifað bæði í Evru- og Marklandi. Það sagði, að hlutfall marksins hefði verið hálf evra. Launin lækkuðu um helming. Það sem kostaði mark áður kostaði nú

evru. Fólk taldi að Þjóðverjar myndu nú henda evrunni í skiptum fyrir gamla markið, fengju þeir tækifæri til. En það fengju þeir bara ekki vegna þess að stóri evruflokkurinn berði slíkt tal niður. Og nægt framboð væri á „hækjuliði“, sem seldi sannfæringu sína fyrir stjórnarstóla með stóra flokknum á drGunnískan hátt.

Hvaða gengi verður þegar við skiptum í evru? Hvaða vextir verða á verðtryggðum húsnæðislanum heimilanna þegar þau breytast í evrur? Verða launin jöfn Þýzkalandi? Kjarabaráttan og fáninn rauði? Hæstu langbundnir innlámsvextir 4,99% í 3,6% verðbólgu? Herskylda og kvóti frá Brussel?

Ég þjáist ekki af kratískri Júróvisjón. Því segi ég X-D!

Höfundur er verkfræðingur.

Í fótspor þeirra hundrað bestu

Daginn fyrir fjölmennustu brautskráningu Háskóla Íslands gaf **Kristín Ingólfssdóttir** rektor sér tíma til að ræða við **Jón Sigurð Eyjólfsson** blaðamann. Þau ræddu um skólagjöldin sem hún átti von á að fá að heimild til að leggja á og eins þau háleitu markmið að koma skólanum í röð 100 bestu háskóla heims eftir um áratug. Það dró ekkert úr dirfskunni þegar sú vegferð var metin og lagði hún ný markmið á borð sem miða að því að fræðasvið háskólans verði meðal tíu bestu.

Kristín kemur á hlaupum til fundarins, sem boðað var til á skrifstofu hennar. Þrátt fyrir að mikið annríki fylgi dögum fyrir brautskráningu vottar ekki á armæðu enda segir hún að sín bíði eitt af skemmtilegustu verkum rektors; að líta framan í nemendur sem taka við prófskráningu sínum.

„Þetta eru tæplega ellefu hundruð kandiðatar sem eru að útskrifast úr ellefu deildum svo þetta er fjölmennasta brautskráning háskólans hingað til. Og það er gaman að geta þess að á meðal þeirra eru tveir heyrnarlausir. Annar er Kristinn Arnar Diego sem er að útskrifast með BA-próf í félagsráðgjöf og hinn er Þórður Örn Kristjánsson með meistaraþróf í líffræði. Þar er mikill brautryðjandi á ferð því hann var fyrsti heyrnarlausni nemandinn til að ljúka grunnnámi og nú er hann fyrstur til að ljúka meistaranámi.“

En svo hefur aðsóknin heldur aldrei verið meiri. Fjöldi umsókna í matvæla- og næringarfræði hefur þrefaldast frá síðasta ári, það er 65 prósent aukning í hagfræði, tvöfalt fleiri hafa sótt um í rafmagns- og tölvuverkfræði, yfir fjörutíu prósentum fleiri í bygginga- og umhverfisverkfræði og fjörutíu prósentum aukning í lögfræði. Það er líka skemmtilegt til þess að vita að aðsóknin eykst einnig í hug- og félagsvísindum, stjórnmálafræði, félagsráðgjöf og í okkar nýju íslensku- og menningardeild. Sömuleiðis í heimspeki og sagnfræði.

Þetta er okkur mikið ánægjuþefni því við teljum að þetta endurspeglir það traust sem stofnunin nýtur í samfélaginu.“

Að lokka til sín besta fólkið

Árið 2006 gerðir þú opinber háleit markmið fyrir hönd háskólans. Þá var lögð fram fimm ára áætlun sem átti að vera stórt skref að þeim áfanga að HÍ yrði meðal 100 bestu háskóla heims eftir tíu til fimmtán ár og þótti þá mörgum djarflega teft. 100 bestu háskólar heims hafa allir innan sinna raða leiðbeinendur sem þiggja hærri laun en hægt er að ætlast til að HÍ geti borgað sínu fólki. Sýnir þetta okkur ekki að þetta séu óraunhæf markmið?

„Þetta atriði er vissulega áhyggjuþefni. Hins vegar finn ég gífurlega virðingu hjá virtum vísindamönnum úti í heimi fyrir því starfi sem hér er unnið, enda hefur fólk hér verið tilbúið að leggja mikið á sig vegna metnaðar og áhuga. Þetta eru smitandi öfl og þeir sem eru að leita að vettvangi þar sem afburðavinna er í gangi eru ekki allir að hugsa eingöngu um laun. Þeir fá mikið út úr því að starfa þar sem róid er öllum árum að góðum árangri og öflugum samstarfi. Launin eru því ekki efast í huga öllum þeim sem einna mestur fengur er í.“

Þú sagðir fyrir tveimur árum að við værum enn ekki meðal þeirra 500 bestu. Höfum við náð því markmiði?

„Það væri ekki eðlilegt að við værum komin þá langt miðað við það að við erum tiltölulega nýlega byrjuð að bjóða upp á doktorsnám.“

Leiðin að lista bestu háskóla

Eru þessi djörfu markmið virkilega raunhæf nú þegar þú metur stöðuna tveimur árum eftir að þau voru sett fram?

„Það er vissulega rétt að þetta eru djörf markmið. En við töldum að skólinn myndi best þjóna íslensku samfélagi með því að setja fram háleit en raunhæf markmið. Og við settum mælikvarða á allt okkar starf til þess að við gætum metið það hvernig okkur miðar áfram og til þess að sjá hversu raunhæf þessi markmiðasetning var. Og árangurinn lætur ekki á sér standa.“

Við settum okkur þá markmið að tvöfalda fjölda birtinga í kröfuhörðustu ritum á fimm árum. Nú, tveimur árum síðar, hefur þeim fjölgað um 35 prósent. Við settum okkur einnig það markmið að tvöfalda fjölda nýdöktora á sama tímabili. Þeim hefur fjölgað um 45 prósent. Við stefndum að því að fjölga störfum í fræðasetrum HÍ á landsbyggðinni um 100 prósent; þeim hefur nú þegar fjölgað um sextíu prósent.

Enn fremur settum við okkur það markmið að auka verulega sértektur en þær hafa aukist um 33 prósent, þannig að sértektur eru um þriðjungur af tekjum skólans. Það er mjög hátt, hvort sem við miðum við erlenda eða innlenda háskóla. Við einsettum okkur að endurskoða allt stjórn-



REKTORINN OG FRAMTÍÐIN Hver veit nema þetta unga fólk, sem þarna er í Háskóla unga fólksins, eigi eftir að útskrifast úr háskóla sem er meðal þeirra 100 bestu í heimi en þannig er framtíðarsýn Kristínar Ingólfssdóttur, rektors Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég tel mikilvægt að við miðum við það að eitt af þessum sviðum verði meðal þeirra tíu bestu á heimsvísu. Þetta verður dýrt, ég geri mér grein fyrir því, en við erum byrjuð að undirbúa þetta.“

kerfi og skipulag skólans og því verkefni höfum við nú lokið á undraskömmum tíma. Ávaxtanna af þeirri vinnu munum við síðan njóta hinn 1. júlí en þá tekur við alveg nýtt skipulag. Við sjáum því að okkur miðar vel áfram, jafnvel hraðar en búast mátti við á ýmsum sviðum, svo við erum tilbúin með ný og jafnvel enn djarfari markmið.“

Stefnt á topp tíu

„Ertu tilbúin að heyra af fleiri djörfum markmiðum?“ spyr hún og brosir við en blaðamaður sperrir eyrun. „Nú eru erfiðir tímar í þjóðfélaginu, sem er öflugasta menntastofnunin í samfélaginu, sitji ekki hjá heldur taki þátt í að styrkja okkur til framtíðar.“

Í ljósi þess hversu vel okkur hefur gengið með þau markmið sem við settum okkur viljum við nú taka stórt skref og núna á næstu fimm árum viljum við byggja upp fjögur til sex svið eða stofnanir. Það eiga að vera afburðasvið sem skara fram úr á alþjóðavísu, og ég tel mikilvægt að við miðum við að eitt af þessum sviðum verði meðal þeirra tíu bestu á heimsvísu. Þetta

verður dýrt, ég geri mér grein fyrir því, en við erum byrjuð að undirbúa þetta og ætlum meðal annars að sækja í erlenda styrktarsjóði og leita til erlendra fyrirtækja og íslensks atvinnulífs. Þó að kostnaðurinn verði drjúgur mun það hafa margfeldisáhrif þegar kemur að ávöxtunum. Já, það er eins gott að þú ert sitjandi,“ segir hún og hlær þegar hún sér undrunarsvip á blaðamanni.

„Þetta er allt í undirbúningi og munum við á næstu mánuðum skilgreina þetta nánar og ákveða valið svo ég vil ekki tjá mig mikið meira um þetta á þessu stigi. Nánari útfærsla mun liggja fyrir áður en árið rennur sitt skeið á enda. Ég get þó sagt að við munum leggja mikla áherslu á þverfræðileika, þannig að fólk úr ólíkum deildum skólans taki sig saman til að styrkja viðkomandi svið. Þetta geta verið svið sem eru í samvinnu við aðrar innlendrar stofnanir eða fyrirtæki, sem og við erlenda einstaklinga, stofnanir og háskóla. Fyrst og fremst viljum við koma á laggirnar sviði þar sem við Íslendingar getum skarað fram úr en það þýðir alls ekki að við munum leggja minni rækt við aðrar greinar.“

Þannig að þar verður lögð mikil áhersla á rannsóknir og tengingu við atvinnulífið?

„Já, þetta verða í rauninni afburðasvið í vísindum. Þau verða síðan grunnur sem við munum byggja á til að styrkja skólan faglega og skapa störf í þjóðfélaginu.“

Skiptar skoðanir um skólagjöld

Í haust verður haldinn háskólafundur þar sem formleg afstaða HÍ gagnvart skólagjöldum verður mótuð. Þá verður væntanlega kosið um málið. Nú er það svo að ef atkvæði falla jöfn á háskólafundinum verður atkvæði rektors. Ef sú staða kemur upp, hvar myndi þitt atkvæði falla?

„Ég ætla ekki að gefa það upp hér því við skulum nú fyrst sjá hvernig þetta verður borið upp til atkvæðagreiðslu.“

Það er ágreiningur um það innan menntamálanefndar hvort beri að veita skólanum heimild til að taka upp skólagjöld en þó virðist ekki hafa náðst sátt um aðra leið til að jafna stöðuna. Er nokkur önnur lausn í sjónmáli önnur en sú að veita ykkur þessa heimild?

„Það er alveg rétt að það er pólitískur ágreiningur um þetta. Ég gerði satt að segja ráð fyrir því að sú heimild yrði í frumvarpinu um opinbera háskóla sem samþykkt var nú fyrir skemmstu. Þá hefði boltinn verið gefinn yfir til okkar og við látn ákveða hvort við nýttum okkur þá heimild og þá með hvaða hætti. En í ljósi þess að það eru mjög skiptar skoðanir og ákafur ágreiningur um málið tel ég skynsamlegast að fara aðra leið.“

Hefur þú skynjað afstöðu meirihlutans hér innanhúss?

„Ég treysti mér ekki til að segja til um það. Það eru tvær deildir, viðskipta- og hagfræðideild og síðan lagadeild, sem hafa óskað mjög eindregið eftir því að skólagjöld verði tekin upp. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem það eru deildir sem eru í mikilli samkeppni. Að öðru leyti eru skiptar skoðanir innan skólans.“

Happdrætti er ekki sú leið sem háskólinn valdi

Ég hef heyrt frá öðrum að þið hafið úr meira fjármagni að móða en aðrir háskólar svo að óréttlætið snúi hreint ekki að ykkur.

„Mikið af því fjármagni höfum við fengið úr erlendum sem og innlendum samkeppnissjóðum svo þetta eru ekki peningar sem koma upp í hendurnar á okkur. Þetta er fé til rannsókna sem vísindamenn okkar sækja og afla vegna árangurs. Það er ekkert eðlilegt að ungu háskólarinn séu komin jafn langt á veg á því sviði, það tekur töluverðan tíma.“

Svo erum við með Happdrætti Háskólans sem stundum er nefnt í þessu samhengi, en það er sú leið sem okkur er gert að fara til að fá fé til nýframkvæmda, viðgerða og viðhalds. Við höfum ekki annað framlag en það meðan aðrir háskólar fá beint framlag frá ríkinu.“

Margir segja það grátlegt að HÍ skuli njóta góðs af starfsemi Happdrættis Háskólans, sem er að margra mati umdeilt. Finnst þér það óþægilegt tilhugsun?

„Þetta er sú leið sem okkur er gert að fara til að standa straum af því sem ég hef nefnt. Ef hennar nýtur ekki við verðum við að finna eitthvað annað.“

Heldur þú að þetta sé vont fyrir orðspor háskólans?

„Þetta hefur verið nokkuð umdeilt en hins vegar er það svo að þær reglur sem gilda um rekstur Happdrættis Háskólans eru mjög strangar miðað við það sem gerist í öðrum löndum. Þetta er ekki sú leið sem við höfum endilega valið, en við erum í mikilli samkeppni og okkur ber samkvæmt lögum að fjármagna þessa þætti á þennan hátt.“

Býr sig undir þúsund handtök

Nú er þetta fjölmennasta brautskráning í sögu skólans. Kvíðir þú ekkert fyrir að láta allan þennan fjölda nemenda taka um höndina á þér?

„Mér var nú alltaf kennt að taka hraustlega í höndina á fólki. Það þýðir ekki að rétta að þessum góðu nemendum hönd sem er eins og blaut tuska. Svo vissulega tekur það á. Ég var nokkra stund að jafna mig í hendinni eftir fyrstu brautskráningu mína sem rektor þannig að núna undirbý ég mig vel. Ég er með lóð heima hjá mér og hef lyft þeim af kappi undanfarið. Síðustu dagana hef ég jafnvel verið með lóðin hér á skrifstofunni þannig að ég er vel undir þetta búin.“

BMW 1 línan

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

BMW 116

5 dyra - 1,6l. - 115 hestöfl - 7,5 ltr./100km
10,9 sek./0-100km - 179 CO2 g/km

Frá kr. **3.300.000**

Fágaður

Fegraðu innkeyrsluna.



BMW 118d valinn græni bíll ársins 2008

Það kann að koma sumum í opna skjöldu að heyra nafn BMW nefnt í sömu andrá og bíla sem eru sparneytnir og umhverfisvænir. Þetta er þó niðurstaða dómnefndar sem samanstóð af 54 bílblaðamönnum frá 22 löndum og tilkynnti valið á BMW 118d sem græni bíll ársins 2008 eða „World Green Car of the Year“. Einungis einum bíl hlotnast þessi heiður ár hvert og fer afhending verðlaunanna fram á lokavöldi alþjóðlegu bílasýningarinnar í New York.

Fram kom í álit dómnefndar að EfficientDynamics kerfið væri megin ástæðan fyrir niðurstöðunni, en það er kerfi sem BMW kynnti nýlega og er orðinn staðalbúnaður í öllum nýjum BMW-bílum. EfficientDynamics stendur fyrir röð tæknilausna sem draga úr eyðslu og útblæstri en meðal þeirra er start-stop búnaður sem drepur á vél bílsins þegar hann er kyrr, eins og á ljósum, nýja aðferð við bruna eldsneytis og safngeymi fyrir umframrafmagn sem myndast við bremsun og akstur. **Því ekki að panta reynsluakstur á BMW 1-línunni, strax í dag?**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is

Bíll á mynd BMW 116 sport. Fæst aðeins í sérpöntun.



Með bílinn handa þér

How do you like Iceland?

Flug, hótél, humar og rándýrt vín. Það kostar túrista um 300 þúsund krónur fyrir eina helgi í Reykjavík. Dr. Gunnar skoðar kostnað við slíka okurferð.

John og Melinda, ímyndað Íslandsáhugafólk frá New York, skella sér til Reykjavíkur í ágúst. Þau koma á föstudagsmorgni, fara á mánudegi og gista þrjár nætur á hóteli í Reykjavík. Þau gera allt það helsta sem túristar „eiga að gera“ þegar þeir koma til Íslands. Þau eru vopnuð túristabókinni frá Lonely Planet, sem er þeirra helsta hugmyndauppspretta í ferðinni.

Þau pöntuðu flugið með góðum fyrirvara og fá miðana á 92.400 kall samtals. Ef þau hefðu ekki verið svona snemma í því hefðu þau getað lent á miðum sem kosta meira en 200.000 samtals. Hótelíð er miðlungs hótél í miðbænum, tveggja manna á 16.100 kr. nóttin.

Ein með öllu á Bæjarins bestu er fyrsta máltíð Johns og Melindu eftir að þau koma á föstudagsmorguninn. Svo fara þau í Bláa lónið til að ná úr sér þotupreytunni. Þar er komið „sumarverð“, 2.300 á mann í stað „vetrarverðs“, 1.800 á mann, en ameríska

parið tekur pakka frá Kynniserðum sem leggst á 4.400 kr. á manninn, rútan og sundið. Fersk úr lóninu fara þau á The Volcano Show. Þau mæta snemma til að eiga súrrealískt spjall við Vilhjálm Knudsen sem sérstaklega er mælt með í Lonely Planet-bókinni. Um kvöldið halda þau á Lækjarbrekku og fá sér humarveislu fyrir tvo og flösku af hvítvíni hússins, samtals 16.910 kr. Þau fara snemma að sofa en fá sér samt einn bjór á mann á hótelnarum.

Á laugardag er komið að hinum heimsfræga „Golden Circle“, 7.000 á mann til að sjá Gullfoss og Geysi. Áður fá þau sér rétt dagsins á Grænum kosti. Eftir ferðina fá þau sér fjögurra rétta „Surprise“-matseðil hjá Vín og skel og flösku af ódýrasta hvítvíninu, samtals 16.690 kr. Strax á eftir fara þau í Draugagönguna og kíkjja svo á hið heimsfræga næturlíf í Reykjavík.

Á sunnudegi er enn hamast í túristapakkanum. Þau láta tveggja hæða strætóinn keyra sig um

bæinn, 2.000 á mann. Þau fara upp í Hallgrímskirkjuturn og fara í hvalaskoðun með Eldingu, 4.100 á mann.

Þetta er síðasti dagurinn svo nú er um að gera að kaupa eitthvað. Í Rammagerðinni kaupa þau sér tvær lopapeysur (23.200 kr.), tvo boli sem stendur á Iceland (5.000 kr.), tvo stakka frá 66° Norður (27.000 kr.) ljósmyndabókina Lost in Iceland (3.790 kr.), kónnu (1.090 kr.) og staup (400 kr.). Samtals eyða þau 60.480 krónum í Rammagerðinni. Um kvöldið er það enn ein fiskimáltíðin enda mælir bókin sterklega með því. Nú eyðir parið tæplega sextán þúsund kalli á Við tjörnina.

Á mánudegi er komið að því að kveðja. John og Melinda labba á BSÍ og taka flugrútna. Svo leyfa þau sér kaffi og samloku á Kaffitári á Leifsstöð, samtals 1.760 kr.

Helgin kostaði þau rúmlega þrjú hundruð þúsund krónur, en John og Melinda sjá ekki eftir neinu. Þau koma bara aldrei aftur.

gunnarh@frettabladid.is

→ ÍSLANDSFERÐ JOHNS OG MELINDU

Flug:
92.400 kr.

Rúta í bæinn:
2.600 kr.

Gisting:
48.300 kr.



Ein með öllu og kók:
760 kr.

Bláa lónið:
8.800 kr.

The Volcano Show:
1.800 kr.

Humarveisla, Lækjarbrekka:
16.910 kr.



Tveir bjórar:
1.400 kr.

Réttur dagsins, Grænn kostur:
2.780 kr.

Draugagangan:
5.000 kr.

Surprise-matseðill, Vín og skel:
16.690 kr.

Tíu bjórar:
7.000 kr.



Hvalaskoðun:
8.200 kr.

Reykjavík City Sightseeing:
4.000 kr.

Hallgrímskirkjuturn:
800 kr.



ÓDÝRAST MEÐ STRÆTÓ? Ætli túristar komi nokkurn tímann aftur eftir okurhelgi á Íslandi?



júní 2008

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

NORRÆN SAMTÍMALIST Í BRENNIDEPLI

Carnegie Art Award



■ DJASS Á EGILSSTÖÐUM ■ TRAUSTI JÚLIUSSON ■ KJÖTBORG ■ BIRNA BJARNADÓTTIR ■ SIGUR RÓS
■ ÞÓRDÍS AÐALSTEINSDÓTTIR ■ TEITUR ATLASON ■ GRÍMAN ■ ENDURKAST ■ BENNI HEMM HEMM

ÞEGAR DRAUMAR VERÐA MANNI AÐ FALLI

Dr. Birna Bjarnadóttir skrifar

S umarið er á leiðinni. Heimsbyggðin sér þó ekki endilega fyrir sér bátsferð á lygnu vatni. Til þess er ókyrrðin of mikil, ekki aðeins á hutabréfamörkuðum heldur einnig í jarðskorpunni og veðurkerfum veraldar. Allt byrjaði þetta í vetur sem leið með drunum úr voldugasta efnahagskerfi heims, drunum sem ekki einu sinni margra metra háir snjóskafarnir á ísköldum sléttum Norður Ameríku gátu kæft. Ætli það sé tímanna tákn, að nú birtast í The New York Times, einu helsta dagblaði veraldar, greinar um brestina í hugmyndakerfi Milton Freedmans, postula frjálshyggjunnar? Eru draumaborgir hinna frjálssu markaða kannski við það að hrynja? Milton Freedman hefði að öllum líkindum neitað slíku tali. Hann trúði blint á frelsi markaðarins og notaði hvert tækifæri sem gafst til að draga í efa íhlutun ríkisins í mannlegu samfélagi. Þetta er líka maðurinn sem sagði brandara í eftirfarandi dúr: „Ef við fælum ríkisstjórn að hafa umsjón með Sahara-eyðimörkinni, myndi sandskorturinn segja til sín innan fimm ára.“ Freedman gat verið drepfundinn. Svo mikið er víst. Spurningin er hins vegar sú hvort hagfræðikerfið sem hann skóp og sem hefur legið bandarísku þjóðfélagi til grundvallar síðasta aldarfjórðunginn eða svo, hafi gengið sér til húðar. Ef svo er, hver er þá staðan í öllum þeim löndum og í raun heimsálfum sem hafa meðtekið boðskapinn um yfirburði hins frjálss markaðar?

Fyrir um það bil öld síðan byrjaði samlandi Freedmans, rithöfundurinn Theodore Dreiser, að velta fyrir sér sprungunum í bandarísku þjóðfélagi. Líkt og Freedman mátti Dreiser hafa sig allan við í kapphlaupinu um ameríska drauminn. Báðir voru komnir af innflytjendum og hvorugur naut forgjafar í lífinu. En ólíkt Freedman, sem átti eftir að byggja hagfræðikerfi sitt öðrum þræði á ímynduðum stöðum ameríska draumsins, skynjaði Dreiser ekki aðeins sköpunarkraftinn heldur einnig hætturarnar í heimalandi sínu. Skynjunin vatt upp á sig og árið 1925 lýkur Dreiser við að skrifa eina af lykilskáldsögum bandarískra bókmennta, eða An American Tragedy (Amerískur sorgarleikur).

Skáldsagan byggir á morðmáli, sem Dreiser fylgdist grannt með í dagblöðum. Ungur maður er fundinn sekur um að myrða kærustu sína. Hann hafði viljað klífa hærra í þjóðfélagsstiganum, fallið fyrir ríki stelpu og lent í vandræðum með barnshafandi alþýðustúlkuna sína. Fyrir utan að þjóna sem djúpstæð könnun á sálar- og hvatalífi mannsins, opnar morðsagan í skáldsögu Dreisers gáttirnar inn í hjarta þjóðfélagsins. Þetta er ekki gert með neinu offorsi. Ef eitthvað er hægr á öllu, líkt og tíminn standi í stað meðan dregin er upp mynd af lífi mannsins, kringumstæðum og þeim öflum sem með einum eða öðrum hætti kunna að móta örlög hans. Tregatónninn er sleginn strax á fyrstu síðum bókarinnar. Þar má sjá unga manninn í slagtoyi með foreldrum sínum og systkinum, troðandi upp í húsasundum með söng og hljóðfærslætti. Þau eru trúboðar og enginn vindur í seglunum nema hjáróma fagnaðarerindið. Líkt og sæmir bandarískum þjóðfélagsþegn, afræður ungi maðurinn að freista gæfunnar.

Ef ekki væri fyrir morðið á kærustunni, gæti persónan þjónað sem fyrirmyndarþegn í frjálssu landi. Sjálf morðið liggur hins vegar milli hluta í skáldsögu Dreisers. Það gerir sekt unga mannsins, sem er langt í frá klippt og skorin af höfundarins hendi. Skáldsagan er frekar óvenju fögur tilraun um stefið sálar-morð og hvernig skynlausar öldur samfélagsins hafa tilhneigingu til að brotna þyngst á þeim sem minna mega sín. Skáldsagan vekur lesanda einnig til umhugsunar um það hvernig bandarískt þjóðfélag sker sig enn úr hvað varðar hæfileika þeirra sem þar búa til að trúa blint á drauminn um jöfn tækifæri og jafnvel réttlæti. Slíkt er tímaleysið í skynjun Dreisers.



Menning fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði. **Ritstjórn:** Páll Baldvin Baldvinsson, Anna Margrét Björnsson, Vigdís Þormóðsdóttir. Pennar: Birna Bjarnadóttir, Dr. Gunní, Kjartan Guðmundsson, Hanna Björk Valsdóttir. **Á forsíðunni:** Wait (2006) eftir Þórdísi Aðalsteinsdóttur, 91,5 x 91,5 cm **Auglýsingar:** Stefán p.jones spj@365.is


Börn í 100 ár

Sýning sem vert er að skoða

Opið alla daga í sumar frá KL 13-18.

Safnahúsi Borgarfjarðar Bjarnarbraut 4-6 Borgarnesi S: 430 7200

safnahus@safnahus.is www.safnahus.is



Benni Hemm Hemm ásamt hjálparhellum Efri röð frá vinstri: Róbert Sturla Reynisson, Kári Hólmar Ragnarsson, Benni, Eiríkur Orri Ólafsson, Áki Ásgeirsson, Páll Ivan Pálsson og Ólafur Björn Ólafsson. Neðri röð frá vinstri: Ingi Garðar Erlendsson, Finnur Ragnarsson og Sturlaugur Björnsson.

Benni Hemm Hemm stendur í stórræðum, ný plata og stórtónleikar:

HÁALVARLEG MÁL VERÐA súrrealísk blaðra

Það er allt að gerast hjá Benedikt H. Hermannssyni og hljómsveit hans, Benna Hemm Hemm. Glæný plata rúllaði í búðir fyrir helgi og hinn 19. júní heldur hann tvenna stórtónleika ásamt Ungfóniunni í Iðnó. Nýja platan heitir Murta St. Calunga. „Nei, sá staður er nú reyndar ekki til,“ segir Benni, „en þessi nöfn koma fyrir sitt í hvoru lagi á plötunni. Mér fannst þessi titill ná vel yfir rugl-þemað sem er í gangi á þessari plötu og hann virkar sem tenging á milli staða. Murta er íslenskt dýr en Calunga er á Angóla. Ég komst nú bara að því eftir á. Þælingin hélt áfram á umslaginu. Þar sést bátur sem heitir Murta og er frá Calunga.“

Bókasafnið veitti innblástur

Benni heldur áfram að komast að kjarna plötunnar: „Lagið „Riotmand“ fjallar bæði um óeirðirnar í Danmörku og Jörund hundadagakonung. Lagið var samið í Kaupmannahöfn þar sem Jörundur var kallaður Jörundur Blátönn á sínum tíma. Svo kom hann hingað og frelsaði Íslendinga. Það var vitan-

lega háalvarlegt mál á sínum tíma, en svo verður það bara súrrealísk blaðra eftir á. Það sama má segja um óeirðirnar í Kaupmannahöfn. Það var svaka reiði en svo kemur í ljós að það sem er barist fyrir er léttvægt. Ég er að taka eftir því núna að margt á plötunni fjallar um hluti sem lúta svipuðum lög-málum; virðast alvarlegir en eru súrrealískir og léttvægir á sama tíma.“

Benni vann á bókasafni og bókmenntaleg textagerð hans ber þess merki. Lagið „Veitljóð“ er til að mynda byggt á fyrsta kaflanum í Skuggabaldri Sjóns – „Bókasafnið var innblásandi. Ég byrjaði til dæmis ekki að lesa ljóðabækur fyrr en ég byrjaði að vinna þar. Þetta var frábær vinna og frábært fólk að vinna með mér.“

Benni var farinn að fá svo oft frí í vinnunni til að sinna músikinni að hann sá sér ekki annað fært en að hætta á safninu. „Síðan þá hef ég verið á fullu, allan daginn alla daga að gera eitthvað í músík. Og er ekki farinn á hausinn ennþá. Reyndar er ágætt að vera ekki með 100 prósent bílalán á bakinu núna.“

Nýja platan óþvingaðri

Murta St. Calunga er þriðja plata Benna í „fullri“ lengd. Sú síðasta heitir Kajak og kom út árið 2006. „Þegar sú plata var gerð hafði ég mjög skýra mynd í hausnum hvernig allt átti að vera og var búinn að ákveða á hvaða rás hæ-hattið (samloku-gjöllin) átti að vera og svo framvegis. Núna var þetta allt frjálshyggja og platan græðir á því, finnst mér. Heildaryfirbragðið er óþvingaðra.“

Benni fylgir útgáfu plötunnar eftir með tvennum stórtónleikum þann 19. júní í Iðnó. Klukkan 19 verða sitjandi tónleikar fyrir börn og þá sem vilja fara snemma að sofa og klukkan 22 standandi tónleikar fyrir hina. Paul Lydon hitar upp. „Það verður troðið á sviðinu ef við komumst yfir höfuð fyrir á því,“ segir Benni. „Það verða í allt um fjórutíu manns að spila, við tíu í bandinu og þrjátíu manns í Ungfóniunni. Þetta er ótrúlega spennandi. Ég veit eiginlega ekki hversu lengi ég hef setið sveittur við að skrifa út útsetningar fyrir Ungfóniuna. Þetta hljómar ótrúlega vel á æfingum. Ég held að þetta verði alveg brjál- að!“ gunmarh@frettabladid.is

Olga Bergmann



Kjarvalsstaðir

18. maí – 31. ágúst

**Draumar um ægifegurð
í íslenskri samtímalist**

Sýningarstjóri Æsa
Sigurjónsdóttir

18. maí – 30. ágúst

Hvar er ég?

Martha Schwartz



18. maí – 30. ágúst

**Martha Schwartz –
I Hate Nature / 'Aluminati'**

18. maí – 31. desember

Jóhannes S. Kjarval

Listasafn Reykjavíkur

Roger Hiorns



Hafnarhús

15. maí – 7. september

Tilraunamaráðun/ Experiment Marathon Reykjavík

Sýningarstjórar Hans Ulrich Obrist og Ólafur Elíasson



Ásmundarsafn

Lögun línunnar

Opnunartími:

Hafnarhús daglega 10 – 17, fimmtudaga 10 – 22

Kjarvalsstaðir daglega 10 – 17

Ásmundarsafn daglega 13 – 16

Aðgangur ókeypis

Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt

Aðgangur
ókeypis

Free
admission

SIGUR RÓS

Með suð í eyrum við spilum endalaust

★★★★

Tímamótaplata sem opnar nýja möguleika

Með suð í eyrum við spilum endalaust er fimmta plata Sigur Rósar og sú fyrsta síðan Takk kom út fyrir þremur árum. Hún var unnin á skömmum tíma miðað við síðustu plötur. Upptöku og vinnsluferlið tók um tvo mánuði samtals, en platan var hljóðrituð á fimm stöðum – Mosfellsbæ, Reykjavík, London, New York og Havana á Kúbu. Um upptökustjórn sá hljómsveitin sjálf ásamt Mark Ellis sem er betur þekktur sem Flood, en hann á að baki glæstan feril sem upptökustjóri, hefur m.a. unnið með Nick Cave, PJ Harvey, Depeche Mode, Nine Inch Nails og U2. Það hefur verið töluvert talað um það í aðdraganda útgáfu plötunnar að með henni stígi sveitin skref í átt til fjöldans, tónlistin sé auðmeltari og hefðbundnari heldur en á fyrri plötunum. Meira rokk sagði einhver. Þetta er að hluta til rétt. Tónlistin á Með suð í eyrum... er fjölbreyttari og á köflum auðmeltari heldur en á fyrri plötunum, en hafi einhver búist við því að þeir Sigur Rósarmenn væru á leið yfir í eitthvað U2/Coldplay „stadium-rokk“ þá var það klárlega misskilningur. Það segir líka sitthvað um Sigur Rós að platan sem átti að höfða til fjöldans skuli fá nafnið Með suð í eyrum við spilum endalaust, ekki bara íslenskt nafn heldur langt íslenskt nafn með íslenskum bókstöfum og algerlega óframburðarhæft fyrir þorra mannkyns... Textarnir eru líka flestir á íslensku, einn þeirra er reyndar á vonlensku og annar á ensku. Í laginu All Alright syngur Jónsi í fyrsta sinn inn á plötu á ensku. Samt er Með suð í eyrum öðruvísi en fyrri plötur Sigur Rósar. Það er léttara yfir henni og inn á milli eru popplög eins og Inn í mér syngur vitleysingur. Við spilum endalaust, Góðan daginn og Ill-gresi. Platan er líka fjölbreytt. Það eru tvö stór epísk lög í stíl við fyrri verk sveitarinnar, Festival og Árabátur, en svo eru líka stutt popplög.



Með suð í eyrum við spilum endalaust er tímamótaplata fyrir Sigur Rós. Fjölbreytt og flott plata.

Uppbyggingin og hljóðfæraskipanin eru misjöfn. Jónsi syngur Ill-gresi við kassagítarundireik, en Árabátur er tekið upp með kór og símfóníuhljómsveit (90 manns í hljóðverinu í einu). Fyrsta smáskífulagið, Gobbledigook er svo alveg sér á báti, skrýtin smíð með flottum tóktum, klappi og óvenjulegri raddsetningu. Á heildina litið er Með suð í eyrum við spilum endalaust fín plata sem ætti að falla í kramið hjá gömlu Sigur Rósar-aðdáendum og vekja áhuga hjá einhverjum nýjum. Hún er ekki fullkomin svo sem, - mér finnst hún aðeins missa flugið í síðustu lögnum, en mjög góð plata engu að síður og tímamótaplata fyrir Sigur Rós. Að mínu mati kláraði Sigur Rós Ágætis byrjun-pakkann með Takk og innsiglaði hann rækilega með Hvarf/Heim. Það var því ljóst að hún þyrfti að breyta til á næstu plötu. Á Með suð í eyrum... stígur hún skref í átt til nýrra hluta. Kannski minna skref heldur en einhverjir bjuggust við, en mikilvægt skref af því að það opnar ótal nýja möguleika fyrir hljómsveitina. Sigur Rós þreifir á einhverjum þessara möguleika á nýju plötunni og skilar um leið af sér fínni plötu. Plötu sem markar upphaf nýrra tíma fyrir eina af bestu hljómsveitum Íslandssögunar.

Trausti Júlíusson



Bláir skuggar – framvarðasveit íslenskrar djasstónlistar.

Djassað á Austfjörðum í tuttugu ár

Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi fór fram í fyrsta skipti árið 1988 og fagnar því tuttugu ára afmæli sínu í ár. Hátíðin fer fram dagana 25.-28. júní næstkomandi og verður þar mikið um dýrðir.

TÓNLIST VIGDÍS ÞORMÓSDÓTTIR

Þann 23. júní 1988 setti Jón Múli Árnason, vafalaust helsti djassgeggjari þjóðarinnar fyrr og síðar, fyrstu Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi, en hátíðin hefur síðan þá náð að marka sér ótvíræða sérstöðu í íslensku tónlistarlífi sem bæði framsækin og skemmtileg. Í gegnum árin hafa margir merkir tónlistarmenn komið fram á hátíðinni og haldið eftirminnilega tónleikar, þeirra á meðal eru James Carter, Svend Asumssen, Peter Gullin og Paul Weeden. Hátíðin í ár verður að venju glæsileg; tónlistarfólk á heimsmælikvarða mætir galvaskt til leiks og framreiðir listilega tóna fyrir áhorfendur.


Jón Hilmar Kárason, framkvæmdarstjóri herlegheitanna, segir upphaf hátíðarinnar heldur látaust. „Upphafsmáður og aðalskipuleggjandi hátíðarinnar framan af var Árni Ísleifsson. Hugmyndin kviknaði víst þegar Árni var á göngu með vini sínum einhvern fagan dag; vinurinn hafði orð á því hversu fallett umhverfið er hér umhverfis Egilsstaði og hversu gaman væri að komast á djasstónleika hér. Árni tók hann á orðinu og ári síðar fór fram fyrsta Jazzhátíð Egilsstaða. Hátíðin hefur farið fram á hverju ári síðan og er því sú elsta á landinu. Ég tók við framkvæmdastjórninni árið 1996 af Árna og hef því fengið að taka þátt í eflingu verkefnisins síðan þá. Hátíðin hefur vaxið talsvert hin síðari ár og laðar að sér gesti frá landinu öllu og víðar að.“

Áhuginn fyrir hátíðinni meðal listamanna víðsvegar að úr heiminum hefur jafnframt vaxið mikið undanfarið ár og er nú svo komið að Jón segir umsóknir um þátttöku berast nær daglega frá tónlistarmönnum í öllum heims-hornum. Það er því ærið starf að velja úr hvaða listafólk hentar hátíðinni hverju sinni.

Framboðið í ár er sannarlega ekki af lakara taginu. Gítarsnillingurinn Larry Carlton og hljómsveit hans kemur frá Bandaríkjunum og fremur sinn galdur fyrir hátíðargesti. Larry Carlton þessi hefur unnið með ekki ómerkari listamönnum en Sammy Davis Jr., Herb Alpert, Quincy Jones, Paul Anka, Donald Fagen, Michael Jackson, John Lennon, Jerry Garcia, Dolly Parton, Joni Mitchell og svo mætti lengi telja. Þekktastur er hann þó líklega fyrir leik sinn með hljómsveitinni Steely Dan, en hann var lykilmáður á nokkrum af þeirra bestu plötum. Sem dæmi um afrek hans má nefna að sóló hans í laginu



Beady Belle – spennandi djassbræðingshljómsveit frá Noregi.



Larry Carlton – framúrskarandi tónlistarmaður sem gleður eyru hátíðargesta með gjörningum sínum.

Kid Charlemagne með Steely Dan er talið vera þriðja besta gítarsólo allra tíma af ekki ómerkari spámönnum en blaðamönnum tímaritsins Rolling Stone.

Hljómsveitin Bláir skuggar kemur einnig fram, en hún er skipuð nokkrum af helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar, þeim Sigurði Flosasyni, Péttri Östlund, Jóni Páli Bjarnasyni og Þóri Baldurssyni. Þeir leika blússættaða djasstónlist og halda uppi ógurlegu stuði á tónleikum sínum með hammond-orgeltónum og spilagleði. Frændur okkar í Noregi láta ekki sitt eftir liggja heldur leggja hátíðinni til hljómsveitina Beady Belle. Hljómsveitin sýnir leikur fjöruna bræðing ólíkra tónlistartegunda og hefur unnið sér það til frægðar að leika með söngvaranum vinsæla Jamie Cullum. Hljómsveitin gaf nýverið út sína fjórðu plötu sem hefur hvarvetna verið vel tekið.

Ekki má gleyma að minnast á heimaræktuðu hljómsveitina Bloodgroup. Þó svo að tónlist hennar falli seint undir djassskilgreininguna eru fáar sveitir sem standast henni snúning þegar kemur að því að skapa stemningu á

tónleikum. Að auki á hljómsveitin rætur sínar að rekja til Egilsstaða og er því vel að þátttökunni komin.

„Við reyndum eftir fremsta megni að hafa dagskrána í ár metnaðarfulla, en jafnframt skemmtilega og aðgengilega, þannig að sem flestir finni á henni eitthvað við sitt hæfi,“ segir Jón aðspurður um hátíðina í ár. „Íslensku flytjendurnir eru náttúrulega framúrskarandi og það verður klárlega upplifun að sjá Larry Carlton spila, enda er hann lifandi goðsögn í gítarheiminum. Hann kemur aðallega til með að leika þá tónlist sem hann er þekktastur fyrir, en það er rokk, blús og djass í dásamlegum hrærigraut. Hljómsveitin Beady Belle er ekki síður frábær á tónleikum; ég sá þau koma fram á djasshátíð í Noregi fyrir nokkrum árum og hef verið að reyna að fá þau hingað síðan. Nú hefur það loksins gengið upp og ég er afar spennur fyrir tónleikum þeirra.“

Jazzhátíðin á Egilsstöðum er orðinn rótgróinn hluti af menningarlífi Austurlands. Jón segir enda tónlistarlífið afar blómlegt á svæðinu. „Það er mikil tónlist í fólkum hér um slóðir og hefur alltaf verið. Ég veit svosem ekki hvers vegna það er, en hef grun um að það sé kannski vegna þess að firðirnir hér voru lengi heldur einangraðir. Fólk þyrfti einfaldlega að bjarga sér sjálft um skemmtun og þá var betra að kunna að spila og geta þannig haft ofan af fyrir sér og öðrum. Þetta er hálfgerð sjálfbjargarviðleitni.“

Miðasala á Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi er þegar hafin. Miða má nálgast á heimasíðu hátíðarinnar, www.jea.is, eða með því að senda fyrirspurn á jeajazzfest@gmail.com

*Í fyrsta skipti eru öll ástarljóð
Páls Olafssonar komin út í einni bók.*

Þórarinn Hjartarson tók ljóðin saman og rekur sögu Páls og Ragnhildar – elna frægustu ástarsögu á Íslandi. List Páls lifir enn á vörum þjóðarinnar, enda borin uppi af eldi hjartans og óvenju léttvængjuðu rími.

Þjóf sem ylfjar og gleður.

www.Salka.is



Alvar Aalto

DIMENSIONS ON WOOD - HUGMYNDIR Í VIÐ

14. júní kl. 16:00 - 31. ágúst Sýning í tilefni af 40 ára afmæli Norræna hússins. Alvar Aalto - Dimensions on Wood í samvinnu við Alvar Aalto Museum í Helsinki.

14. júní - 31. ágúst Sýningin 5 x 8 í tilefni af 40 ára afmæli Norræna hússins. Sýningin fjallar um árin '68, '78, '88, '98 og '08.

15. júní kl. 15:00 Ásdís Ólafsdóttir: „Frá náttúru til byggingar: Maison Louis Carré sem dæmi um notkun viðar hjá Alvari Aalto“.

1. - 30. júlí Þorp - það sem augað ekki sér. Ljósmyndir frá Færeyjum.

Leiðsögn um sýninguna og húsið kl. 12 á þriðjudögum og fimmtudögum í allt sumar. Einnig verður fjöldi áhugaverðra viðburða í sumar sem eru auglýstir á heimasíðu Norræna hússins, nordice.is.

Bókasafnið er opið alla daga vikunnar 12-17.
Bistro Alvar A er opið virka daga 10-17, helgar 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.

NORRÆNA HÚSIÐ - NORDENS HUS - POHJOLAN TALO - NORDIC HOUSE www.nordice.is sími: 551 7030



TRÚLAUSI GUÐFRÆÐINGURINN

PISTILL TEITUR ATLASON SKRIFAR

Pað var árið 2003 að ég skræði mig í nám í Guðfræðideild HÍ. Ekki það að ég hafi verið sérstaklega trúður eða að hugur minn hafi stefnt í prestskap, heldur þótti mér fögin sem í boði voru nokkuð spennandi. Ég hef alltaf verið svolítið heillaður af trúarbrögðum mannkyns og langaði mikið til að vita hvort það væri fótur fyrir stadhæfingum trúarbragðanna um eftirlif, karma og hið guðlega. Til að gera langa sögu stutta þá kláraði ég námið á 2 árum með fyrstu einkunn. Þennan tíma lærði ég afskaplega mikið og sennilega hafa þessi ár mótað mig meira en ég sjálfur átti von á. Kennslan öll var fyrsta flokks og sumir kennarar mínir eru mér ógleymanlegir. Sérstaklega reyndist Bjarni Randver Sigurvinsson mér vel sem og Dr. Pétur Pétursson, en þeir hjálpuðu mér og lásu yfir B.A ritgerðina mína. Tímarnir hjá Sigríði Þorsteinsdóttur voru oft á tíðum rafmagnaðir. Ég hef stundum samband við Sigríði þegar andinn kemur yfir mig í heimspekilegum þælingum.



Teitur Atlason talar um trúleysi.

Einu sinni hringdi ég í hana þegar einhver skrifaði grein í blaðið og rangtúlkaði Nietzsche. – Ég var miður mín. En svona er heimspekin yndisleg. Maður losnar ekki við hana þrátt fyrir að maður telji sig ónæman. Heimspekin er eins og vírus sem tekur sig upp á ólíklegustu

Eins og ég segi í niðurlagi þessa bloggs þá varð ég að gera upp tímann í guðfræðideildinni. Mér fannst ég knúinn til þess. Ég byrjaði að blogga að gamni mínu fyrir u.þ.b. 2 mánuðum síðan og hef verið meðal vinsælustu bloggara landsins undanfarnar vikur. Við þessi uppörvandi tíðindi sá ég að bloggíð gæti verið hinn fullkomni vettvangur fyrir þetta uppgjör. Viðbrögðin við færslunni hafa verið á einn veg, allir hrósa mér fyrir framtakið. Sérstaklega hefur verið gaman að fá póst frá fólki í háskólasamfélaginu og stuðning þaðan frá. Augljóst er að hugleiðingar mínar um trúleysi í háskólasamfélaginu hafa hitt á mark. Þegar Fréttablaðið falaðist eftir því að birta þessa færslu þurfti ég að stytta hana töluvert. Færsluna má sjá í fullri lengd á blogginu mínu. <http://teitur-teitur.blogspot.com/>

tímum. Maður fær útbrot hverra meðhöndlun eru gáfu- legar samræður. Dr. Pétur Pétursson á heidurinn af því að hafa smitað mig af öðrum vírus. Tarkovski vírusnum. Kann ég honum þakki fyrir það. Tarkovski mun héðan í frá alltaf fylgja mér, enda ólæknandi og valda mér heila(út)brotum um ókomna tíð.

Ég náði ekki að smitast af trúarvísunum og byggði mér á þessum tveimur árum upp ónæmi gegn trúarbrögðum. Í náminu var farið ytarlega yfir helstu trúarbrögð heimsins, inntak þeirra og trúarkenningar. Í guðfræðideild HÍ er það svo að fólk getur hagað námi sínu eftir áhugasviðum og tók ég félagslegan vinkil á námið frekar en trúarlegan.

GUÐ

Ég braut heilann mikið um fyrirbærið guð. Nafnorðið sem er hafið undir fræðaskipinu sjálfu. Ég kunnir orðið mikið um trúarbrögðin kristni, sögu kristninnar, helstu kenningar, helstu túlkanir, helstu birtingarmyndir, samtímasögu Nt, ritunarsögu Biblíunnar og allt það sem ætlast er til af nema sem er í guðfræðideild af einhverri alvöru. En guð var ekki þar eins og gefur að skilja. Mér fannst oft að hugmyndin um guð væri heiti grauturinn sem nemendur og kennarar læddust í kringum og enginn treysti sér til að smakka á. Eins og góður nemandi þá las ég mér til í bókum sem voru ekki á pensúminu. Á Amazon fann ég bækur sem fjölluðu um kenningar um eðli guðs. Merkilegt nokk þá voru

bestu útskýringarnar um guð og eðli guðs frá hörðum trúleysingjum.

Þegar hér var komið sögu þá varð ég æ sannfærðari um að guð eða guðir væru ekki til. Að útskýringar og fullyrðingar trúarbragðanna væru manna verk og yfirnáttúruleg vera kæmi þar hvergi nærri. Eitt er að trú á guð eða guði og annað er að fylgja einhverri hefð sem skapast hefur í kringum trúarbrögðin. Fyrir mér hlýtur trúin á guð eða guði að vera trú á yfirnáttúrulega veru eða verur en ekki einhver hefð. Í náminu var fjallað um bibliúgagnrýni á akademískan og gagnrýnin hátt sem og ritunarsögu Gt og Nt. Eitt það fyrsta sem sló mig í náminu var að boðorðin 10 eiga sér fyrirmynd frá því í samningum sem gerðir voru milli stórkonunga og „undirkonunga“. Samningar í 10 liðum sem voru alveg eins uppbyggðir og boðorðin sem hin yfirnáttúrulega vera sendi Móses á Sín- aífjalli. Boðorðin eiga sér líka fyrirmynd í Bók dauðans, trúarriti forn Egypta. – Þetta var spennandi. Hugmyndin um Satan er komin frá Zarabústra trúarbrögðunum. Einnig klassískur duality þar sem heiminn er skipt í gott og illt. Ekki minnkaði spennan þegar Nýja testamentið var tekið fyrir. Hinn sögulegi Jesús er áhugamál mitt og ég hef keypt ófáar bækurnar um efníð. Ritstíll sögunar um Jesús er afar dramatískur. Hinn minnsti verður mestur. Þrællinn verður konungur. Sá sem á ekkert á allt. Þetta eru ófgar sem virka oft á tíðum dáleiðandi. Guðir deyja ekki á krossi bara þjófar og dusilmenni. Þetta er dæmi um stílbrogð höfunda guðspjallanna. Sumar dæmisögurnar um Jesús eru undir greinilegum platónskum áhrifum og líkt og í Kóraninum þá má lesa úr guðspjöllunum pólitískar hræringar í Palestínu á ritunartíma þeirra. Ég gæti skrifað endalaust um dæmi úr Nt hvers sifjar eru ýmist platónskar, paganískar ellegar endurspeglun úr Gt. Besta dæmið um það er samanburður á sögunni um Abraham og Ísak og sögunni um Jesús. Guð skipar Abraham að forna Ísak en er stoppaður á elleftu stundu. Guð gengur alla

leið í sögunni um Jesús. Heilum guði er fórnað í þessari móður allra fórna.

Fyrirbæri á borð við Jesús, s. s. maður sem er líka guð, er til í mörgum útgáfum sem voru vinsælar á þeim tíma þegar Nt er ritað. Það sem er sameiginlegt með þessum mannguðum er t.d. að þeir eru fæddir þann 25. desember af hreinni mey. Voru kennarar, áttu lærisveina, voru sviknir, dóu á krossi eða í tré. Lágu dauðir í 3 daga og risu upp til „föðurins“. Líkindi milli mannguða fornaldar og Jesúsar eru yfirþyrmandi og sérkennilegt að lítið sé framhjá þessum fræðum í guðfræðideildinni því meira spennandi námsefni er vandfundið. Ég er þeirrar skoðunar að trúarbrögðin sem kennd eru við mannguðinn Jesús séu bræðingur úr 3 áttum. Gyðingdómi, grískri heimspeki og Hórusardýrkun. Engin trúarbrögð spretta upp af sjálfu sér. Trúarbrögð eru eins og litlar ár sem sameinast í fljót. Trúarbrögð eru hefð. Engin guð að verki.

Þegar svo kristindómurinn stöðliserast sem alvöru trúarbrögð gerist margt spennandi. Átök verða innan frumkirkjunnar sem verða traudla kölluð kristleg. Gnóstum var eytt sem og ritum þeirra. Aríusarsinnur einnig og þeir kallaðir trúvillingar. Það er svo skrytið að mest fyrirlitna frumkristna hreyfingin, gnóstar, er sú sem mest vit er í. Gnóstismi gengur út á að hver og einn sé Jesús. Hver og einn þarf að deyja, rísa upp og koma til guðs. Þetta er allt táknrænt og auðvelt að samsama sig kenningum gnósta. Um leið og leiðtogar frumkirkjunnar ákváðu að gera Jesús að alvöru manni sem var guð, lentu þeir í vandræðum sem hafa haft dramatískar afleiðingar. Þrenningarhugmyndin er sprottin úr þessum vanda.

TRÚ

Hugtakið trú er nokkuð snúið í íslensku. Það hefur 2 merkingar. Trú á að eitthvað gerist og trú á guð eða yfirnáttúru hvers konar. Sá sem trúir því að guð hafi skrifað boðorðin 10 verður þá að trú á því í alvöru, en ekki að blanda saman trú og hefð.

Þorsteinn Gylfason orðaði þetta snilldarlega:


[Guðfræði] mótmælendakirkjunnar á 19du og 20stu öld er ekki kristin trú og á meira að segja afskaplega lítið skylt við kristna trú. Og að því marki sem hún þykist vera kristin trú er hún óheilindin uppmáluð: trúleysi í nafni trúar. Að réttu lagi er kristin kirkja ekki kjörbúð þar sem við kaupum rófur og baunir en ekki saltkjöt því okkur finnst það vont og höldum að það sé eittrað. Kristinn maður verður að trú á allan kristindóm: á upprisu holdsins og erfðasýndina, á himininn og helvíti og djöfulinn sjálfan og almáttugan Guð og hans einkason. Það er allt eða ekkert, fyrr og síðar.

Mér þykir alltaf sérkennilegt þegar ég sé presta sníða kristna trú að tíðarandanum. Kristni er ekki þannig. Ef guð er óskeikull og alvitur þá skiptir hann ekki um skoðun á samkynhneigðum eftir því hvernig vindarnir blása. Guð hinna kristnu fer ekki í launkofa með t.d. álit sitt á samkynhneigð þrátt fyrir að frjálslyndar kirkjur haldi öðru fram. Staðreyndin er að guðinn í biblíunni er ekkert sérstaklega geðfelldur. Hann er ekki „kærleikur“ eða „hið góða“ eins og gjarnan er haldið fram af frjálslyndum prestum.

Ef Biblían hefur eitthvert kennivald þá hlýtur þetta kennivald að ná til allrar biblíunnar, ekki bara hluta hennar. Sá sem tekur sér það bessaleyfi að túlka bara „það sem honum finnst“, er í rauninni að setja sjálfan sig ofan en guðinn sem hann dýrkar. Það hangir nefnilega svo mikið á spýtnni eins og sagt er. Guð, skapari himins og jarðar, alvitur og alltumlykjandi skrifaði þessa bók! Ætlar einhver þokaprestur að segja mér hvaða kafla á að lesa og hverju á að sleppa? Ef hins vegar frjálslyndi póllinn er tekinn í biblíuskýringum og óþægilegu kaflarnir skýrðir í menn- ingarlegu ljósi tíðarandans á ritunartíma Biblíunnar, þá má alveg eins skoða alla kafla Biblíunnar á sama hátt. Þá er Biblían ekki með kennivald því það er búi að útskýra það burt. Hugmyndakerfi kristindóms- ins er eins og spilaborg. Það hrynur ef eitt spilið er tekið í



SÍÐBÚIN SÝN – ljósmyndir Halldórs Laxness



Sýningin verður opnuð þann 17. júní



Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15 · 101 Reykjavík
Sími 545 1400, www.thjodmenning.is
Sýningar - leiðsögn - verzlun

Opíð daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 alla virka daga nema miðvikudaga.
Veitingar á virkum dögum.
Myndlistarsýning Ástu Ólafsdóttur í verzlun.

SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Á sýningunni eru tækifærismyndir úr fórum Halldórs Laxness. Þær bera vitni um víxlverkan fjölskyldulífs, stjórnmálalífs og skáldafraða á ævi hans.

burtu. Þetta snýst um að annað hvort á að lesa Biblíuna í bókstaflegum skilningi eða í táknrænum skilningi. Að blanda þessu saman gengur ekki upp því ekkert segir til um það hvað skal túlka bókstaflega eða táknrænt. Trú er ekki það sama og hefð þótt gagnstæð fullyrðing sé haldreipi margra frjálslyndra presta í trúvörn sinni.

FÓRNIN

Ég velti lengi fyrir mér fórninni sem fyrirbæri. Fórn er í rauninni ritúal sem notað er til að friða guð eða guði. Gott dæmi er að besta bitinn af steikinni er tekinn og honum fórnað á einhvern hátt. Besta lambið er valið úr og því slátrað fyrir guðinn. Mannfórnir þekkjust í flestum trúarbrögðum. Stundum er sagt að „Jesús hafi framkvæmt hina fullkomnu fórn“. „Hann fórnaði sér fyrir þig“ eða þvíumlíkt. Aldrei er talað um krossfestingu Jesúsar sem mannfórn og að trúarbrögðin kristni séu grundvölluð á mannfórn. Það er nú samt þannig hvort sem okkur líkar betur eða verr. Samkvæmt kenningunni dó Jesús fyrir syndir manna. En hvernig gerðist það? Í einu fórnarritúali gyðinga fóru syndir ættbálksinn í lifandi geithafur og svo var hafurinn drepinn eða honum sleppt út í eyðimörkina. Með þessu móti losnuðu gyðingar við syndir ættbálksins. Það sama á við um söguna um fórnardauða Jesúsar. Syndir manna fóru einhvernvegin inn í hann og svo dó hann með syndum okkar! Þetta er ekki flóknara. Og talandi um syndir. Hvaða syndir haldið þið ágætu lesendur að um sé rætt? Það er erfðasyndin sjálf, sem Eva læsti í mannkynið um leið og hún læsti tönnunum í forboðna ávöxtinn! Málið er ekki flóknara en þetta þrátt fyrir útskýringartilraunir frjálslyndra presta til að túlka þetta á annan hátt. Að mínu áliti er frekari útþynning kristindómsins nánast útilokuð nema að stofna hreinlega til nýrra trúarbragða. Mér sýnist frjálslyndustu prestar túlka Biblíuna svo vítt að nánast ekkert er eftir af boðskapi og kennivaldi Biblíunnar.

TRÚLEYSI

Þegar ég er u.þ.b hálfnaður með seinna árið mitt í guðfræðideildinni sá ég fljótlega út að ég átti lítið sameiginlegt með samstúdentum mínum enda sjaldgæft að trúleysingjar nemi við guðfræðideild. Þetta voru sérkennileg spor sem ég var kominn í. B.A próf úr guðfræðideild og trúlaus. Hvað héldi fjölkskyldan mín? Var þetta nám til einskis? Fyrst eftir útskrift hafði ég hljótt um trúleysi mitt en í mér logaði einhver þrá til að segja það sem ég vissi, það sem ég hafði lært. Myndi ég ekki valda samstúdentum mínum vonbrigðum og þeim frábæru kennurum sem ég leit á sem vini mína? Eftir þó nokkur átök var niðurstaða mín sú að ég gæti ekki farið leynt með trúleysi. „Að vera eða ekki vera“ átti sannarlega við mig á þessu tímabili. Þessi ákvörðun að koma fram opinberlega sem trúleysingi var erfið að því leyti að ég var um leið að stimpla mig út úr fræðunum sem slíkum. Fræðum sem ég hef þó ánægju af og óbilandi áhuga á. Það er samþykkt að guðfræðingar séu ýmist trúadír ellegar þegi um trúarskoðun sína. Enginn sem ég veit um er trúleysingi. Fræðingar um trúarleg málefni eru ýmist kristnir eða þögulir. Trúleysi er enn sem komið er hálfgerð tabú í hinum akademíska heimi þótt ótrúlegt megi virðast.



Guð og maður í verki Michelangelos: „Að mínu áliti er frekari útþynning kristindómsins nánast útilokuð nema að stofna hreinlega til nýrra trúarbragða.“

Það má ekki tala um að guð eða guðir séu ekki til. Ég mun aldrei fá vinnu við guðfræðideild HÍ hvað sem ég mennta mig mikið. Það er sérkennilegt að það sé samþykkt að trúa því að maður (sem var líka guð) sem var drepinn á hinn hroðalegasta hátt, lifnaði við eftir 3 daga, flaug upp til himna til að hitta pabba sinn/sjálfan sig og mun koma til að dæma fólk til himna- eða helvítisvistar – en það er ekki samþykkt að trúa ekki að þessir atburðir hafi gerst.

Árið 2006 gekk ég í trúleysingjafélagið Vantrú. Eins og flestum meðlimum Vantrúar er mér í rauninni sama hvað fólk vill trúa á, ég áskil mér þó rétt til að gagnrýna téða trú ef mér sýnist svo. Eldurinn sem kyndir starf Vantrúar er fyrst og fremst hin opinbera bræðingur ríkis og trúar. 62. grein stjórnarskránnar, trúboð í opinberum skólum, setning Alþingis í kirkju o.s.frv. Hitt er minna um vert þegar prestar þykjast vera á einhvern hátt handhafar sannleikans og góðs siðferðis, þótt það fari í taugarnar á mér. Dæmin sanna að trúað fólk er í engu skárra í siðferðislegum skilningi en trúlausir.

Trúlausum er gjarnan núðið um nasir að vera í rauninni trúfélag og bent á ýmsa sameiginlega snertifleti trúleysis sem lífsskoðunar og trúar sem lífsskoðunar. Félagsgæta eru jú líkindi með trú og trúleysi. En mikilvægur punktur vantar. Ólíkt trú þá gerir trúleysi ekki ráð fyrir handanveruleika eins og trúarbrögð gera. Ef fólk kys að flokka trúleysi sem trúarbrögð, þá væri um leið hægt

á telja aðdæmdaklúbba knattspyrnuliða til trúarbragða enda sömu líkindi með þeim og trú í þessum víða skilningi. Það er samt skondið í allri umræðu um hvort trúleysi sé trú að útilokað er fyrir Vantrú og Siðmennt að fá skráningu sem „trúfélag“ eða lífsskoðunarfélag og fá þannig sóknargjöld frá meðlimum sínum eins og trúfélög. Það vantar nefnilega trúna á handanveruna. Ef félag á borð við Vantrú fengi skráningu sem trúfélag fengi Vantrú um 800.000 krónur árlega í formi sóknargjalda, fé sem gæti verið varið í baráttumál félagsins. Þetta er óréttur sem þarf að benda á. Siðmennt hefur barist fyrir því svo árum skiptir að fá skráningu sem lífsskoðunarfélag en aldrei fengið með áður nefndum rökum. Staðreyndin er sú að ríkiskirkjan óttast mjög um sinn hag ef Siðmennt fær skráningu sem trúfélag. Hver veit nema Siðmennt gæti eflst að burðum og orðið sambærilegt við Human-Etisk forbund í Noregi, sem er að mér skilst næststærsta „trúfélag“ landsins.

GUÐFRÆÐIDEILDIN

Guðfræðideildin sem mannaði mig, menntaði mig og skerpti á gáfum mínum og veitti þeim í þennan óvænta farveg er að vissu leiti gölluð stofnun. Í mínum huga eiga að vera skýr skil á milli hinnar trúarlegu innrætingar og hinnar fræðilegu kennslu. Það vantar einnig ýtarlegri biblíugagnrýni, kenningar um hinn sögulega Jesú, kynningu á trúarlegu umhverfi þegar Biblían er rituð, trú Egypta, kynningu

á ýtarlegri kynningu á gnóstískum ritum. Svo ekki sé talað um Júdasarguðspjall sem er merkilegasti fornleifafundur síðustu árhundraða. Ég fékk alltaf á tilfinninguna þegar „eldfím“ málefni voru til umræðu í tímum að farið væri yfir þau á hundavaði.

Ég sé fyrir mér að ríkiskirkjan reki skóla á mastersstigi sem sér eingöngu um að mennta starfsmenn sem hyggja á þjónustu innan hennar. Allt B.A. nám í HÍ ætti að vera „secular“ eða veraldlegt eins og það er kallað. Þannig eru hin akademíska kröfur HÍ tryggðar og stöðum rennt undir þá stefnu Háskólans að komst í hóp þeirra bestu í heimi.

NIÐURLAG

Ég geri mér grein fyrir því að þessi litla ritgerð er í engu tæmandi fyrir þessi 2 ár í mínu akademíska lífi. Mér hefur þó alltaf fundist nauðsynlegt að gera upp þennan tíma á einhvern hátt. Bloggið er sennilega besti miðillinn til þess. Þrátt fyrir að vera með B.A. gráðu úr guðfræðideild HÍ samhliða því að vera trúleysingi í Vantrú, lít ég ekki svo á að ég hafi kastað námi mínu á glæ. Ég menntaðist á ótal vegu þrátt fyrir að hafa fyrirgert atvinnumöguleikum mínum á mörgum sviðum. Ég bara varð að gera upp þennan tíma. Þótt að afleiðingarnar hafi sumar hverjar verið sársaukafullar – ég varð til dæmis fyrir rættinni ofsókn frá hendi formanns guðfræðinema – þá var þetta þess virði. Ég get ekki verið annar en ég er. Það er útilokað.

Sjofn Har. í Listhúsi Ófeigs

Skólavörðustíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 551 1161

INNSÝN

Sýning heldur áfram til 24. júní

Laugardaginn 17. maí opnaði Sjofn Har. sýningu á nýjum ollumálverkum sem hún nefnir INNSÝN. Í þessum verkum hefur listakonan leitað nýrra leiða í sköpun sinni í stað þess að horfa á landið í fjarska fer Sjofn inn fyrir og nær í myndheimi sínum.

Listhús Ófeigs verður opið

virka daga kl. 10 til 18
laugardaga kl. 11 til 16

enginn aðgangseyrir
allir velkomnir.

Sjofn Har art gallery/studeo • Listakálinn Hafnargötu 6 • 825 Stokkseyri
Tel (+354) 8694 0367 / (+354) 5680404 • e-mail sjofnhar@sjofnhar.com • sjofnhar.is





Jesper Just: Vicious Undertow

KRAFTUR OG MARGBREYTILEIKI NORRÆNNAR MYNDLISTAR

Listaverðlaunin virtu Carnegie Art Award voru veitt í tífunda sinn í ár og sýningin verður opnuð í Gerðarsafni hinn 18. júlí næstkomandi. Tveir öflugir íslenskir listamenn eru með verk á sýningunni, þau Þór Vigfússon og Þórdís Aðalsteinsdóttir.



Torsten Andersson: Blood-coloured Flow

Ferðasýningin Carnegie Art Award var formlega opnuð við úthlutun verðlaunanna í Kiasma-nútímalistasafninu í Helsinki og fór síðan til Osló og Kaupmannahafnar. Eftir að sýningu lýkur í Gerðarsafni fer hún áfram til Stokkhólms, London og Gautaborgar og fer svo að lokum til Nice í apríl 2009. Í ár taka 26 norrænir listamenn þátt í sýningunni og kynna alls 65 verk af fjölbreyttum toga. Verðlaunin hlutu Torsten Andersson, Jesper Just og John Kørner. Í dómnefnd sat meðal annars Gunnar J. Árnasson, lektor við Listaháskóla Íslands og listagagnrýnandi. Sýningin í Gerðarsafni stendur til 10 ágúst.

- amb



John Kørner: Outdoor Gallery



31. maí – 31. ágúst 2008



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography



Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Ópið mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · ADGANGUR ÓKEYPIS



Fjármáladeild

IKEA leitar að kraftmiklum starfsmanni í fjármáladeild. Starfið felur í sér almenn skrifstofustörf, skráningu og bókanir reikninga, afstemmingar og önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

- Reyndsla af bókhaldsstörfum skilyrði
- Þekking á Navision er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Nákvæmni, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi

Um er að ræða 50% starf þar sem unnið er frá klukkan 8:00-12:00.

Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða fylla út umsókn á <http://job.ikea.is/>
Nánari upplýsingar veita Stefán Árnason, fjármálastjóri (stefan.arnason@ikea.is) og Auður Gunnarsdóttir, starfmannasviði (audur@ikea.is) í síma 520-2500.

Umsóknarfrestur er til og með 23. júní nk.

Hjá IKEA starfa rúmlega 300 manns. Starfsmenn eru á öllum aldri, með ólíkan bakgrunn og af ýmsum þjóðernum. Við fögnum slíkri breidd og viljum meina að það sé skemmtilegt að vinna hjá IKEA, þar sem allir standa saman í því að starfrækja eina vinsælustu verslun landsins. Við ráðningu er mikið lagt upp úr þjálfun nýliða, bæði almennri sem og sértekri þjálfun.

Deloitte.

Sérfræðingur

- á sviði innra eftirlits upplýsingakerfa

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til starfa hjá Áhættuþjónustu Deloitte (Enterprise Risk Services) við fjölbreytt verkefni, m.a. úttektir á upplýsingakerfum viðskiptavina okkar og önnur verkefni tengd innra eftirliti fyrirtækja.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking á upplýsingakerfum
- Reyndsla eða þekking á endurskoðun er kostur
- Fagmannleg og öguð vinnubrögð
- Færni til að koma frá sér upplýsingum skýrt og skilmerkilega, bæði munnlega og skriflega á íslensku og ensku

Umsókn og ferilskrá, sem inniheldur upplýsingar um menntun og fyrri störf, sendist fyrir 29. júní nk. á netfangið aslaug.gudmundardottir@deloitte.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri, Áslaug Björt Guðmundardóttir, í síma 580 3000.

ÁHÆTTUÞJÓNUSTA

Áhættuþjónusta Deloitte veitir þjónustu í innri endurskoðun, úttekt á innra eftirliti fyrirtækja, m.a. innra eftirliti upplýsingakerfa, og sérhæfir sig í ráðgjöf í upplýsingaöryggi. Þjónusta deildarinnar miðar að því að mæta vaxandi notkun á upplýsingatekni í starfsemi fyrirtækja.



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

Kynnið ykkur nýjar samþykktir í launamálum leikskóla í Kópavogi.

Baugur: 570 4350

- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfari v/ sérkennslu

Dalur: 554 5740

- Störf laus frá 1. ágúst
- Leikskólak.þroskaþjálfari/leiðbein.
- Sérkennslustjóri
- Starfsmaður í skilastöðu

Efstihjalli: 554 6150

- Leikskólakennarar frá 1. ágúst

Fífusalir: 570 4200

- Deildarstjóri á yngri deild
- Leikskólakennarar
- Sérkennslustjóri 75%, afleysing

Grænatún: 554 6580

- Sérkennslustjóri 50% frá 1. ágúst
- Leikskólak/þroskaþj. 100% frá 1. ágúst

Hvarf: 570 4900

- Deildarstjórar frá 11. ágúst
- Leikskólakennarar frá 11. ágúst
- Sérkennsla, sem fyrst

Kópahvoll: 554 0120

- Leikskólakennari frá 1. ágúst
- Leikskólak/þroskaþj. í stuðning 50% f.hád.

Kópasteinn: 564 1565

- Leikskólak/leiðb. næsta haust
- Leikskólak/leiðb.timab.afleysing næsta haust

Marbakki: 564 1112

- Leikskólakennari frá 1. ágúst

Núpur: 554 7020

- Deildarstjóri 2-3 ára barna
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla

Rjúpnahæð: 570 4240

- Deildarstjóri
- Leikskólak. á deild/sérkennsla/íþróttir

Urðarhóll - Heilsuleikskóli: 554 7789

- Leikskólakennarar

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
www.job.is



Vilt þú vinna með okkur?

Ert þú jákvæður, kraftmikill og vinnusamur einstaklingur? Við leitum að sölufulltrúum í söluver Vodafone í hlutastarf eða fullt starf til að selja fjarskiptaþjónustu til heimila. Í boði er sveigjanlegur vinnutími og góð laun fyrir duglegt fólk.

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund og kurteis
- Kappsemi og metnaður
- Sölureyndsla æskileg

Farðu inn á vodafone.is og leggðu inn þína umsókn strax í dag.

Við vitum að góður starfsandi skiptir miklu máli og leggjum okkur fram við að skapa sterka liðsheild. Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp 400 starfsmanna, sem ætlar sér að ná lengra!

Lifðu núna



SKEMMTILEGT OG LIFANDI STARF



Klassíski listdansskólinn leitar að metnaðarfullum og skipulögðum einstaklingi með jákvætt hugarfar til að sjá um daglegan rekstur skólans. Starfið felur í sér umsjón skrifstofu, samskipti við nemendur og kennara skólans auk tilfallandi starfa. Um er að ræða 50% starfshlutfall.

Skilyrði er að viðkomandi hafi góða skipulagshæfni, gott vald á ensku tal- og ritmáli og góða tölvukunnáttu og þekkingu á bókhaldi. Fagmennska, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og mikil lipurð í mannlegum samskiptum eru skilyrði.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið gudbjorg@ballet.is og verður farið með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til og með 27. júní 2008.



KLASSÍSKI
LISTDANSSKÓLINN

Álfabakka 14a og Grensásvegi 14 - Sími 587 9030 - www.ballet.is

Klassíski listdansskólinn er einkarekinn balletskóli sem leggur sérstaka áherslu á þjálfun einstaklingsins og sér til þess að hann fái til þess faglega leiðsögn. Klassíski Listdansskólinn leggur áherslu á þjálfun nemenda sinna í hinum hefðbundna, sigilda þætti listdansins, jafnframt því að kynna aðra dansstíla og nýjar þróanir á sviði dansins. Jákvæð hvatning og uppbygging nemenda í minni námshópum er stór þáttur í starfi skólans. Skólinn var stofnaður 1993 af Guðbjörgu Astríð Skúladóttur, sem á að baki langan feril á sviði listdansins.

Klassíski listdansskólinn starfar eftir námskrá Menntamálaráðuneytisins en í því felst að nemendur skólans geta fengið nám sitt metið sem hluta af framhaldsnámi. Nemendur 16 ára og eldri fá nám sitt metið úr listadeild Menntaskólans við Hamrahlið.



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Starfsmenn í tilsjón 50%-100%
- Aðstoð við heimilisstörf

Roðasalir – samþýli og dagþjálfun

- Sumarafleysingar:
- Dagþjálfun
- Aðhlyning
- Sjúkraliði

Sundlaugin Versölum:

- Helgarvinna í sumar fyrir konur og karla
- Framtíðarstarf v/laugarvörslu/baðvörslu karla

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:

Fyrir skólaárið 2008-2009

- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Náttúrufræðikennari á ungl.st.

Hjallaskóli:

Fyrir skólaárið 2008-2009

- Deildarstjóri/verkefnastjóri
- Umsjónarkennarar á yngri stigi
- Námsráðgjafi 100%
- Kennari í nýbúadeild 100%
- Matráður 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

Hörðuvallaskóli:

Fyrir skólaárið 2008-2009

- Skólaliði II – gangavörður/ræstir
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%-70%

Kársnesskóli:

Fyrir skólaárið 2008-2009

- Sérkennari
- Proskapjálfi
- Náttúrufræðikennari á unglingastig
- Umsjónarkennari á miðstig

Kópavogsskóli:

Fyrir skólaárið 2008-2009

- Textílmenntakennari, 100% starf

Lindaskóli:

- Skólaliði II - gangavörður/ræstir

Salaskóli:

- Skólaliðar II – gangav/ræstar hlutastarf eða fullt starf
- Starfsfólk í Dægradvöl hlutastarf

Snælandsskóli:

Fyrir skólaárið 2008-2009

- Umsjónarkennari á unglingastig

Vatnsendaskóli:

Fyrir skólaárið 2008-2009

- Proskapjálfi
- Kennari á miðstig
- Stuðningsfulltrúi
- Dönskukennari

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is



Eðalfiskur



Eðalfiskur leitar að góðum starfsmanni á starfsstöð sína í Reykjavík. Starfið er hlutastarf og unnið frá 13- 17.

Í starfinu felst:

Afgreiðsla og umsjón pantana
Sala á afurðum félagsins
Þjónusta við sölumenn og viðskiptavini

Kröfur:

Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði
Hafa drifkraft og ríka þjónustulund
Sýna sjálfstæði
Hafa reynslu af sölustörfum
Þekking á fiskitegundum er kostur

Fyrirtækið var stofnað árið 1987 af stórhuga mönnum í Borgarfirði sem vildu vinna afurðir úr laxi, þar sem héraðið var þekkt fyrir einhverjar bestu og fallegustu laxveiðiár landsins. Framleiðsluvörum Eðalfisks hefur verið vel tekið jafnt innanlands sem erlendis, en hlutdeild útflutnings er hraðvaxandi vegna mikillar eftirspurnar. Vörumerki félagsins á innanlandsmarkaði eru: „Eðalfiskur“, „Lax er Eðalfiskur“ og „Búkonulax“. Meðal erlendra vörumerkja eru: „Gem of Iceland“ og „Iceland Supreme“.

Umsóknarfrestur er til og með 25. júní nk.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Áhugasömum er bent á að fylla út umsókn á www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur Eva Alexdóttir, eva@radning.is

Ráðningarþjónustan er samstarfsaðili VIRTUS, www.virtus.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN



Sveitarfélagið Árborg auglýsir stöðu umsjónarmanns lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5. - 10. bekk

Starfið felst í:

- Skipulagningu starfsemi lengdrar viðveru
- Einstaklingsmiðaðri þjónustu
- Samskiptum við foreldra, skóla og hinar ýmsu stofnanir sem tengjast deildinni
- Starfsmannahaldi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum með fötludum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og skipulagshæfni

Um er að ræða 50% starf eftir hádegi, möguleiki á 100% starfi.

Nánari upplýsingar veitir Borgar Ávar Axelsson, starfsmannastjóri, í síma 480-1900 eða á netfangið borgar@arborg.is

Launakjör samkvæmt kjarasamningi launanevnd sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Borgars Ávars Axelssonar, borgar@arborg.is, starfsmannastjóra, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi, í síðasta lagi 30. júní 2008, merkt: umsjónarmaður lengdrar viðveru.

Fjölskyldumiðstöð Árborgar er eitt þriggja sviða í stjórnsýslu Sveitarfélagsins Árborgar og veitir íbúum sveitarfélagsins þjónustu á sviði félags-, fræðslu-, íþrótt-, forvarna- og menningarmála með það að markmiði að efla velferðarþjónustu sveitarfélagsins og skapa fjölskylduvænt samfélag. Umsækjendum er bent á að kynna sér heimasíðu sveitarfélagsins www.arborg.is þar sem m.a. er að finna stefnu sveitarfélagsins í málaflokkum sem tengjast fjölskyldunni með einum eða öðrum hætti.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Skapandi störf með skapandi fólki

Leitað er eftir:

- Leikskólakennurur
- Proskapjálflum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Deildarstjórar

Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660
Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Múlaborg, Ármúla 8a, sími 568-5154
Rauðaborg, Víðarási 9, sími 567-2185
Rofaborg, Skólábæ 6, sími 567-2290

Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470
Kvistaborg, Kvistalandi 26, sími 553-0311
Laugaborg, við Leirulæk, sími 553-1325
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Rauðaborg, Víðarási 9, sími 567-2185
Rofaborg, Skólábæ 6, sími 567-2290
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810

Leikskólasérkennari/proskapjálfi/atferlisþjálfari

Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553 9680. Um er að ræða 80% starf
Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470

Jöklaborg, Jöklalesi 4, sími 557-1099. Um er að ræða 50% f.h.
Rauðaborg, Víðarási 9, sími 567-2185
Rofaborg, Skólábæ 6, sími 567-2290

Yfirmaður í eldhúsi

Furuborg, við Áland, sími 553-1835
Klambrar, Háteigsvegi 33, sími 511-1125
Laufskálar, Laufriða 9, sími 587-1140
Laugaborg, við Leirulæk, sími 553-1325
Sunnuborg, Sólheimum 19, sími 553-6385

Aðstoðarmaður í eldhúsi

Brekuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455. Um er að ræða 75% starf.
Hamraborg, Grænuhlíð 24, sími 553-6905
Ösp, Íðufelli 16, sími 557-6989

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólustjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á www.reykjavik.is/storf.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauðgæsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



SÉRFRÆÐINGUR Í NOTENDAÞJÓNUSTU OG KERFISREKSTUR

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við notendaþjónustu og kerfisrekstur.

Helstu verkefni Lyfjastofnunar eru m.a. Veiting markaðsleyfa fyrir lyf Umfjöllun og afgreiðslu á breytingum á forsendum markaðsleyfa Lyfjaeftirlit og lyfjagát Klinískar lyfjarannsóknir Upplýsingagjöf

Starfssvið

- Uppsetning á vél- og hugbúnaði
- Almenn notendaþjónusta
- Samskipti við birgja og þjónustuaðila
- Vinna við gæða- og öryggismál
- Þátttaka við innleiðingu upplýsingakerfa
- Önnur tilfallandi verkefni innan upplýsingatæknideildar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á tæknisviði eða Microsoft prófgráður mikill kostur
- Starfsreynsla af sambærilegu starfi
- Góð þekking á rekstri netkerfa
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil þjónustulund

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu Lyfjastofnunar www.lyfjastofnun.is

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðningar www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

FORSTJÓRI LANDSPÍTALA

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Landspítala.

Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Skipað er í stöðuna til fimm ára í senn frá 1. september 2008.

Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Landspítali er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Á spítalanum er veitt sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, m.a. á göngu- og dagdeildum, fyrir alla landsmenn og almenn sjúkrahúsþjónusta fyrir íbúa heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins. Um hlutverk hans er nánar kveðið á um í lögum um heilbrigðisþjónustu. Á Landspítala starfa á fimmta þúsund starfsmenn og er spítalinn stærsti vinnustaður á Íslandi.

Forstjóri ber ábyrgð á að Landspítali starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem heilbrigðisráðherra setur. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem spítalinn veitir og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður aðra starfsmenn spítalans.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist honum í starfi og búa yfir reynslu af rekstri og stjórnun. Gerð er krafa um mikla samskipta- og leiðtogaþæfileika.

Upplýsingar um starfið veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí n.k. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

VANTAR ÞIG**SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN,
MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**Hárgreiðslustofan á Hótel Loftleiðum
óskar eftir samstarfsaðila (stólaleiga) sem
fyrst. Uppl. í s. 616 2162 & 552 5230.**5 sjálfboðaliðar óskast
í þróunavinnu á Indlandi og í Afríku.**

Hefst í ágúst / febrúar.

14 mánuðir - 6 mánaða undirbúningur í Noregi

Hægt er að vinna með HIV- og eyðnismituðum,
við samfélagsvinnu, við menntun barna,
með kennurum og við umhverfsvinnu.Hringið núna; 0047 61264444
Sidsel@humana.org
www.drh-norway.org**RAFHOLT**

Smíðjuvegur 8 Kópavogur / Njarðarbraut 3 Reykjanesbær.

**Óskum eftir vönnum rafvirkjum
á Höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.**Næg spennandi verkefni framundan - Um er að ræða framtíðarstörf.
Upplýsingar: Helgi 695-6447. Grétar 695-6446.Rafholt ehf. er framsækið fyrirtæki sem starfar á útboðsmarkaði og í þjónustu við fyrirtæki og stofnanir.
Boðið er upp á mjög góða aðstöðu fyrir starfsmenn.
Öflugt starfsmannafélag er starfrækt hjá fyrirtækinu.

www.rafholt.is • 517-7600

VerslunarstjóriVerslunin Tiger í Smáralind óskar
eftirverslunarstjóra.**Góð mannleg samskipti, skipulagni,
reynsla og áhugi á uppstillingum
og verslunarstörfum æskileg.****Upplýsingar veitir Sandra í
síma 660-8211 eða sendið umsókn á
tiger.sandra@simnet.is****WAREHOUSE**Við erum að leita að duglegum einstaklingum
í **fullt starf** og í **hlutastarf** við almenn
verslunarstörf.**Hæfniskröfur**

- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði í starfi

Umsóknarfrestur er til **20. júní**
Ferilskrá sendist á **kboland@hbu.is**

WAREHOUSE | Kringlunni, Smáralind



**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KAMPUR
MIÐBORG OG HLÍÐAR**

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KAMPUR
ÓSKAR EFTIR STJÓRNENDUM**

Frístundamiðstöðin Kampur leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum
til að stjórna og móta starf með börnum og unglingum í Miðborg og Hlíðum.

STJÓRNANDI Í FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI .IS Í HLÍÐASKÓLA

ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Verkefnisstjórnun í félagsmiðstöð fyrir börn og unglinga á aldrinum 10–16 ára
- Skipulagning starfsins í samráði við unglinga og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra og samstarfsaðila
- Umsjón með starfsmannamálum
- Ábyrgð á og umsjón með rekstri í samvinnu við deildarstjóra
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn Kamps

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Færni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri unglingsstarfs, Helga Ingadóttir í síma: 411-5552, helga.ingadottir@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 28. júní 2008

STJÓRNANDI Í FRÍSTUNDAHEIMILINU HLÍÐASKJÓLI

ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Umsjón með starfsemi frístundaheimilis fyrir börn á aldrinum 6–9 ára
- Skipulagning starfsins í samráði við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra og samstarfsaðila
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn Kamps
- Umsjón með starfsmannamálum

HÆFNISKRÖFUR:


- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Færni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri barnastarfs, Guðrún Snorradóttir í síma 411-5563, gudrun.margret.snorradottir@reykjavik.is.

Hægt er að sækja um rafrænt á www.rvk.is/storf merkt „Frístundamiðstöðin Kampur verkefnisstjóri“.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



**Verkefnastjóri
Hag- og upplýsingasvið**

Verkefnastjóri óskast á hag- og upplýsingasviði.

Helstu verkefni:

- Skjalavarsla
- Undirbúningur funda, ritun fundargerða
- Undirbúningur og uppsetning kynningar- og fræðsluefnis
- Önnur verkefni samkvæmt nánara samkomulagi

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólapróf eða annað sambærilegt nám sem nýttist í starfið
- Góð íslenskukunnátta og haldgóð færni í tölvuvinnslu er skilyrði svo og færni í uppsetningu og framsetningu ritaðs máls.
- Reynsla af starfi á sjúkrahúsi æskileg.
- Geta til sjálfstæðra vinnubragða er nauðsynleg svo og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknnum ber að skila fyrir 30. júní 2008 á skrifstofu hag- og upplýsingasviðs til Maríu Heimisdóttur sviðsstjóra, netfang mariahei@landspitali.is, sími 824 0691 og veitir hún nánari upplýsingar um starfið. Starfið veitist frá 1. júlí 2008 eða eftir samkomulagi.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannaúsmála Eiríksstötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklusinnastaður.



Grænmetisvinnsla Verkstjóri

Vegna aukinna umsvifa óskar Holt & Gott ehf. eftir að ráða verkstjóra til starfa í vinnslu fyrirtækisins í Reykjavík.

Holt & Gott er sérhæfir sig í fullvinnslu á grænmeti, ávöxtum og salladgerð.

Umsóknir berist Holt og Gott, Fosshálsi 1,110 Reykjavík.

Nánari upplýsingar gefur Gunnlaugur Reynisson framleiðslustjóri í síma 575-6050.



Vélamenn

Vegna aukinna verkefna óskar Heimir og Þorgeir hf. eftir að ráða vélamenn. Upplýsingar veitir Rákel Ragnarsdóttir í síma 414-9701 og rachel@melar.is

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.hogth.is

Heimir og Þorgeir er ört vaxandi félag sem býður góða aðstöðu fyrir starfsmenn.

Heimir og Þorgeir ehf.
Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 414-9700.



Bifvélavirkjar, Vélvirkjar

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja, vélvirkja eða menn vana viðgerðum á vörubifreiðum og vinnuvélum. Vantar einnig mann vanan smur og olíuskiptum á smurbíl okkar.

Við bjóðum uppá góða starfsaðstöðu og góð laun fyrir réttu mennina. Frekari upplýsingar veitir Rákel Ragnarsdóttir í síma 414-9701 og rachel@melar.is eða verkstæðisformaður á verkstæði okkar að Dugguvogi 2. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu okkar www.hogth.is

Verkstæði Heimirs og Þorgeirs að Dugguvogi 2 sinnir viðgerðum á tækjum félagsins ásamt því að sinna viðhaldi á flota GG flutninga.

Heimir og Þorgeir ehf er vaxandi jarðvinnuverktaki sem býður upp á góða aðstöðu fyrir starfsmenn sína, og hefur það að stefnu að gera umhverfi starfsmanna aðlaðandi og fjölskylduvænt.



Laus störf í leikskólanum

Leikskólinn óskar eftir Leikskólakennurum, leikskólasérkennara eða þroskaþjálfara í 100% stöður einnig eru lausar 50% stöður eftir hádegi frá og með 18. ágúst 2008. Ef ekki fást fagaðilar í þessi störf verða ráðnir leiðbeinendur.

Umsóknarfrestur er til 5. júlí 2008.

Upplýsingar veita Jórunn Alda leikskólastjóri eða Hanna Gerður aðstoðarleikskólastjóri í síma 423-7620 einnig á netfangi solborg@sandgerdi.is

Nánari upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á vefsíðu leikskólans: www.leikskolinn.is/solborg



VERKFRÆÐINGUR

Flugstöðir ohf. óska eftir að ráða starfsmann til að annast verkefnisstjórnun á þróunarstofu fyrirtækisins. Þróunarstofa heyrir undir forstjóra og annast verkefni fyrir rekstrarsvið Flugstöða.

Starfssvið

Starfið felst í stjórnun eða umsjón þróunarverkefna vegna uppbyggingar flugstjórnar- og upplýsingakerfa Flugstöða. Viðkomandi mun taka þátt í hvers konar greiningarverkefnum vegna stefnumótunar, áætlanagerða og innleiðingu nýrra aðferða. Auk þess felur starfið í sér þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, einkum á sviði í flugleiðsögu.

Um framtíðarstarf er að ræða sem býður upp á ýmsa möguleika.

Hæfniskröfur

Gerð er krafa um háskólapróf í verkfræði eða sambærilegum raunvísindagreinum. Framhaldsmenntun er æskileg og kostur ef viðkomandi hefur þekkingu og reynslu af verkefnastjórnun, hugbúnaðarþróun eða viðhaldi hugbúnaðarkerfa. Einnig er nauðsynlegt að viðkomandi hafi gott vald á íslenski og enski tungu. Leitað er eftir starfsmanni sem hefur frumkvæði í starfi, ásamt góðum samskipta- og skipulagshæfileikum.

Boðið er upp á traust og gott starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og fyrirtaks vinnufélaga.

Umsóknir

Frekari upplýsingar um starfið veita Hjalti Pálsson verkfræðingur á þróunarstofu og Ingunn Ólafsdóttir starfsmannastjóri í síma 424-4000.

Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist starfsmannahaldi Flugstöða ohf., Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík, fyrir 24. júní 2008.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugstöða ohf., www.flugstodir.is

Öllum umsóknum verður svarað.

FLUGSTOÐIR
ISAVIA

Flugstöðir ohf. er opinbert hlutafélag sem tók yfir þjónustuverkefni Flugmálastjórnar Íslands þann 1. janúar 2007. Hjá Flugstöðum ohf. starfa um 230 starfsmenn. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug og alþjóðlegt flug yfir Norður-Atlantshafi. Flugstöðir leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



HRESST FÓLK ÓSKAST TIL STARFA

Gleraunnaverslunin Augastaður í Mjódd leitar að öflugum fólki til starfa í versluninni.

Afgreiðslustarf

Óskað er eftir starfskrafti til þjónustustarfa. Reynsla úr gleraunnaverslun er kostur.

Sjöntækjafræðingur

Sjöntækjafræðing vantar til starfa.

Við leitum að jákvæðu og stundvísu fólki með ríka þjónustulund og góða samskiptahæfileika. Hlutastörf í boði ef óskað er, 60-100% starfshlutfall.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Ó. Einarsson (petur.einarsson@lyfogheilsa.is), starfsmannastjóri Lyfja og heilsu, í síma 522 5807 eða Haraldur Stefánsson (haraldur.stefansson@augastadur.is), í síma 587 2123.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á haraldur.stefansson@augastadur.is fyrir 20. júní nk.

Augastaður í Mjódd er í eigu Lyfja & heilsu sem er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið.

Viðskiptavinir
Lyf & heilsa er verslunar- og þjónustufyrirtæki sem leggur áherslu á þjónustu við viðskiptavinir á sviðum sem tengjast heilsu, heilbrigði og lífsgæðum. Lyf & heilsa leitast við að auka lífsgæði viðskiptavina sinna með faglegri ráðgjöf og sölu á vörum sem standast gæðakröfur fyrirtækisins.

Starfsfólk
Hjá Lyfjum & heilsu er það viðurkennd staðreynd að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, er lykillinn að farsælum rekstri fyrirtækisins. Við viljum leggja áherslu á að byggja upp skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna.

augastaður
færir þér nýja sýn!



GRUNNSKÓLAKENningarAR

Laus störf í Garðabæ skólaárið 2008-2009

Grunnskólar Garðabæjar eru eftirsóknarverðir vinnustaðir þar sem áhersla er lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku. Í skólastefnu Garðabæjar koma fram áherslur bæjarins í skólastarfi. Þar má meðal annars nefna að taka skuli mið af þörfum hvers og eins nemanda, ýta undir skapandi hugsun og sjálfstæði sem og stuðla að góðri félags- og samskiptafærni og síðast en ekki síst að laða að vel menntað og hæft starfsfólk.

Garðabær hefur á undanförunum árum lagt sig fram við að bæta starfskjör og aðstöðu starfsmanna. Í grunnskólunum eru starfsmenn studdir í heilbrigðum lífsháttum og þeir fá tækifæri til að þróast í starfi með þátttöku í markvissri símenntun.

Hofsstaðaskóli (565 7033, margreth@hofsstadaskoli.is)

- Umsjónakennarar á yngsta stigi
- Sérkennari

Sjálalandskóli (590 3100, helgi@sjalandskoli.is)

- Umsjónakennarar í miðstigi
- Sérkennari

Umsóknir berist skólastjóra viðkomandi skóla sem veitir nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 24. júní nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ

Deildarstjóri skóladeildar

Garðabær – þjónusta til þín

Fræðslu- og menningarsvið

JÁRNIÐNAÐARMENN

Óskum eftir að ráða vana járníðnaðarmenn til starfa nú þegar eða eftir samkomulagi. Þurfa að geta starfað sjálfstætt.

Upplýsingar í síma 567-7553.
Harka ehf. Hamarshöfða 7, 110 Reykjavík



FJÖLMENNT

Íþróttakennari - stuðningsfulltrúi

Eftirfarandi starfsfólk vantar hjá Fjölmennt-
fullorðinsfræðslu fatlaðra veturinn 2008-2009:

- Íþróttakennari í hlutastarf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi framhaldsskólakennara.
- Stuðningsfulltrúa í ýms störf. Um getur verið að ræða hluta úr stöðu eða fullt starf. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi SFR.

Upplýsingar um störfin gefur Helga Gísladóttir, deildarstjóri hjá Fjölmennt. Áhugasamir hafi samband á netfangið helgag@fjolmennt.is Umsóknarfrestur er til 30. júní.

Fjölmennt er miðstöð símenntunar sem þjónar fótluðu fólki frá 20 ára aldri og býður fjölþætta símenntun og ráðgjöf. Stefna Fjölmenntar er að skapa fótluðu fólki möguleika til aukinnar þátttöku í lífi og starfi samfélagsins á við aðra þjóðfélagsþegna.



Iðnaðarmenn

Við óskum að ráða iðnaðarmenn til starfa í dagvinnu og á vaktir hjá Norðuráli á Grundartanga

Hvaða kröfur gerum við?

- Sveinspróf í viðkomandi iðngrein eða að umsækjandi stefni í sveinspróf innan árs
- Áhugi, góð samskiptahæfni og geta til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir

Hvað veitum við?

Við bjóðum þér traust og gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefni eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á rafeindabúnaði og samskipta- og viðvörðunarkerfum Norðuráls, með aukinni áherslu á fyrirbyggjandi viðhald.

- Starfsþjálfun og símenntun
- Nýtt mótuneyti á staðnum
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd
- Fyrirtækið greiðir þér aukið framlag í lífeyrissjóð

Hjá Norðuráli starfar öflugt starfsmannafélag sem stendur reglulega fyrir ýmsum áhuga-
verðum uppákomum.

Nánari upplýsingar veitir:

Einar F. Björnsson, viðhaldsstjóri,
Lárus Hjaltsted, yfirvaktstjóri og
Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri
starfsmannasviðs, í síma 430 1000.

Hvernig sækir þú um?

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir
1. júlí n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins,
www.nordural.is, sent umsókn þína á
netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt
umsóknina merkt: Iðnaðarmaður.

Trúnaður

Við förum með umsókn þína sem
trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla
og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefni margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnifræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.



Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Forstöðumaður

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumanni á heimili fatlaðs fólks á Seltjarnarnesi.

Ábyrgðarsvið:

- Fagleg þjónusta og rekstur
- Starfsmannahald
- Samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila
- Áætlanagerð

Menntun og hæfniskröfur:

- Proskapjálfun eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra
- Góð samskiptahæfni
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og drifkraftur
- Stjórnunarreynsla

Í boði er:

- Spennandi framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími
- Faglegur stuðningur, fræðsla og námskeið
- Samstarf við aðra stjórnendur

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum fjármálaráðherra og aðildarféлага innan BHM eða SFR. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness, www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 29. júní nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtíamavistunum.



Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15,
Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is



Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

Starf við lyfjablöndun

Í starfinu felst:

- Uppvigtun hráefna
- Blöndun og frumvinnsla hráefna
- Samsetning á vélum
- Skjalfesting

Hæfniskröfur:

- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir hæfni til að tileinka sér starfsemi á sérhæfðum vélbúnaði
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Iðnmenntun eða sambærileg menntun er æskileg

Vinnutími:

- Unnið er vikunni í senn á dag- og kvöldvöktum og sjöttu hverja viku á næturvöktum

Vélamenn í þökkun

Í starfinu felst:

- Tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningar, breytingar og stillingar á þökkunarlinum
- Uppkeyrsla á þökkunarlinum
- Vélakeyrsla við kartona- og þynnupökkun
- Skjalfesting

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun og/eða reynsla af vinnu við vélar er æskileg
- Reynsla eða þekking úr sambærilegum iðnaði er kostur
- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir þjónustulund, samskiptahæfni, nákvæmni og þolinmæði

Vinnutími:

- Unnið er á þrjúskiptum vöktum, viku í senn á hverri vakt

Actavis veitir starfsmönnum sínum árlega styrki til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks. Við höfum gott mótuneyti og öflugt starfsmannafélag auk þess sem ein af líkamsræktarstöðvum World Class er í húsakynnum Actavis að Dalshrauni 1.

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Nánari upplýsingar veita **Arna Garðarsdóttir, agardarsdottir@actavis.is** og **Aðalheiður Rúnarsdóttir, adrunarsdottir@actavis.is**. Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **23. júní n.k.**

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



Heilsuverndarstöðin veitir þjónustu á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilbrigðisþjónustu.

Hjá Heilsuverndarstöðinni starfar sterkt teymi færustu sérfræðinga á sínu sviði.

Starfsmenn Heilsuverndarstöðvarinnar eru rúmlega 100 talsins; hjúkrunarfræðingar, læknar, sjúkráþjálfarar, iðjuþjálfarar, sjúkraliðar, sjúkraflutningamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn og fleiri sérfræðingar.

Stefna Heilsuverndarstöðvarinnar er að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks. Heilsa og velferð starfsmanna er höfð í fyrirrúmi.

Sjá nánari upplýsingar á: www.heilsuverndarstodin.is



HEILSUVERNDARSTÖÐIN

Hjúkrunarfræðingar

Við leitum eftir fleiri frábærum hjúkrunarfræðingum!

Við leitum að einstaklingum sem eru faglega framúrskarandi, sjálfstæðir, sveigjanlegir og með góða samskiptahæfileika. Á móti bjóðum við fjölbreytt verkefni og skemmtilegt samstarf. Möguleikarnir eru margir en þeir fela allir í sér góða tekjumöguleika fyrir gott fólk. Um er að ræða tímavinnu með möguleika á fastráðningu. Vinnuhlutfall og vinnutími sveigjanlegur.

Hjúkrunarfræðingar

Viðkomandi þarf að hafa íslenskt starfsleyfi og löggildingu. Íslenskukunnátta áskilin. Litið er á það sem kost ef hjúkrunarfræðingar sem sækja um hafi til að bera fjölbreytta þekkingu í faginu. Æskilegt að viðkomandi sé faglega sjálfstæður, úrræðagóður og skapandi.

Lögð er áhersla á:

- Jákvætt viðhorf og áhugi
- Sveigjanleika og aðlögunarhæfni
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Heiðarleika og faglegan metnað
- Hæfileika í samskiptum og samvinnu

Upplýsingar um störfin veitir Björg Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur, netfang: bjorgs@heilsuverndarstodin.is eða í síma 458 9000 / GSM 695 5919.

Umsækjendur eru beðnir að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@heilsuverndarstodin.is, sakavottorðs er krafist. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2008.

BLIKKSMÍÐJAN
Ættir 1/4

Starfsmenn óskast
í alhliða blikk- og járnsmíðavinnu
og einnig í galvanhúðun.

Upplýsingar veitir Haraldur í s. 895 0072



Vörubílstjóri - Smíður.

Vegna mikilla verkefna vantar okkur sjálfstæðan vörubílstjóra. Kostur er að viðkomandi sé vanur kranavinnu. Einnig vantar okkur smíð vanan pallasmíði. Góður starfsandi og góður aðbúnaður. Upplýsingar gefur Kjartan í síma 896-7202, kjartan@lod.is



Hnit var stofnað árið 1970 og hefur frá upphafi veitt alla almenna verkfræðiráðgjöf. Fyrirtækið hefur stækkað jafnt og þétt og byggir sá vöxtur á mannaúdi og faglegum vinnubrögðum. Hnit hf hefur umtalsverða starfsemi erlendis og hjá samstæðunni starfa í heild um 200 manns. Hnit fékk gæðavottun á starfsemi sína frá hinu virta fyrirtæki British Standard Institute árið 2005.

Verkfræðistofan Hnit hf óskar að ráða:

Verkfræðinga Tæknifræðinga

Verkfræðistofan Hnit hf leitar að fólki í eftirfarandi störf:

Verk-/tæknifræðingar: Framkvæmdaráðgjöf og eftirlit

Leitað er að verk- eða tæknifræðingum í verkefnisstjórnun og framkvæmdaefirlit. Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og skulu hafa minnst 3 - 5 ára reynslu af verkefnisstjórnun, framkvæmdaefirliti eða stjórnun verklegra framkvæmda.

Verkfræðingar: Burðarþolshönnun

Leitað er að verkfræðingum með minnst 3 - 5 ára starfsreynslu í hönnun mannvirkja úr steinsteypu, stáli og timbri. Æskilegt er að viðkomandi hafi MS-gráðu í verkfræði.

Verk-/tæknifræðingar: Veghönnun og þéttbýlistækni

Leitað er að verkfræðingum eða tæknifræðingum sem lokið hafa háskólanámi. Starfið felst í þéttbýlistækni, veg- og gatnahönnun og er afar fjölbreytt. Reynsla er æskileg, en ekki skilyrði.

Umsóknir um ofangreind störf sendist á Harald B. Alfreðsson, framkvæmdastjóra Hnits hf. hba@hnit.is eða á skrifstofu Hnits að Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.



Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftirfarandi störf.

Matráður við nýjan leikskóla á Selfossi

Nýr leikskóli verður opnaður við Norðurhóla 3 á Selfossi í ágúst 2008.

Uppeldislegar áherslur byggjast á hugmyndafræði Loris Malaguzzi. Markmið í hugmyndum Malaguzzi er að hvetja börnin til þess að nota öll skilningarvit sín, mál sín hundrað og vinna markvisst að því að virkja skapandi og frumlega hugsun hjá börnum. Starfsaðferðir í leikskólanum miða að því að gera börnin að sjálfstæðum einstaklingum með frumkvæði og jákvætt viðhorf til sjálfrá sín og annarra. Börnin eru hvött til að hjálpa sér sem mest sjálf og þarf því að gefa þeim nægan tíma til að leysa verkefni sem þau eru að fást við hverju sinni. Leikskólinn er 6 deilda. Nánari upplýsingar gefur Helga Geirmundsdóttir leikskólastjóri í síma 482-1230. Um er að ræða 100% starf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla á sviði matreiðslu og rekstri eldhúsa.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Metnaður í starfi.

Leikskóla- og sérkennara við Leikskólann Álfheima á Selfossi

Leikskólinn Álfheimar auglýsir eftir leikskólakennurum og sérkennurum. Álfheimar er umhverfisvænn leikskóli sem fékk Grænfánann 12. júní 2008 til næstu 2ja ára. Gott félagslegt andrúmsloft er skapað í vel skipulögðu uppeldisumhverfi þar sem börn og starfsfólk fá notið sín og tækifæri til að þroska eiginleika sína fordómalaust. Nánari upplýsingar um starfið gefur Ingibjörg Stefánsdóttir, leikskólastjóri, í síma 480-3240. Um er að ræða 100% störf

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélaga.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til Borgars Axelssonar, starfsmannastjóra, borgar@arborg.is að Austurvegi 2, 800 Selfoss fyrir 29. júní nk. merkt viðeigandi starfi. Umsóknareyðublöð liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi.

Leikskólakennari við Leikskólann Árbæ

Leikskólinn Árbær, Fossvegi 1, Selfossi auglýsir eftir leikskólakennurum.

Árbær er heilsuleikskóli, aðaláhersla er lögð á hreyfingu og heilsu, umhverfismennt og félagslega færni. Markmið leikskólans er fyrst og fremst að leggja áherslu á félagslega færni einstaklingsins. Hugmyndafræði leikskólans byggir á kenningum Howard Gardner og Daniel Goleman. Nánari upplýsingar um starfið gefur Sigríður Pálsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri í síma 4803252. Um er að ræða 100% starf

Leikskólakennari við Hulduheima Selfossi

Leikskólinn Hulduheimar auglýsir eftir leikskólakennara. Leikskólinn starfar í ljósi hugmyndafræði John Dewey. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem er lýst á einfaldan hátt í einkunnarorðunum að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu. Kennsluáðferðir leikskólans byggja á Könnunaraðferðinni. Nánari upplýsingar veitir Eygló Aðalsteinsdóttir, leikskólastjóri í síma 480-3282. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastörf.

Menntunar- og hæfniskröfur í framangreind kennarastörf

- Leikskólakennaramenntun,
- Reynsla af kennslu eða uppeldisstörfum æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og metnaður í starfi

Ef ekki fást leikskólakennara eða aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn til starfa er áhugasömum sem hafa hug á því að starfa með börnum bent á að sækja um starf í leikskólunum. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

ATVINNA

Samkaup Úrval, Ísafirði Starfsmaður í kjötdeild

Samkaup Úrval, Ísafirði óskar eftir starfsmanni í kjötdeild. Starfið felur m.a. í sér að sjá um kjötborð verslunarinnar.

Tilvalið fyrir kjötiðnaðar eða matreiðslumenntað fólk. Ekki er gerð krafa um áður upptalda menntun en þekking og reynsla við meðhöndlun á fersku kjöt og fiski er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra í síma 456-5460 og 861-4668 eða í netfang kristjank@samkaupurval.is

Samkaup **úrval**

VERKEFNISSTJÓRI GRÆNFÁNANS HJÁ LANDVERND

Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf sem öflugur einstaklingur fær tækifæri til að móta og þróa. Verkefnisstjóri Grænfánans tekur einnig þátt í stjórn Globe verkefnisins. Verkefnisstjórinn annast samskipti við alþjóðasamtök Grænfánans, Eco-Schools. Um Grænfánann má lesa á www.landvernd.is/graenfanann

Yfir hundrað skólar á öllum skólastigum um allt land taka þátt í Grænfánaverkefninu. Verkefnisstjóri leiðbeinir skólum og metur, ásamt stýrihópi verkefnisins, hæfi skólanna til að flagga Grænfánanum.

Verkefnisstjórinn þarf að hafa frumkvæði, geta unnið sjálfstætt og með öðrum, hafa kennsluréttindi og reynslu af skólastarfi. Háskólamenntun á sviði náttúruvísinda er æskileg.

Umsókir, ásamt ferillsskrám, óskast sendar á netfangið landvernd@landvernd.is fyrir 8. júlí nk.



LANDVERND
www.landvernd.is



Áhugaverður vinnustaður

Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum er áhugaverður vinnustaður með fjölbreytta starfsemi, sem samanstendur af heilsugæslustöð og sjúkrahæð.

Við stofnunina er öflug sjúkra- og iðjuþjálfun. Stöðugildi lækna eru fjögur og þar er námsstaða í heimilislækningum. Egilsstaðalæknishérað er viðáttumikið og dreifbýlt, en með stórt og vaxandi þéttbýli, Egilsstaði-Fellabæ. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað er í klukkustundar akstursfjarlægð með góða þjónustu skurðlæknis, lyflæknis og svæfingalæknis og þar er röntgendeild með sneiðmyndaðækni.

Afleysingalæknir óskast

Óskum eftir að ráða lækni í afleysingar í 1/2 ár frá 1. sept 2008. Möguleiki á framlengingu.

Um er að ræða 100% starf við Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum.

Laun skv. Kjarasamningum. Útvegum húsnæði.

Umsóknarrestur er til 1. júlí nk. Frekari upplýsingar veita Óttar Ármannsson yfirlæknir í síma 470 3000 eða ottar@hsa.is og Þórhallur Harðarson, fulltrúi forstjóra í síma 470 3000 eða thorhallur@hsa.is

Egilsstaðir sími 470 3000 • Fax 471 1971
Lagarás 17 - 19 • Opið alla virka daga frá 8-16



Leikstjóri óskast

Halaleikhópurinn auglýsir eftir metnaðarfullum leikstjóra fyrir leikárið 2008 - 2009.

Æskilegt er að viðkomandi komi með hugmyndir að verkefni.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí 2008.

Nánari upplýsingar gefur Ása Hildur Guðjónsdóttir formaður, í síma 692-3630 eða á asahildur@halaleikhopurinn.is



Grunnskólakennarar óskast til starfa í Vík í Mýrdal

Við Grunnskóla Mýrdalshrepps í Vík í Mýrdal eru lausar til umsóknar tvær stöður umsónarkennara frá og með næsta skólaári 2008-2009.

Umsónarkennara á mið og unglíngastig. Æskilegar kennslugreinar, stærðfræði, náttúrufræði og íslenska

Aðrar kennslugreinar eða námshópar koma til greina. Við leitum að áhugsömum kennurum með mikinn áhuga á skólastarfi og skólaþróun.

Grunnskóli Mýrdalshrepps er fámennur samkennsluskóli. Við skólann starfar öflugur og samhentur hópur starfsfólks sem tekur nýju starfsfólki fagnandi. Frekari upplýsingar um skólann og sveitarfélagið má finna á <http://gsm.ismennt.is/> og www.vik.is

Umsóknarfrestur til 1. júlí

Nánari upplýsingar gefur Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri í síma 866-7580, 895-3936.

Netfang: kolbrun@ismennt.is



SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Staða bókasafns- og upplýsingafræðings í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið auglýsir stöðu bókasafns- og upplýsingafræðings í skjala- og bókasafni ráðuneytisins lausa til umsóknar.

Verkefni:

- Þátttaka í daglegum rekstri skjala- og bókasafns ráðuneytisins
- Fræðsla og þjónusta við starfsmenn ráðuneytisins á sviði skjala- og upplýsingamála, þ.m.t. notkun Lotus Notes skjalastjórnkerfisins Málaskrár
- Önnur verkefni sem tengjast skjala- og upplýsingamálum ráðuneytisins s.s. viðhaldi heimasíðu

Menntun- og hæfniskröfur:

- BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði eða aðra sambærilega menntun
- Þekking og reynsla af skjalastjórn og rafrænum skjalastjórnkerfum æskileg
- Góð íslenskukunnátta ásamt kunnáttu í ensku og einu norðurlandamáli
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt samningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Um er að ræða fullt starf og heyrir starfsmaðurinn undir deildarstjóra skjalasafns ráðuneytisins. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík fyrir 30. júní 2008. Æskilegt er að starfsmaður hefji störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Laufey Ingibjartsdóttir, deildarstjóri skjalasafns, í síma 545 8300.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
10. júní 2008

www.stjr.is/slr
postur@slr.stjr.is



Reykjavíkurborg Velferðasvið

Verkefnisstjóri tómsunda og forvarna

Laust er til umsóknar starf verkefnisstjóra tómsunda og forvarna á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Um framtíðarstarf er að ræða.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts býður upp á þverfaglegt vinnuumhverfi, frábæran starfsanda og sveigjanlegan vinnutíma.

Helstu verkefni:

- Stjórnun og stefnumótun tómsunda- og forvarnarmála í Árbæ og Grafarholti
- Frístundaráðgjöf og félagsauðsvinna
- Umsjón með rekstri félagsmiðstöðvarinnar Hraunbæ 105
- Umsjón með heimasíðu þjónustumiðstöðvarinnar

Menntun- og hæfniskröfur:

- Sérfræðimenntun á háskólastigi, sem nýtist í starfinu

- Þekking og reynsla af stjórnun nauðsynleg
- Þekking og reynsla af þverfaglegri vinnu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri í síma 411-1200, netfang: solveig.reynisdottir@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjendum er bent á að sækja um starfið á www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2008.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Reykjavíkurborg Fjármálaskrifstofa



Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Leitum að leiðtoga fyrir bókhaldsdeildina okkar

Um þessar mundir er bókhaldsdeildin að sameinast öðrum deildum fjármálaskrifstofu í nýju húsnæði við Höfðatorg í Reykjavík. Við ætlum okkur við þessi tímamót að endurskipuleggja alla starfsemi fjármálaskrifstofu með það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu við stjórnendur hjá Reykjavíkurborg.

Við leitum að starfsmanni með þekkingu á bókhaldi og reynslu af stjórnun til að leiða bókhaldsdeildina og taka þátt í uppbyggingu á starfsemi fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Við metum mikils samskiptahæfni og færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og áhuga á þátttöku í öflugu stjórnendateymi. Þekking á bókhaldi er nauðsynleg og þekking á bókhaldskerfi Agresso æskileg. Menntun á háskólastigi á sviði viðskipta- eða rekstrarfræða áskilin.

Við bjóðum uppá fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum uppá þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna og tækifæri til símenntunar og starfsþróunar. Við viljum tryggja gæði þjónustunnar með áhættustýringu og skilvirkum verkferlum.

Helstu verkefni eru dagleg stjórnun og fyrirvar fyrir bókhaldsdeild, faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf um bókhald, afstemmingar og mannauðsmál.

Laun eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri, (bbs@rvk.is) og Sigríður Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri bókhalds (sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is)

Umsóknir skulu berast í síðasta lagi 25. júní n.k. til Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Ráðhúsi Reykjavíkur, eða á ofangreind netfang, merktar "Umsókn um starf deildarstjóra bókhalds"

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Skólaskrifstofa Gardabæjar er eftirsóknarverður vinnustaður þar sem áhersla er lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku starfsmanna, ánægða viðskiptavini og framúrskarandi þjónustu. Í skólafestun Gardabæjar koma fram áherslur bæjarins í starfi leik- og grunnskóla. Þar kemur fram skýr afstaða til þess að skólar í Gardabæ þrói starfsaðferðir og kennsluhætti sem taki mið af þroska og þörfum hvers einstaklings. Þannig er tekið tillit til þess að í öllum hópum eru ólíkir einstaklingar sem eiga rétt á að þroskast og nema í samfélagi við aðra nemendur.

Skólaskrifstofan er hluti af bæjarskrifstofum Gardabæjar en þar eru 40 starfsmenn. Á bæjarskrifstofunum eru starfsmenn studdir í heilbrigðum lífsháttum og þeir fá tækifæri til að þróast í starfi meðal annars með þátttöku í símenntun. Á þann hátt vill Gardabær laða til starfa áhugasamt, hæft og vel menntað starfsfólk.

TALMEINAFRÆÐINGUR

Laust er 50-75% starf talmeinafræðings/talkennara á skólaskrifstofu Gardabæjar

Leitað er að einstaklingi með góða samskipta- og skipulagshæfni sem bæði getur unnið sjálfstætt og í teymi ásamt því að hafa góða reynslu af starfi með börnum.

Menntun:

- Talmeinafræðingur eða talkennari
- Kennsluréttindi æskileg

Ábyrgðarsvið:

- Greining á málþroska og framburði barna
- Ráðgjöf við kennara og foreldra varðandi málskilning, máltjáningu og framburð
- Kennsla barna með seinkaðan málþroska, málhamlanir og framburðarfrávik

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf berist deildarstjóra skóladeildar (oddnye@gardabaer.is, 525 8500) sem veitir nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 29. júní nk.

Deildarstjóri skóladeildar

BIFVÉLAVIRKJAR

Bifvélavirkja vantar til sumar-
afleysinga gæti hugsanlega
orðið heilsársvinna.

Fjölbreytt og skemmtileg vinna

Bílaumboðið SAGA
Malarhöfða 2a
5709900

SAGA



DUCATI



Akraneskaupstaður

Sálfræðingur

Laus er staða sálfræðings við sérfræðipjónustu skóla Akraneskaupstaðar. Um er að ræða afleysingastöðu til eins árs frá 1. ágúst 2008. Starfið býður upp á margvíslegt og áhugavert samstarf við aðila innan skóla og utan svo sem í barnateymi sem starfrækt er í samvinnu við heilsugæslu.

Á Akranesi eru 6500 íbúar, tveir grunnskólar með um 1000 nemendur og fjórir leikskólar með um 400 nemendum.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí n.k. Nánari upplýsingar gefur sviðsstjóri fræðslu-, tólmstunda- og íþróttasviðs í síma 433 1000, netfang: helgag@akranes.is. Umsóknum skal skila til Akraneskaupstaðar, Stíllholti 16-18, 300 Akranesi.



Salurinn

SALURINN Í KÓPAVOGI LEITAR AÐ KYNNINGARSTJÓRA

Óskað er eftir metnaðarfullum og jákvæðum starfsmanni með reynslu á sviði kynningar- og markaðsmála og áhuga á tónlist.

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi
- Reynsla af kynningar- og markaðsstarfi
- Góð tök á íslensku máli og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Færni og lipurð í samskiptum og samstarfi
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Meðal verkefna

- Yfirumsjón með kynningar- og markaðsmálum
- Samskipti við fjölmiðla og gerð fréttatilkynninga
- Umsjón með auglýsingum og dreifingu
- Þátttaka í vinnslu og gerð tónleikaskráa
- Að kynna Salinn sem funda- og ráðstefnusal

Helstu markmið

- Bæta þjónustu og tengsl við viðskiptavinum
- Endurspeglar sérstöðu Salarins
- Efla íslenskt tónlistarlíf

Umsóknir ásamt ferilskrám og myndum berist fyrir 10. júlí 2008 á netfangið vigdis@salurinn.is



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMRITARI

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir að ráða dómritara í fullt starf frá 25. ágúst n.k. Viðkomandi þarf að hafa góða almenna menntun, stúdentspróf er æskilegt. Íslensku- og tölvukunnátta þarf að vera mjög góð, svo og færni í ritvinnslu. Leitað er að duglegum og samvissusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og á auðvelt með mannleg samskipti. Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur skulu sendar Héraðsdómi Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík, merktar skrifstofustjóra, eigi síðar en 3. júlí n.k. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða. Tekið er á mót umsóknum rafrænt á netfangið olof@domstolar.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristbjörg Steingrimsdóttir í síma 560-4900. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Reykjavík, 12. júní 2008

Helgi I. Jónsson, dómstjóri
Dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík
www.domstolar.is

Dómhúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

Sími 560 4900 · Fax 562 2166

heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is

www.domstolar.is

Verkfræðistofan AFL leitar að starfsfólki til að bætast í öflugan hóp sérfræðinga sinna

Iðnaðar og hússtjórnarsvið

Leitað er að rafmagnsverk- eða tæknifræðingi til starfa á iðnaðar- og hússtjórnarsviði. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum fyrir iðnað, orkufyrirtæki og í stórum byggingum. Um er að ræða hönnun, forritun, prófanir og gangsetningu margvíslegra stjórnkerfa.

Hugbúnaðarsvið

Hugbúnaðarsvið leitar að rafmagnsverkfræðingi eða tölvunarfræðingi. Um er að ræða verkefni á sviði gagnasöfnunar og úrvinnslu og notendaskila. Æskileg er reynsla af notkun Oracle og SQL Server gagnagrunna og forritun í Visual Studio .Net umhverfi.

Verkfræðistofan AFL er aðili að Félagi ráðgjafarverkfræðinga og vinnur samkvæmt vottuðu gæðakerfi.

Umsóknir skal senda fyrirtækinu merkt "Starfsúmsókn" fyrir 1. júlí 2008.

Frekari upplýsingar veita Júlíus Karlsson
og Jón Vilhjálmsson í síma 580 7700.



Verkfræðistofan AFL hf, Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík.

AFL
Verkfræðistofa

Framkvæmdastjóri Textilseturs Íslands ses. á Blönduósi

Textilsetur Íslands óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Gert er ráð fyrir að viðkomandi verði með aðsetur á Blönduósi.

Helstu verkefni og skyldur:

- Annast daglegan rekstur
- Mótun stefnu og starfstílhögunar
- Mótun og framkvæmd markmiða í samvinnu við stjórn og fagaðila
- Fjáröflun
- Gerð fjárhagsáætlunar
- Umsjón með ráðstefnum, námskeiðum ofl.
- Önnur þau verkefni sem stjórn felur framkvæmdastjóra

Kröfur um menntun og reynslu:

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Skriflegar umsóknir, sem tilgreina m.a. menntun og fyrri störf, skulu sendar á skrifstofu Blönduósbæjar, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi, og merktar „Framkvæmdastjóri Textilseturs Íslands“.

Umsóknir skulu jafnframt sendar rafrænt á arnar@blonduos.is

Umsóknarfrestur er til 4. júlí n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Þór Sævarsson, Netfang: arnar@blonduos.is

TEXTILSETUR ÍSLANDS
Icelandic Textile Center
www.textilsetur.is



Ás styrktarfélag er öflugt félag sem byggir á traustum grunni Styrktarfélags vangefinna og leitar að traustu fólki til starfa sem fyrst. Störf sem í boði eru:

Ás vinnustofa,

óskar eftir starfsmanni í sumarafleysingar. Um er að ræða dagvinnu, 100% starf. Ás vinnustofa er verndaður vinnustaður í Brautarholti 6. Þar er lögð áhersla á að skapa fólki með skerta starfsgetu vinnuáðstöðu sem sniðin er að þörfum þess og getu. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi og bæta starfshæfni. Í Ási starfa um 50 starfsmenn. Nánari upplýsingar veitir Halldóra Þ. Jónsdóttir í síma 414-0530. Netfang halla@styrktarfelag.is.

Lyngás

óskar eftir starfsmanni í eldhús í júlí. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu. Matreitt er fyrir um 50-60 manns. Lyngás er sérhæft dagheimili fyrir fötluð börn og ungmenni á aldrinum 1-18 ára. Lyngás er staðsett í Safamýri 5 og er opið frá 8.00-16.00 á virkum dögum. Nánari upplýsingar veitir Birna Björnsdóttir í síma 553-8228. netfang:birna@styrktarfelag.is.

Búseta-Langagerði,

nýtt íbúðasambýli sem opnaði í maí vantar starfsfólk um helgar. Nánari upplýsingar gefur Hrefna Sigurðardóttir í síma 551-4478. Netfang:hrefnas@styrktarfelag.is,

Einnig veitir starfsmannastjóri upplýsingar í síma 4140500 og hægt er að nálgast upplýsingar um félagið á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Ofangreind störf taka laun eftir gildandi kjarasamningum.

Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á www.styrktarfelag.is

Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á www.styrktarfelag.is Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á www.styrktarfelag.is



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Skólaárið 2008 - 2009 eru eftirfarandi stöður lausar í grunnskólum Reykjavíkur

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 411 7700

- Íslenskukennari
- Proskapjálfi

Austurbæjarskóli, v/Vitastig, sími 411 7200

- Námsráðgjafi

Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 557 2900

- Íslenskukennari á unglíngastigi
- Dönskukennari á unglíngastigi, möguleiki á hlutastarfi
- Stærðfræðikennari á unglíngastigi, hlutastarfi
- Raungreinakennari

Breiðagerðisskóli, Breiðagerði 20, sími 411 7300

- Umsjónarkennari á miðstigi, helstu kennslugreinar íslenska og samfélagsgreinar
- Kennari á miðstigi

Fellaskóli, Norðurfelli 17 - 19, sími 411 7530

- Umsjónarkennarar á yngsta stigi
- Heimilisfræðikennari
- Dönskukennari

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540 7600

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Skólaliðar, 80 - 100%
- Stuðningsfulltrúi, 70%

Fossvogsskóli, Haðaland 26, sími 568 0200

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Proskapjálfi
- Starfsmaður skóla til að sinna nemendum í leik og starfi

Háteigsskóli, v/ Háteigsveg, sími 530 4300

- Dönskukennari á unglíngastigi, afleysing vegna fæðingarorlofs
- Proskapjálfi, afleysing vegna fæðingarorlofs, 50 - 100%

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.reykjavik.is/storf. Þar er að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Þar er einnig hægt að sækja um.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglji það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Við leitum að spennandi tækifærum fyrir hönd fjárfesta

Iðnaðarfyrirtæki

- Einn okkar stærsti umbjóðandi leitar að spennandi fyrirtæki sem starfar í framleiðslu- greinum eða iðnaði.
- Skilyrði er að félagið hafi farsæla rekstrarsögu og mögulega vaxtarbrodda til að byggja á til framtíðar.
- Velta félagsins þarf að vera amk. 100 milljónir króna á ársgrundvelli.

Þjónustufyrirtæki

- Fyrir viðskiptavin leitum við að fyrirtæki á þjónustusviði sem veltir yfir 60 milljónum króna á ársgrundvelli.
- Leitað er sérstaklega að fyrirtæki sem er með fasta samninga og góða samlegðarmöguleika við annan rekstur.

Fyrirtæki á heilbrigðissviði

- Við leitum að spennandi tækifærum á sviði einkareksturs á heilbrigðissviði eða skyldum greinum fyrir öflugann fjárfesti. Félag sem hefur sterka stjórnendur og skýra framtíðarsýn er mjög áhugaverður kostur.
- Velta félagsins þarf að vera yfir 50 milljónir króna á ársgrundvelli.

Vantar fjármagn í reksturinn?

- Fyrir hönd fjárfestinga- félags sem byggir á mjög traustum grunni þá leitum við að spennandi fjárfestingarkostum.
- Algjört skilyrði er að um sé að ræða fyrirtæki sem eru í heilbrigðum rekstri.
- Til greina koma kaup á rekstri í heild eða hluta á móti núverandi eigendum eða stjórnendum.

Áhugasamir hafið samband við Sector – viðskiptaráðgjöf í síma 517 1000 eða á netfangið sector@sector.is



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus störf:



Heilsugæslan Kópavogi Félagsliðar óskast til starfa í heimahjúkrun

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Félagsþjónusta Kópavogs hafa ákveðið að auglýsa eftir félagsliðum sem áhuga hafa á að vinna við að aðstoða og hjálpa sjúkum í heimahúsi. Um er að ræða samstarfsverkefni um samþættingu á heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu í Kópavogi.

Starf félagsliða í heimahjúkrun felst í aðstoð við umönnun og félagslegum stuðningi við skjólstæðinga. Viðkomandi þarf að hafa lokið félagsliðanámi frá félagsliðabraut framhaldsskóla eða hafa starfsréttindi sem félagsliði. Starfsreynsla æskileg.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Bill til umráða á vinnutíma. Um er að ræða vaktavinnu eða fastar vaktir.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar veitir Bjarney Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur í síma 594-0500/821-2303 eða á netfangi: bjarney.sigurardottir@hborg.hg.is

Umsóknir ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 30. júní 2008.

Reykjavík 15. júní 2008

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Starfsmannasvið,
Álfabakka 16, 109 Reykjavík www.heilsugaeslan.is

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus störf:



Miðstöð heimahjúkrunar

Félagsliðar og starfsmenn í umönnun óskast til starfa í heimahjúkrun

Leitað er að einstaklingum sem áhuga hafa á að vinna við að aðstoða og hjálpa sjúkum í heimahúsi. Um er að ræða vaktavinnu eða fastar vaktir.

Starf félagsliða í heimahjúkrun felst í aðstoð við umönnun og félagslegum stuðningi við skjólstæðinga. Viðkomandi þarf að hafa lokið félagsliðanámi frá félagsliðabraut framhaldsskóla eða hafa starfsréttindi sem félagsliði. Starfsreynsla æskileg.

Starf starfsmanns í umönnun í heimahjúkrun felst í almennum umönnunarstörfum. Starfsreynsla æskileg.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Bill til umráða á vinnutíma.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar um stöðurnar veitir: Þórdís Magnúsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar heimahjúkrunar, Álfabakka 16, í síma 513-1300, netfang: thordis.magnusdottir@hhjuk.hg.is.

Umsóknir ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 30. júní 2008.

Reykjavík 15. júní 2008

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Starfsmannasvið,
Álfabakka 16, 109 Reykjavík www.heilsugaeslan.is



Bílstjórar / Dælustjórar

Óskum eftir vönum dælustjórum og steypubílastjórum til starfa við steypustöð fyrirtækisins. Upplýsingar gefur Knut Ödegaard: 660 8484 / knut@evborg.is

Húsasmiðir / Múrarakennarar

Óskum eftir að ráða fagmenn til starfa í byggingadeild fyrirtækisins. Reynsla af vinnu við reisingar einingahúsa er æskileg. Einnig vantar vana byggingaverkamenn í deildina. Áhugasamir hafi samband við Arnar Ólafsson: 664 8696 / arnar@evborg.is

BORG er traust og öflugt framleiðslufyrirtæki í örum vexti. Spennandi verkefni framundan – góður starfsandi.



Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777
Fax: 414-7779 · borg@evborg.is · www.evborg.is



Akraneskaupstaður

Tónlistarskólinn á Akranesi

Eftirtaldir kennarastöður eru lausar til umsóknar

- Málmbláarakennari: 40% starf
- Píanóakennari: 50% starf
- Fiðlukennari: Óskað er eftir fiðlukennara til afleysinga um óákveðinn tíma.

Nánari upplýsingar veitir:

Lárus Sighvatsson, skólastjóri sími 891 9468 netfang: larus@toska.is og S. Ragnar Skúlason, sími 898 8224 aðstoðarskólastjóri, netfang: ragnar@toska.is Tónlistarskólinn á Akranesi er með fjölbreytta hljóðfærakennslu auk söngkennslu. Skólinn býr við afbragðs kennsluáðstæður bæði fyrir nemendur og kennara.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí n.k.. Umsóknir berist til Tónlistarskólans á Akranesi, Dalbraut 1, 300 Akranesi.

Brekkubæjarskóli, Akranesi

Í Brekkubæjarskóla er laus staða sérkennara, um er að ræða kennslu í sérdeild.

Einnig er laus staða **deildarstjóra** í unglinda-deild. Viðkomandi þarf að hafa kennslureynslu á grunnskólastigi og stjórnunarreynslu æskileg. Stjórnunarnám eða annað framhaldsnám kostur. Leitað er að einstaklingi sem er reiðubúin/n að takast á við ögrandi verkefni.

Nánari upplýsingar veitir:

Arnbjörg Stefánsdóttir, skólastjóri, netfang: arnbjorg@brak.is. Sími skólans er 433 1300. Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með u.þ.b. 430 nemendur í 1. - 10. bekk.

Skólastefna Brekkubæjarskóla er skýr framtíðarsýn í anda lífsleikni, manngildis og hugmynda um að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að velliðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna. Það eru forsendur fyrir góðum árangri í námi og starfi. Verið velkomin til að kynna ykkur aðstæður í skólanum, slóðin á heimasíðu skólans er www.brak.is

Umsóknarfrestur er til 27. júní n.k.. Umsóknir berist til Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.

Grundaskóli, Akranesi

Staða **deildarstjóra** í skóladagvist Grundaskóla er laus til umsóknar. Um er að ræða skipulag og starf með yngstu nemendum skólans eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Óskað er eftir einstaklingi með menntun sem nýtist í starfi og góða samskiptahæfileika.

Nánari upplýsingar veitir:

Hrönn Ríkhardsdóttir, skólastjóri, netfang: hrik@grundaskoli.is og Sigurður A. Sigurðsson aðstoðarskólastjóri, netfang: sas@grundaskoli.is. Sími skólans er 433 1400.

Grundaskóli er heildstæður grunnskóli með um 580 nemendur og 70 starfsmenn. Í Grundaskóla er metnaðarfullt skólastarf, gott starfsumhverfi og góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans. Í Grundaskóla eru gerðar kröfur til nemenda og starfsfólks um dugnað, reglusemi, góða umgengni, góða ástundun og gagnkvæma virðingu. Slóðin á heimasíðu skólans er www.grundaskoli.is.

Umsóknarfrestur er til 27. júní n.k. Umsóknir berist til Grundaskóla, Espigundur 1, 300 Akranesi.

LYFJAVER APÓTEK

Tæknivæddasta apótekið á Norðurlöndunum

Vegna vaxandi verkefna óskum við eftir að ráða starfsfólk í fullt starf

Lyfjateknir – apótek

Starfssvið

Vinna í receptúr
Afgreiðsla lyfseðla
Frágangur lyfja
Afgreiðsla á kassa
Eftirlit með lyfseðlum og önnur störf tengd rekstri apóteks

Hæfniskröfur

Lyfjatekniréttindi
Góð tölvukunnátta.
Áreiðanleiki
Hæfni í mannlegum samskiptum

Lyfjaver ehf. var stofnað árið 1998 og starfrækir apótek, heildsölu og tölvustýrða lyfjaskömmun. Fyrirtækið er leiðandi aðili í tölvustýrðri lyfjaskömmun fyrir heilbrigðisstofnanir og einstaklinga. Lyfjaver ehf. leggur áherslu á persónulega þjónustu við viðskiptavinum sína og því leitum við að fólki með ríka þjónstulund sem hefur metnað til veita viðskiptavinum okkar góða og faglega þjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa nú 27 manns.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í september.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Steinþórsson framkvæmdastjóri í síma 533-6105 á milli kl. 9 og 12. Skriflegar umsóknir berist til Lyfjavers, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík fyrir 23. júní eða sendist á netfangið magnus@lyfjaver.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál

LYFJAVER EHF. SUÐURLANDSBRAUT 22, 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102 • WWW.LYFJAVER.IS • NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík



Aðalsafnaðarfundur Fríkirkjusafnaðarins verður haldinn Sunnudaginn 22. Júní, eftir messu kl. 14:00 í Fríkirkjunni.

Dagskrá: Skýrsla stjórnar
Skýrsla safnaðarprests
Reikningar safnaðarins lagðir fram
Kosið í stjórn og trúnaðarstörf
Önnur mál

Fræðsluvið
www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Varmárskóli Kennarar óskast til starfa

- Textíl
- Smíði í unglingsdeild
- Stærðfræði á unglingsstigi (hlutastarf hugsanlegt)
- Umsjónarkennara á yngsta stigi

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfræði og einstaklingsmiðuðu skólastarfi. Töluverð samskipti eru við erlenda skóla. Þá er stefnt að öflugum starfi í umhverfismennt, heilbrigði og hollustu á næsta skólaári. Við leitum að konum sem körlum sem hafa ánægju af að vinna með börnum og skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki.

Stefnt er að því að auka útikennslu í fögru umhverfi Varmárskóla og vel útbúinni íþróttastöðu sem þar er. Verið er að hanna glæsilegt útikennslusvæði og Ævintýragarður Mosfellsbæjar verður við tónfótinn hjá okkur.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri í síma 525 0700 og 863 3297 (thorhildur@varmarskoli.is) og Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri í síma 525 0700 og 899 8465 (thoranna@varmarskoli.is).



KÓPAVOGSBÆR

Hjallaskóli

Hugur - Hjarta - Hönd

Vilt þú starfa í skólasamfélagi sem:

- hefur manngildi að leiðarljósi
- stuðlar að skapandi, jákvæðu skólastarfi þar sem agi, virðing og metnaður eru hornsteinar skólasamfélagsins
- sníður námið að þörfum allra með fjölbreyttum námsleiðum og kennsluháttum þannig að hver og einn temji sér gagnrýna hugsun og náí hámarksárangri
- leggur áherslu á ábyrga umgengni, vistvænt og heilnæmt skólasamfélag sem einkennist af gagnkvæmu trausti og virðingu milli heimilis og skóla

Þá ert þú svo heppin(n) að við erum að bæta við fólki í okkar frábæra og samheldna hóp starfsmanna fyrir skólaárið 2008 – 2009.

- **Deildarstjóri/verkefnastjóri**
Verkefni meðal annars:
- Umsjón með mati á skólastarfi
- Umsjón með þróunarverkefnum skólans
- Námskrágerð
- Hluti af stjórnunarteymi skólans

Kennarar/aðrir starfsmenn skólans

- Umsjónarkennarar á yngri stigi
- Starfsmaður í dægradvöl (50%)
- Námsráðgjafi (100%)
- Kennari í nýbúadeild (100%)
- Matrúður í starfsmannaeldhús (100%)

Umsóknarfrestur er til 27. júní 2008

Upplýsingar gefur skólastjóri
Sigrún Bjarnadóttir
í síma 5704150
eða 8636811.

www.kopavogur.is - www.job.is

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



ÍSTAK ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRTALIN STÖRF:

MÆLINGAMENN

Vegna nýrra og krefjandi verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða mælingamenn til starfa við jarðvinnuframkvæmdir fyrirtækisins. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum.

JARÐFRÆÐINGUR - PANAMA

ÍSTAK leitar eftir jarðfræðingi til starfa vegna virkjunarframkvæmda Pihl & Søn í Panama. Skilyrði er að viðkomandi hafi góða enskukunnáttu og reynslu af störfum við stíflu- og/eða jarðgangagerð. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

TRÉSMÍÐIR

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmíði til starfa. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.

CIEŚLI SZALUNKOWYCH

lub osoby z doświadczeniem w pracach przy szalunkach, na swoje budowy w Reykjavíku i jego okolicach. Zainteresowani muszą wykazać się doświadczeniem w pracy z systemem szalunkowym DOKA. Mile widziana znajomość języka angielskiego.

TÆKJASTJÓRNENDUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana tækjastjórnendur til starfa við framkvæmdir á Kárahnjúkum. Um er að ræða stjórnun á gröfum. Einnig óskar ÍSTAK eftir stjórnanda á steypudælu. Í boði er mikil vinna við fjölbreytt verkefni.

JARÐGANGAMENN

Smiðir og verkstjórar. Betri Bær ehf óskar eftir verkstjóra og smiðum til framfarstarfa við uppsetningu einingahúsa og ýmissa viðhaldsverkna. Uppl. í síma 8983893

Óska eftir vönum málara og smið. Looking for experienced carpenter and painter. S. 770 6563.

Bílstjóri með rútupróf
Okkur vantar bílstjóra þarf að geta hafið störf sem fyrst. Shuttleservice s. 578 7070 & 663 0806.

Smiðir-Verkamenn-Flekauppláttur: Óskum eftir vönum smiðum og verkamönnum í flekaupplátt. Uppl. 856 5555

Vélstjóra vantar á 100 tonna bát. Vél 560 hð. Uppl. í s. 894 9419.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnbindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. **Proventus starfsmannapjónusta s. 661 7000.**

Ég er öryrki með skipstjórnarréttindi og öfl. Er á eigin bíl og er mjög vanur akstri. Uppl. í s. 553 1760 & 892 2001

2 smiðir óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

Karlmaður vanur útkerjastörfum öfl. með gamlaprófið óskar eftir vinnu. S. 866 8237.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar
LOVE ME LOVING A POLAR BEAR Dalí Akureyri

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)

Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)

Gay spjall
535-9988 (kreditkort)

Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)

Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Kona: þú kynnist karlmönnum á Rauða Torginu Stefnumót. Legðu inn auglýsingu, hlustaðu á auglýsingar karla og spjallaðu við karla á vandaðri spjallrás. Þjónustan er gjaldfrjál. Síminn er 555-4321

Heit upptaka um m.a. ákveðna athöfn sem ungru konu finnst einstaklega góð. (ath. upptakan er mjög „innileg“). Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort). Nánar: raudatorgid.is

42 ára dökkhærður karlmaður vill kynnast karlmanni (með aðstöðu) sem hann getur hitt öðru hvoru og átt góðar stundir með. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8366.

908 6666

Við viljum vera sumardisirnir þínar í nótt. Opíð allan sólarhringinn.

„... fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is




Auglýsingasími

512
5050



- Mest lesið

WWW.AKKURAT.IS



BERJARIMI 16 - 112 RVK.

Opið hús í dag milli kl: 16-1700
Hagstæð lán.

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 534 5000
Halla Unnur Helga-
dóttir lögg.fast

Mjög góð 79,1 fm. 3ja herb. endaíbúð ásamt 25 fm afgirtri sérverönd og 29 fm stæði í bilageymslu. Þvottahús í íbúð.
Hagstæð lán 11 millj. VERÐ 23,1 millj.
Hákon og Lilja taka á móti gestum.



Gunnar Valdimarsson lögg. fasteignasali
Sími: 535-0200 GSM: 895-7838
Sólvallagötu 84, við Ananaust, 101-Rvk.



HÁAFELL Í HVÍTÁRSÍÐU

Fristundajörð í Borgarfirði, allt að 80ha. Að hluta ræktað tún, grónir bithagar og að hluta mýrar. Árbakkinn, sá hluti sem tilheyrir spildunni meðfram Hvítá er um 1km að lengd. **Lax, bleikja, sjóbirt- ingur, veiðileyfi í net og á stöng geta fylgt kaupsamningi.** Árbakkinn er að hluta til melar og leirur. Þar eru ágætis reidleiðir og gott að spretta úr spori. **Hitaveita** og kalt vatn ásamt rafmagni við landamerkin, **sem býður uppá bygg- ingu heilsárhúss.** Jörðin snýr á móti suðri. Fáfarinn þjóðvegur (nr.523) liggur meðfram spildunni í norðri. Frábært útsýni. Gott tölvu-, farsíma- og sjónvarpsamband. Um 90 mín akstur frá Reykjavík, (30 mín í Borgarnes) malbikað alla leið, utan síðustu ca. 8km. Sjá nánar á www.neseignir.is

Nánari upplýsingar veitir;
Sigurbjörn s: 53-50-207
saf@neseignir.is



Kvistavellir 34 - 40 / 221 Hafnarfjörður



Velkomin á sölusýningu í dag kl.
15.00 - 16.00

VERÐ FRÁ 27,2 millj.

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlumum í Hafnarfirði. Gólfhliti og neysluvatn ísteypt. Stæði fyrir halogenljós steypt í loft neðri hæða. **Gott verð fyrir góða eign.**

Stærð 172,5 fm

Bílskúr

4 herbergja



Mánalind 19 / 201 Kópavogur

2 HÆÐIR



OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI KL.
15.00 - 16.00

VERÐ 69,6 millj.

Opið hús í dag kl. 15.00 - 16.00
Stærð 243,3 fm - 2 hæða - Bílskúr
5-6 herbergja - Sjón er sögu ríkari
Möguleiki á að taka ódýrari eign upp í.

Stærð 243,3 fm

Bílskúr

5-6 herbergja

Kvistavellir 44 / 221 Hafnarfjörður

90% LÁN



Velkomin á sölusýningu í dag kl.
16.00 - 17.00

VERÐ FRÁ 19,5 millj.

Sölusýning í dag kl. 16.00 - 17.00
Glæsilegt fjölbýli með lyftu.
Verð frá 19.500.000
90% lán - 2,3 og 4 herbergja íbúðir.

Fjölbýli m/lyftu

90% lánaðkjör

2 - 4 Herb. íbúðir



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Þórarinn Jónsson
Löggiltur fasteignasali, Hdl

RE/MAX Lind • Bæjarlind 14-16
201 Kópavogur • Sími: 520 9500



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9-17
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

Nýbyggingar



FLATAHRAUN - HFJ

Glæsilegar íbúðir m/stæði í bilageym-slú í 5 hæða lyftuhúsi á frábærum stað.
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING.
ALLT AÐ 100% LÁN FRÁ BYGGINGARAÐILA
6344


Möguleiki á allt að 90% láni



SKIPALÓN 4-8 - HFJ.
Störglæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri á góðum útsýnisstað á Hvaleyrarholti.
*Hagæðainnréttingar frá Agli Árnasyni
*Uppþvottavél og ísskápur fylgir
*Bilageymsla
*Arinn og tvö baðherb. í stærri íbúðum
*Afending í maí-júní 2008
Verð frá 19,0 millj.



FURUÁS - GLÆSILEGT ÚTSÝNI
Nýg fallæg 268 fm RAÐHÚS, á tveimur hæðum með innbyggðum BÍLSKÚR á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ INNST Í BOTNLANGA í nýja ÁSAHVERFINU. 7595



TÚNFIT - VIÐ LÆKINN Í GARDABÆ
Vorur að fá glæsilegt 220,5 fm einbýli með innbyggðum bílskúr á þessum frábæra stað. Húsið skilast fullbúið að utan, fókheld að innan. 7683



DREKAVELLIR - FJÖRBÝLI
Glæsilegar fullbúnar 3ja og 4ra herb. íbúðir í 4-býli ásamt bílskúr. Fallegar innréttingar, laust við kaupsamning. Verð frá 21,7 millj. 7626



NORÐURBAKKI 15 - 17 OG 19 HAFNARFIRÐI
Glæsilegar sérlega vandaðar 105 til 130 fm 3ja herbergja íbúðir á 1. til 5 hæð í nýjum LYFTUHÚSUM á NORÐURBAKKANUM, m/ STÆÐUM í bilageymslu. Verð frá 27,4 millj. 7561



KVISTAVELLIR 44 - AFH- MAÍ-JÚNÍ
90% lán frá byggingaraðila
Glæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir og þrjú bílskúrar í nýju 4. hæða lyftuhúsi. Grant í borðum, gólfhliti, sérlega vönduð tæki og innréttingar. Afh. í maí-júní 2008. Verð frá 18,9 millj. 7080



DREKAVELLIR 48-52 HFJ.
Fallæg raðhús 189 fm. sem skilast fullbúin að utan og fókheld að innan. Góður 35 fm. bílskúr. Verð frá 27,9 millj. 6411



BYGGAKUR - GARDABÆ
Glæsileg raðhús í suðurhlíðum Akralands í Gardabæ. Húsin eru fullbúin að utan, lóð tyrfd, hellulögn m/ hita og tilbúin til innréttinga að innan. Verð frá 52,7 millj. 7443



KVISTAVELLIR 2-6 HFJ.
Fallæg 191,3 fm raðhús m/bílskúr. 4 sv. herb. Afhendist fullbúið að utan og fókheld að innan. Verð frá 28,9 millj. 6781



NORÐURBAKKI 5 - HFJ.
Sérlega vandaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir m/stæði í bilageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á frábærum stað í miðbæ Hfj.
* GLÆSILEGAR SÝNIGARÍBÚÐIR.
* Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG
* Gólfhliti m/hitastýringu í hverju rými
* Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG
* Þakgarður
Verð frá 26,7 millj. V. 30,8 m. 6928

FASTEIGNABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS – mest lesna fasteignablað landsins

Fasteignablað Fréttablaðsins er með 59% meiri lestur en Fasteignablað Morgunblaðsins.

Allt sem þú þarft...




...alla daga

44,4%


Fasteignablað Morgunbl. 27,9%

Fasteignablað Fréttablaðsins



domus

FASTEIGNASALA



Linda B. Stefánsdóttir
Löggr. Fasteignasali
Reykjavík



108 Reykjavík

Verð 87 millj.
Fjöldi herb. 347 fm
Stærð 347 fm
Byggingarár Frábær
Annad staðsetning

Síðumúli

Mjög gott verslunar og skrifstofuhúsnæði á jarðhæði. Húsnæðið skiptist í dag í stóran sal, skrifstofu, kaffistofu, geymslu og snyrtingar. Húsnæðið er í góðu standi. Frábær staðsetning og gott auglýsingargildi.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



201 Kópavogur

Verð 69,9 millj.
Fjöldi herb. 6
Stærð 194,1 fm
Byggingarár 1998
Annad Mikid og fallegt ústygni

Geislalind

Glæsilegt parhús með innb. bílskúr á besta stað. Allar innréttingar eru sérsníðnar eikarinnréttingar. Hér er um að ræða vel skipulagða eign með 30 fm. óskræðu rými. Eignin stendur innst í botnlangagötu, örstutt í grunnskólann og engin gata að fara yfir fyrir börn.

Elsa Þorálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



110 Reykjavík

Verð 28,9 millj.
Fjöldi herb. 6
Stærð 138,3 fm
Byggingarár 1967
Annad Laus strax

Hraunbær

Þjört og rúmgóð íbúð á annari hæð í góðu fjölbýli. Fjögur svefnherbergi. Stórar og rúmgóðar stofur með útgengi út á suðvestur svallir. Eldhúsið með góðum borðkrók þvottahúsi og búr inn af eldhúsi. Eign sem vert er að skoða.

Elsa Þorálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



301 Akranes

Verð 44 millj.
Fjöldi herb. 6
Stærð 233,7 fm
Byggingarár 1982
Annad Laus strax

Ós II

Glæsileg eign, falleg sjávarlóð, skilgreind sem búgarðabyggð á 6.665 fm. eignalandi. Á landinu má byggja útihús sem hægt er að innrétta sem hesthús og geymslu allt að 200 fm. Stór og rúmgóður bílskúr. Öþrjótandi möguleikar að njóta frábærrar útiveru og fríðsældar sveitarinnar.

Elsa Þorálfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



200 Kópavogur

Verð 18,9 millj.
Fjöldi herb. 3
Stærð 197,8 fm
Byggingarár 1978
Annad Laus strax

Furugrund

Mjög góð íbúð á fyrstu hæð með tveimur svefnherbergjum og herbergi í sameign með aðgengi að snyrtingu. Rúmgóð og þjört stofa með eikarparket á gólfi og útgengi á svallir á móti suðri. Frábær fyrsta eign á góðum stað í Kópavogi.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



Rentus

LEIGUMIÐLUN

Rentus er fyrirtæki sem þjónustar jafnt einstaklinga og fyrirtæki sem vilja leigja út fasteign eða taka fasteign á leigu til skemmri eða lengri tíma. Sérfræðingar Rentus sjá um alla þjónustubætti, allt frá grunnskráningu eigna til samningsgerðar við útleiga.



Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

Eyjarslóð, 101 Reykjavík

Mjög gott um 300 fm bíl á jarðhæð að Eyjarslóð í Reykjavík. Húsnæðið er með stórum innkeyrsludrygum. Húsnæðið er allt hið snyrtilegasta og hentar vel undir matvælavinnslu og fl. Stór kæliklefi er í húsnæðinu. Laust strax.



Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

Síðumúli, 108 Reykjavík


Til leigu mjög gott 104,5 fm skrifstofuhúsnæði á 2 hæð við Síðumúla í Reykjavík. Húsnæðið sem hefur allt verið endurnýjað á glæsilegan máta skiptist í sal með fjórum vinnustöðvum, gott fundarherbergi, eldhús og snyrtingu. Möguleiki væri að fá húsnæðið leigt með húsgögnum.



Halldór Jensson
halldor@rentus.is
gsm 840 2100

Ögurhvarf, 203 Kópavogur


Til leigu Glæsilegt og vel hannað atvinnuhúsnæði á frábærum stað rétt við Breiðholtiðbrautina. Húsnæðið er samtals 772 fm á tveimur hæðum. Möguleiki er að leigja í minni einingum. Í minni einingum Lofthæð neðri hæðar er 4 metrar og efri hæðar 3.4 metrar. Góða aðstaða á lóð og næg bílastæði.



Barbara Wdowiak
löggitur leigumíðlari
gsm 664 6020

Hraunhólar, 210 Garðabæ

Glæsilegt 195 fm. parhús við Hraunhóla í Garðabæ er til leigu. Húsið er á tveimur hæðum; Á 1. hæð er forstofa, og sameiginleg stofa og borðstofa, sem er að opíð við eldhús, gestasalmi og innbyggður bílskúr. Á jarðhæðinni eru 4 rúmgóð svefnherbergi, stórt baðherbergi með sturtu og baðkari., þvottahúsið með mikilli innréttingu og skáplássu. Útgengt er úti garðinn sem er hrein paradís, með stórum viðarpalli, skjólveggjum og heitum potti.



Barbara Wdowiak
löggitur leigumíðlari
gsm 664 6020

Jöklafold, 112 Reykjavík

Raðhús við Jöklafold í Grafarvogum er til leigu í 3 til 4 mánuði frá 1. ágúst n.k. Húsið leigist með öllum húsgögnum og er á tveimur hæðum; Á 1. hæð er forstofa, forstofuherbergi, þaðan er komið inn í stofu sem er að hluta opíð við eldhús og borðkrók, útgengt á suðursvalli úr stofu, innbyggður bílskúr er á götuþæðinni. Á jarðhæðinni eru 3 rúmgóð svefnherbergi, gott baðherbergi með sturtu og baðkari, geymsla og þvottahús. Útgengt er úti garðinn sem er með stórum viðarpalli, skjólveggjum og heitum potti.

Rentus leigumíðlun | Laugavegi 97 | 101 Reykjavík
Sími 440 6100 | Fax 440 6101

www.rentus.is

Klettur fasteignasala
Hlíðasmári 6

Svavar Geir Svavarsson
löggitur fasteignasali

MELALIND 2, LINDIR KÓPAVOGI OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG MILLI 16:00 – 17:00




Fasteignasalan Klettur kynnir 103 fm íbúð á 2. Hæð í litlu fjölbýlishúsi í Lindahverfi Kópavogs. Gott og auðvelt aðgengi er að íbúðinni, snyrtileg sameign, húsið var tekið í gegn og málað að utan fyrir 2 árum. Eignin stendur innst í botnlanga, stutt í alla þjónustu og skóla. Íbúðin skiptist í hol, tvö rúmgóð herbergi, rúmgott baðherbergi, stofu, borðstofu og eldhús. Gólfefni á íbúðinni eru parket og flísar. Í sameign er svo hjóla og vagnageymsla ásamt sérgeymslu íbúðarinnar. Svallar móti suðri.

HÁKON OG JÓHANNA TAKA Á MÓTI GESTUM (íbúð 0202)
Nánari upplýsingar hjá Svavari Geir Svavarssyni löggitum fasteignasala í 821-5401

Stórglæsilegar íbúðir

OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL. 13.00 – 14.00



Í innréttingum í Löngulínu 27-29 í Garðabæ ákvað P.G. verk að bjóða aðeins upp á það besta: Kitchen 2 línuna frá Jacob Jensen design. Þetta eru heimsfrægir danskir hönnuðir sem hlotið hafa margar viðurkenningar fyrir verk sín og m.a. hannað fyrir Bang & Olufsen og Gaggenau. Hugmyndin á bak við Kitchen 2 var að búa til sígilda innréttingalínu þar sem hvert smáatriði er úthugað. Innréttingarnar eru einfaldar, stílhreinar og nútímalegar, flestar í hvítu hágæða háglans en nokkrar í svörtu hágæða háglans.

Um er að ræða glæsilegar fullbúnar 3ja og 4ra herbergja íbúðir á frábærum stað við sjóbaðsströndina í Sjalandshverfinu.

EIGNAMIDLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · S. 588 9090 · fax 588 9095
www.eignamidun.is · eignamidun@eignamidun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

ERTU Á LEIÐ TIL BÚLGARÍU? FRÍ SKOÐUNARFERÐ! FRÁBÆR FJÁRFESTING VIÐ SVARTAHAFIÐ – NÝBYGGÐAR FALLEGAR ÍBÚÐIR VIÐ STRÖNDINA.



BÓKAÐU FRÍA SKOÐUNARFERÐ!

Sækjum áhugasama í rútu á Golden Sands og sýnum ykkur fallegar eignir á frábærum stað ásamt að sjá nýja og spennandi hluti í leiðinni.

Eiríkur Hilmarsson, gsm 00354 – 822 7300 / 00359 - 8886 34003

John Snorri Sigurjónsson, gsm 00354 - 862 5499 / 00359 - 8847 35283

– www.bulgaria.is –

Proxima í samstarfi við fasteignasöluna Akkurat

Proxima
FINANCE LIMITED

Akkurat

FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

Halla Unnur
Helgadóttir, lögg. fast.

- PROXIMA er rekið af íslenskum aðilum sem eru að byggja vandaðar eignir á einum eftirsóttasta stað í Búlgaríu.
- Fallegar íbúðir og raðhús við Svartahafið.
- 15 mín til borgarinnar Bourgas sem liggur við Svartahafið, þægileg og skemmtileg borg.
- 1 klukkutími til Tyrklands.
- Budjaka „svæðið“ sem er byggt á er alveg við einn af frægari bæjum í Búlgaríu (Sozopol) yndislegur bær með fjölbreyttu og skemmtilegu mannlífi.
- 30 Mín á Alþjóðaflugvöll
- Þetta er eitt af eftirsóttari svæðum Búlgaríu og má aðeins byggja á 20% af landinu og aðeins upp á þrjár hæðir. Öruggt og rólegt svæði sem býður upp á góða fjárfestingu.

FASTEIGNABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

– mest lesna fasteignablað landsins

Fasteignablað Fréttablaðsins er með 59% meiri lestur en Fasteignablað Morgunblaðsins.

Allt sem þú þarft...  ...alla daga



EIGNAMIDLUN

sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · S. 588 9090 · fax 588 9095
www.eignamidun.is · eignamidun@eignamidun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

HÁVALLAGATA – SKIPTI MÖGULEG



Um er að ræða þrjú 185,4 fm parhús á hornlóð. Á miðhæð er forstofa, snyrting, lítið fatarherbergi, hol, stofa og eldhús. Á efri hæð eru þrjú herb, og baðherb. Í kjallara eru tvö herb, geymsla, baðherb, og þvottahús. Búið er að endumýja allar lagnir í húsinu þ.e. nýtt rafmagn og rafmagnstafla, nýjar vatnslagnir og ofnar og nýtt skólp. Einnig er búið að skipta um glugga og allt gler í húsinu og endumýja útihurðir. Pakjám og -pappi er endumýjað sem og þakrennur og niðurföll. Innréttingar eru allar nýjar svo og hurðir, gólfefni og tæki. SKIPTI KOMA TIL GREINA Á MINNI EIGN. **Verð 74,9 millj.** Upplýsingar veitir Hákon fasteignasali í síma 824-9095.

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

HELLUHRAUN – HF. ATVH.

LÍTIL PRENTSMIÐJA TIL SÖLU Í HAFNARFIRÐI

Um er að ræða rótgróna prentsmiðju í eigin 120 fm húsnæði á besta stað í Hfj. Reksturinn selst með eða án húsnæðis. Hagstætt verð.

Upplýsingar gefur Helgi Jón 893-2233 eða á skrifstofu Hraunhamars.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

heimili

FASTEIGNASALA

Sími 530 6500
Opn mán.-fös. kl. 9-17
Finnbogi Helmarsson,
Einar Guðmundsson og
Bogi Pálmarsson
Borgartúni 31

MARTEINSLAUG GRAFARHOLTI



Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir með 90% láni.

Frábært tilboð í upphafi sumars býður seljandi 6 íbúðir með þessum einstöku kjörum íbúðirnar eru frá 98 fm til 110 fm að stærð og verðið frá kr. 26.9 m. Lýsing íbúða. Hol með fataskáp. Stofa og borðstofa með útsýni. Studíeldhús með fallegri eikarinnréttingu sem í er keramikhelluborð, blástursofn, uppþvottavél og háfur. Frá borðkrók og er gegnið út á suðursvalir. Svefnherbergi með skápum sem ná upp loft. Herbergi með skápum sem ná upp loft. Baðherbergi flísalagt á gólfi og veggjum í hurðarhæð, innrétting með ljósakappa og baðkari. Þvottahús með flísalögðu gólfi og vaskaborði. Allar innréttingar eru frá GKS. Í sameign í kjallara er góð geymsla. Flestum íbúðunum fylgir stæði í bílageymslu. Auk þess býður seljandi íbúðirnar fullbúnar með glæsilegu eikarparketi á gólfi. Vönduðum rafmagnstækjum frá Simens eins og kælskáp með frysti, þvottavél sem tekur 5 kg og þurrkara sem tekur 7 kg og er barkalaus. Þetta er einstakt tækifæri fyrir þá sem eru að kaupa í fyrsta sinn að fá íbúð sem hægt er að flytja beint inn í að auki eru íbúðirnar stimpilgjaldfrjár fyrir þá.

Allar nánari upplýsingar eru að skrifstofu Heimili fasteignasölu sími: 530-6500 eða e-mail: heimili@heimili.is

Stakfell

Grunnur að góðu lífi
Porlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 14.00 – 14.30

Lautasmári 22 Kópavogi
- 4ra herbergja íbúð m/bílskýli.



Bjóðum ykkur velkominn að skoða þessa 115.8 m² fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli, mjög vel staðsettu í Kópavogi í göngufæri við Smáramann, Smáralind, heilsugæslu, Smáraskóla ofl. Íbúðin skiptist í 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús í íbúð og 13.5 m² geymslu í kjallara (innifalið í m² fjölda). 16.7 fm stæði í bílskýli. Parket á allri íbúð nema flísar á baði og þvottaherbergi. Beyki innrétting í eldhúsi.

Verð 28.5 millj.
BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 535-1000
Stórholt 47- 3ja herbergja LAUS



Bjóðum ykkur velkominn að skoða þessa 115.8 m² fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli, mjög vel staðsettu í Kópavogi í göngufæri við Smáramann, Smáralind, heilsugæslu, Smáraskóla ofl. Íbúðin skiptist í 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús í íbúð og 13.5 m² geymslu í kjallara (innifalið í m² fjölda). 16.7 fm stæði í bílskýli. Parket á allri íbúð nema flísar á baði og þvottaherbergi. Beyki innrétting í eldhúsi.

Verð 28.5 millj.

Lágmúli 7, sími 535_1000

Stakfell.is

Opið hús

frá kl. 15-18 í dag

að Löngulínu 9-11

Fullbúnar, glæsilegar
íbúðir í Sjálandi í Garðabæ

Fullbúin sýningaríbúð með innréttingum
frá Brúnás innréttingum og gólfefnum frá
Aglí Árnasyni.

BÚUM
BETUR



www.bygg.is

Stórglæsilegar, vandaðar íbúðir

- Vandaðar innréttingar úr eik frá Brúnás
- Borðplötur og sólbekkir úr steini frá S. Helgasyni
- Innihurðir og flísar frá Aglí Árnasyni
- AEG eldhústæki frá Ormsson
- Innfelld hitastýrð blöndunartæki á böðum
- Gólfhiti í íbúðum
- Einangrun í gólfum milli hæða
- Álklæðningar utanhúss
- Rafmagnsopnun á aðalhurðum í anddyri og millihurðum í stíghúsi
- Svalahandrið úr áli, klætt með gleri
- Flísalagðar svalir
- Sameign með útsýni úr lyftu og handrið úr ryðfríu stáli
- Íbúðir 1. hæðar með stórum sólpöllum og skjólveggjum

BYGG – fremstir í íbúðabyggingum

Aðalhönnuðir: Guðmundur Gunnlaugsson og Gunnar Páll Kristinsson



Söluaðilar:

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is

Dýr eru yfirnáttúrulegri en draugar



Þórdís Aðalsteinsdóttir á tvö verk á sýningu Carnegie Art Awards í ár. Þórdís stundaði nám við Myndlista og handíðaskólann en að loknu námi hélt hún til New York þar sem hún settist að og tók meistaraþráðu í School of Visual arts árið 2003. Verk hennar vöktu athygli Stefans Stux sem á mjög virt gallerí í borginni og hann bauð henni samstarf sem hefur haldist síðan. Málverk Þórdísar byggja á skýru myndmáli sem kann að virðast einfalt og „naíft“ við fyrstu sýn en býr yfir undirtóni þar sem leynast miklar tilfinningar, duldb og jafnvel óhugnaður. Mörg verka hennar sýna dýr eins og birni, ketti og kýr í mannlegum hlutverkum.

„Ég nota oft dýr í verkum mínum þar sem þau hafa einhvern veginn meiri tengingu við umhverfið, en eru þó yfirnáttúrulegri en draugar. Dýrin eru þó engin sérstök tenging við Ísland frekar en önnur lönd, þau eru bara ákveðin heimsmýndarsýn,“ útskýrir hún. „Ég er svo oft spurð um hvort íslensk náttúra hafi áhrif á verk mín og er orðin dálítið leið á þessari sífelldu tengingu. Ég lít bara á mig sem listamann, enda er bara lítið á mann sem listamann hér úti og ekki verið að flokka fólk eftir uppruna þess. Fólk í New York hefur mjög misjafnar hugmyndir um Ísland. Sumir vita ekki hvar það er en aðrir eru æstir að ferðast þangað. Fólk verður þó oftast fyrir vonbrigðum þegar það kemst að stöðunni í álvera og

Þórdís Aðalsteinsdóttir: Lactating Martyr (2006)



Þórdís Aðalsteinsdóttir

virkjanamálum á Íslandi.“ Þórdís telur að hlutskipti íslensks listamanns í útlöndum hafi bæði sínar björtu og dökku hliðar og ætlar að vera áfram í New York í einhvern tíma. „Borgin er frábær og fjölbreytt og sveitin þar í kring er falleg og iðar af lífi.“ Aðspurð um hvort áhugi á norrænni myndlist sé að aukast segist Þórdís ekki hafa tekið eftir því. „Ég held ekki að það séu neinir sameiginlegir þræðir eða grunntónn hjá norrænum listamönnum.“ En hvaða þýðingu hefur það fyrir hana sem myndlistamann að vera valin inn á Carnegie Art Awards sýninguna? „Hún gefur mér tækifæri til að sýna í löndum sem ég hef ekki sýnt í áður. Og í Kópavogi.“ Þórdís hefur nóg fyrir stafni um þessar mundir og kemst ekki á opnun sýningarinnar í Gerðarsafni í næstu viku. „Ég er í hópsýningu í Chelsea sem var opnuð núna um helgina. Þetta er búið að vera mjög hektískt, en gaman. Næsta einkasýning hjá mér er svo næsta vor en hún er einnig í Chelsea-hverfi New York-borgar.“

Iðnaðarmaður íslenskrar myndlistar

Þór Vigfússon á þrjú verk á ferðasýningu Carnegie Art Awards 2008. Verkin eru samsett úr lituðum glerplötum sem raðað er saman upp á vegg og mynda þannig litaðan endurkastflöt. Þór hefur notast talsvert við gler og önnur iðnaðarefni í myndlist sinni, sem hann segir vera meira í ætt við framleitt efni en handverk.

„Það er frekar erfitt að segja frá þessum verkum þar sem þau eru svo einföld,“ segir Þór um verkin þrjú. „Þetta gler er iðnaðarefni og er talsvert notað til skrauts á húsklæðningar hérlendis. Ég datt niður á að nota þetta efni þegar ég var að leita að háglansandi fleti til að nota í verk mín. Ég var að taka þátt í samsýningu á skúlptúrum og langaði til þess að setja upp glansandi flöt í sýningarsalnum sem endurvarpaði einfaldlega verkum hinna listamannanna. Þessar glerplötur hentuðu einstaklega vel til verksins. Það eru nú komin svo mörg ár síðan þetta var að ég vil helst ekki hugsa um það, en ég hef allavega unnið með þetta efni síðan.“

Þór segist hrifinn af því að nota framleidd iðnaðarefni í verkum sínum. „Það er svosem allt í umhverfi manns unnið í vélum nútíldags, þannig að það er ekkert skrítið að maður sækir í það. Ég vil forðast handversáferð og handverksyfirbragð í verkum mínum, mér finnst það ekki passa af einhverri ástæðu. En ég er annars mjög hrifinn af handverki almennt, bara ekki í minni eigin list.“

Ætla maetti að það sé nokkur heiður fyrir myndlistarmann að vera valinn inn á Carnegie Art Awards-sýninguna, þar sem að hún býður upp á rjómann af samtímalist á Norðurlöndum. Þór lætur sér þó fátt um finnast. „Ég veit satt best segja ekki hvort þessi sýning skipti mig nokkru máli. Það eina sem ég ímynda mér að þetta geti breytt er að ég fæ ágætis kynningu innanlands og utan og á í kjölfarið kannski betra með að selja verk. Það skiptir máli að geta lifað af listinni þannig að ef þetta gerir mér kleift að eyða meiri tíma í listsköpun þá er það náttúrulega bara gott.“

Þór segist lítið þekkja til myndlistar hinna Norðurlandanna og því síður sjá




Þór Vigfússon

einhvern sameiginlegan flöt á henni. „Nei, ég þekki lítið til myndlistar á Norðurlöndunum. Ég sá reyndar kynningarmynd fyrir Carnegie-sýninguna þar sem talað var við alla listamennina sem taka þátt og þar tók ég eftir því að þeir virðast hafa stærri og betri vinnustofur á hinum Norðurlöndunum en við hér á Íslandi; ég öfunda þá af því. Svo virðist sem myndlistarmönnum sé sýndur meiri sómi í nágrannalöndunum, þeir fá eitthvað fyrir sinn snúð. Það eru náttúrulega bara meiri peningar í spilinu í stærri löndum.“

Þegar umstanginu í kringum Carnegie-sýninguna lýkur snýr Þór sér aftur að vinnu sinni. „Það eru ekki áætlaðar fleiri sýningar á verkum mínum í bráð,“ útskýrir hann. „Næst á döfinni hjá mér er að vinna stórt verk fyrir nýja byggingu Háskólans í Reykjavík; ég er búinn að úthuga það og nú er komið að framkvæmdinni. Þess utan er framtíðin óráðin.“

Þór Vigfússon: Án titils/ Untitled (2005)



KAUPTMENNIRNIR Á HORNINU

Heimildarmynd um Kjötborg eftir *Helgu Rakel Rafnsdóttur* og *Huldu Rós Guðnadóttur* verður sýnd í Háskólabíó í næstu viku. Myndin hlaut áhorfendaverðlaunin á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg á Patreksfirði en hún fjallar um bræðurna Gunnar og Kristján, síðustu móhíkana smákaupmannastéttarinnar, og lífið í Kjötborg.

KVIKMYNDIR HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR

Kjötborg fjallar um kjörbúðina á Ásvallagötu sem er rekin af bræðrunum Gunnari og Kristjáni sem eru með síðustu kaupmönnum á horninu í Reykjavík. Kjötborg býr yfir ákveðnum sjarma sem Helga Rakel og Hulda Rós náðu að fanga í myndinni. Bræðurnir búa yfir eiginleikum sem eru kannski hverfandi í íslensku samfélagi í dag og allt yfirbragð Kjötborgar minnir á gamla tíma.

Helga Rakel hafði búið í hverfinu og þekkti bræðurna. „Ég fer ennþá og versla hjá þeim þó að ég sé flutt. En hugmyndin af myndinni varð til þegar ég og Hulda bjuggu saman í London árið 2000 en síðan liðu nokkur ár, ég flutti til Danmerkur og Hulda flutti heim.

Við komumst svo inn í Talent Campus hjá European Documentary Network árið 2004 og þá byrjuðum við að þróa hugmyndina og rannsóknarferlið fór í gang,“ segir Helga.

Myndin er því búin að vera fjögur ár í vinnslu. „Af því að ég hafði búið í hverfinu og mamma býr þar ennþá treystu bræðurnir okkur og af því að þeir treystu okkur þá treystu viðskiptavinirnir þeim,“ segir Helga og Hulda tekur undir: „Það er mjög mikið traust sem fólk ber til bræðranna.“

„Bræðurnir voru mjög til í þetta en ég held þeir hafi samt ekki gert sér grein fyrir því hvað þetta yrði langt ferli,“ segir Helga og hlær. „Við vorum ár að taka upp. En þeir voru ótrúlega fínir í samvinnu og rosalega jákvæðir. Hjálpuðu



Helga Rakel og Hulda Rós vildu fanga þann sjarma sem einkennir Kjötborg, sjarma sem er hverfandi í íslensku samfélagi í dag.

okkur oft og voru tilbúnir að koma til móts við okkur.“

Litla þorpið

„Ég veit ekki hvort það er vegna þess að ég er úr litlu þorpi vestur á fjörðum, en þeir minna mig á þetta litla samfélag þar sem fólk heldur utan um hvort annað. Ef það springur dekk hjá einhverjum þá gerir maðurinn á næsta bæ við það. Fólk aðstoðar hvert annað. Þeir eru mikið þannig, þeir eru í alls konar reddingum og fá ekkert fyrir það. Nema kannski að fólk verslar í búðinni hjá þeim. Þeir eru að aðstoða fólk frá því þeir vakna á morgnana og þangað til þeir fara að sofa,“ útskýrir Helga Rakel.

„Búðin er þeirra líf og þeir eru þarna allan sólarhringinn. Þeir eru í þessu með hjartanu. Það sem mér fannst merkilegt er að þeir hafa ákveðna eiginleika sem eru orðnir frekar sjaldgæfir í dag. Þeir eru mjög óeigingjarnir og eru ekki alltaf að spá í peningana. Þeir eru ósérhlífir og njóta þess að hjálpa og vera í hringiðunni á því sem er að gerast í hverfinu. Svona búðir eru að deyja en þegar fólk sér myndina þá sér það að það er ástæða fyrir því að þessi búð hefur lifað af,“ bætir Hulda við.

Lítið pláss

Þeir sem hafa komið inn í Kjötborg vita að þrengslin eru mikil þar og vörur útum allt og hvergi pláss látið fara til spillis, það var ekki auðvelt að koma tókuliði fyrir innandyra. „Þetta er lítil búð þannig að það var ekki pláss fyrir tókumenn og hljóðmenn og allt heila klabbid ef maður ætlar að ná svona löngum tókum. Við höfðum ekki um marga ramma að velja, við þurftum bara að finna hvar var pláss í hillunum og setja myndavél þar en þær voru alveg sýnilegar,“ útskýrir Helga. „Það var líka hljóðnemi í loftinu sem var mjög áberandi. Það eru nokkrar tókur þar sem haldið er á myndavélinni en það var bara svo rosalega lítið pláss til þess. Það voru allir í hverfinu mjög meðvitaðir um að það væri verið að gera þessa mynd,“ bætir Hulda við.

„Ef einhver vildi ekki vera myndaður þá slökktum við bara á vélinni. Annars myndi fólk ekkert treysta okkur og það þýðir ekki að vera heimildarmyndagerðarfólk með yfiringang,“ segir Helga og hlær.

Allar árstíðir

„Við fylgumst með búðinni reglulega í átta til tíu mánuði þannig að við fenguðum allar árstíðir en það

var alls ekki erfitt að fanga gott efni,“ segir Helga enda eru senurnar milli bræðranna og viðskiptavinna dásamlegar. Myndin er líka byggð upp á viðtölum og nokkrum viðskiptavinum fylgt eftir.

„Frá upphafi var planið að nota sem minnst úr viðtölunum við bræðurna. Við notum aðallega sögurnar sem þeir segja. Þeir eru miklir sagnamenn. Við vildum láta myndirnar tala sjálfar, aðstæðurnar, og samtöl milli fólks. Það var aðferðin sem við notuðum. Ég er ekki mjög hrifin af svona viðtalsheimildarmyndum, ég hef meiri áhuga á heimildarmyndforminu og að leika mér með það,“ útskýrir Hulda Rós.

„Kannski þess vegna ákváðum við að nota aukapersónur og létum þær spila stóra rullu, það er góð leið til að sýna bræðurna í gegnum persónurnar,“ segir Helga.



Síðustu móhikanarnir? Gunnar og Kristján í Kjötborg.

Erfitt að koma henni saman

Það tók svo langan tíma að koma myndinni saman. „Við erum kröfuharðar,“ segir Hulda og hlær. „Okkur þykir líka vænt um verk efnið, við erum búnar að leggja allt okkar í þetta síðustu árin,“ útskýrir Helga. „Við vildum líka að allir fengu þá meðhöndlun sem þeir áttu skilið og við vorum mjög heppnar að finna Stefaníu Thors sem klippti myndina og líka Sindra Mú Sigfússon sem samdi tónlistina.“

„Við vorum lengi að leita að klippara og það er hægara sagt en gert á Íslandi í dag að finna klippara sem maður er sáttur við og finnst gott að vinna með. Svo bara á síðustu mánuðum og vikum small allt og við ýttum öllu til hliðar til að klára myndina,“ segir Helga Rakel.

Samvinna mikilvæg

„Margir spurðu af hverju við værum að gera þetta tvær, fólk er vant að það sé einn leikstjóri, en það var alveg frábært að vinna saman í þessu verkefni. Á tókustað erum við með hljóðmann og myndatökumann og eigum samskipti við alla í kring. Bara á tókustað er fint að vera tvær og allur dýalógur er mjög

hollur í ferlinu. Við þurfum að ræða hlutina og mér finnst við alltaf hafa komist að mjög skynsamlegri niðurstöðu,“ segir Helga.

„Það gerir hlutina stærri og víkkar út sjóndeildarhringinn. Svo er það líka praktískt, það er í ótrúlega mörgu að snúast og við tókum stóran þátt í framleiðslu,“ segir Hulda en myndin er framleidd af Þorfinni Guðnasyni. „Þetta er langt ferli og maður þarf að hafa einhvern sem maður getur stólað á,“ bætir Helga við.

„Ég hef mjög mikla trú á svona samvinnu. Við erum líka báðar með bakgrunn í listum og í fræðum. Það er mjög góður grunnur, við komum svoltið úr sitt hvorri áttinni en þetta rennur saman einhvers staðar,“ segir Helga.

Helga Rakel er menntuð í bókmenntum og leiklist og Hulda Rós í myndlist, hönnun og mannfræði. „Svona bakgrunnur kemur að góðum notum, mannleg samskipti skipta líka lykilatriði í heimildarmyndagerð.“

Kjötborg á Skjaldborg

Stelpurnar rétt náðu að klára myndina fyrir heimildarmyndahátíðina á Patreksfirði sem haldin var um hvítasunnuhelgina, þar sem þær unnu áhorfendaverðlaunin. „Það var rosalega gaman á Skjaldborg,“ segja þær í kór, „Og okkur þykir báðum mjög vænt um það að áhorfendur hafi valið þessa mynd.“

„Það var ótrúlega góð stemning þarna og Patreksfirðingar gerðu alveg hátíðina og tóku ótrúlega vel á móti okkur. Það er frábær hugmynd hjá skipuleggjendum Skjaldborgar að vera með svona hátíð úti á landi fyrir bransafólki til að hittast eina helgi og vera með einn bíosal þannig að maður getur séð allt prógrammið,“ segir Hulda.

„Fólk er þarna til að horfa á bíó og líka að fá heimildarmyndagerðarmenn eins og Albert Maysles sem hefur lifað öll þessi ár í bransanum og gert allar þessar myndir er ótrúlega þýðingarmikið,“ segir Helga en Maysles var heidursgestur hátíðarinnar. „Það var frábært að heyra hann tala og sjá myndirnar hans. Og að sjá allt sem er að gerast á Íslandi, það er greinilega mikil gróska í heimildarmyndum. Þetta var mjög gott tækifæri til að sjá hvað aðrir eru að gera og ég held það muni hafa áhrif á heimildarmyndafraamleiðslu hérna heima að fólk sé kynnt svona saman og vakið athygli á því sem hver og einn er að gera.“

Sýningar á heimildarmyndinni *Kjötborg* hefjast næstu helgi í Háskólabíó og verður hún sýnd frá 20.-25. júní.

Einar Már Jónsson

MAÍ 68 – FRÁSÖGN

„Fyrir þá sem ekki hafa kynnt sér það sem gerðist vorið '68 er bókin mikill fengur, hún fer allitarlega yfir söguna og lýsir vel þeirri ringulreið sem ríkti í París þetta vor, bæði á götum úti og í pólitikinni.“

Próstur Helgason – *Lesbók Morgunblaðsins*, 24. maí 2008.

„... skyldulesning fyrir öll ungmenni sem hafa áhuga á að bæta veröldina.“

Þráinn Bertelsson – *Fréttablaðið*, 31. maí 2008

„Síðasta bók Einars, *Bréf til Maríu*, kom út í fyrra og hlaut mikið umtal. Vefritið hvetur lesendur sína til að kynna sér þessa bók.“


– *Vefritið*, 6. júní 2008



Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur
sími 561 0055 • www.ormstunga.is

MÁLVERKAUPPBOÐ

Erum að safna verkum á næsta uppboð



Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór
í Gallerí Borg, Skipholti 35
í síma 511 7010 eða 847 1600

Lægri sölulaun - Örug og góð þjónusta

Viku eftir síðasta uppboð höfðu allir seljendur fengið uppgert.

Gallerí
BORG

Íslandsmeistarar 2008



Pálmar Þór Hlöðverson
Íslandsmeistari kaffibarþjóna 2008



Árni Ragnarsson
Íslandsmeistari í kaffismökkun 2008



Jónína Tryggvadóttir
Íslandsmeistari í mjólkurlist 2008

Til hamingju

Te & Kaffi þakkar kaffimeisturum sínum einstaklega góðan árangur á Íslandsmótinu kaffibarþjóna og óskar þeim góðs gengis á Heimsmeistamótinu í Kaupmannahöfn

www.teogkaffi.is



TE & KAFFI

Margur er knár ÞÓTT HANN SÉ SMÁR

Paul Simon, einn dádasti tónlistarmaður samtímans, heldur hljómléika hér á landi hinn 1. júlí næstkomandi.

TÓNLIST KJARTAN GUÐMUNDSSON

Paul Simon er á vissan hátt dæmigerður Bandaríkjamaður. Hann fæddist í New Jersey, ólst upp spölkorn frá í hverfinu Queens í New York og býr nú ásamt eigin konu, þremur ungum börnum og hundi í vinalegu húsi í Connecticut-ríki. Hann er fanatískur aðdáandi hafnaboltaliðsins New York Yankees og textar laganna sem hann hefur sungið í yfir hálfu öld bera gjarnan vitni um sérlega mikinn áhuga og innilega ást á föðurlandinu.

En Paul Simon er líka margslunginn persónuleiki sem leitar víða fanga í tónlistarskópun sinni. Það er orðum aukíð að varla sé til sú tónlistarstefna sem hann hefur ekki sótt í á löngum ferli, en á engu að síður betur við um Simon en flesta aðra tónlistarmenn. Hann bjó um skeið í Englandi og hefur unnið með tónlistarmönnum af flestu bergi brotnu í gegnum árin. Sumum þykir hann erfiður í umgengni, en vellíðaninni og þægindunum sem stafar af þjartri söngróddinni er við brugðið. Eins og gengur er það væntanlega vel heppnuð blanda af öllum fyrrnefndum eiginleikum sem gerir Simon að einum dádasta popptónlistarmanni samtímans.

Eftirlætis þjóðlagadóó heimsins

Æskuvínirnar Paul Frederick Simon og Arthur Ira Garfunkel þurftu ekki að bíða lengi eftir velgengni í tónlistarbransanum. Þeir kynntust í Forest Hills-gagnfræðaskólanum í New York og eftir að hafa samið og sungið saman um stutta hríð gáfu þeir út lagið Hey, Schoolgirl undir nafninu Tom & Jerry árið 1957. Lagið komst í 49. sæti á vinsældalista og telst það vel af sér vikið hjá tveimur sextán ára pöttum. Þeir félagarnir þurftu þó að bíða í sjö ár eftir frekara framhaldi á ferli sínum sem dúett. Í millitíðinni strituðu þeir sinn í hvoru lagi, þar til Simon & Garfunkel, undir sínum réttu nöfnum að þessu sinni, sendu frá sér sína fyrstu breiðskífu árið 1964. Hún bar nafnið Wednesday Morning, 3 A.M. og hlaut litla athygli almennings fyrst í stað.

Simon tók hinar dræmu viðtökur nærri sér og fluttist til Englands, þar sem hann gat sér gott orð sem þjóðlagasöngvari og gaf út sína fyrstu sólóplötu, The Paul Simon Songbook, árið eftir. Platan hvarf án teljandi ummerkja, en meðan á útleög Simons stóð hugkvæmdist upptökustjóra Wednesday Morning, 3 A.M. að endurhljóðblanda hið órafmagnaða lag The Sound of Silence. Þegar rafgítar, bassa og trommum hafði verið bætt við lagið féll það bandarískum almenningi betur í geð og náði alla leið í efsta sæti vinsældalista snemma árs 1966. Simon beið ekki boðanna heldur flaug aftur heim til New York, Yankees, Garfunkel og langs og giftusamlegs ferils sem beið handan við hornið.

Þegar Paul Simon kom heim frá Englandi var tekið til óspilltra málnana. Tvær breiðskífur litu dagsins ljós á árinu 1966, The Sounds of Silence og Parsley, Sage, Rosemary and Thyme. Innihalda þessar plötur nokkrar af helstu perlum dægurlagasögunnar, meðal annarra hin frábæru I Am a Rock, April Come She Will, Scarborough Fair, Homeward Bound og The 59th Street Bridge Song (Feelin' Groovy).

Árið 1968 var dúettinum falið að sjá um tónlistina í kvikmyndinni The Graduate, með ungum Dustin Hoffman og ekki svo ungrri Anne Bancroft í aðalhlutverkum. Platan með tónlistinni úr myndinni markaði tímamót í notkun popptónlistar í kvikmyndum. Fyrir utan lagið Mrs. Robinson, sem samið var sérstaklega fyrir myndina, var uppistaðan lög af fyrri plötum Simon & Garfunkel, og að margra mati hófst þarna sú óheillaþróun að safna saman gömlum popplögum, raða þeim inn í söguþráð

myndarinnar eftir þörfum og kalla afraksturinn kvikmyndatónlist. Hvað sem fólki kann að finnast um það er morgunljóst að tónlistin úr The Graduate kynnti tónlist Simon & Garfunkel rækilega fyrir heiminum.

Árið 1968 leit líka dagsins ljós breiðskífan Bookends, sem hlaut góðar viðtökur áheyranda og inniheldur lög eins og America og A Hazy Shade of Winter. Tveimur árum síðar gaf tveikið svo út síðustu hljóðversskífu sína, Bridge Over Troubled Water. Hún seldist í bilförmum og hefur að geyma urmúl af sígildum lögum, til að mynda titillagið, El Condor Pasa (If I Could), The Boxer, The Only Living Boy in New York og Cecilia. Síðastnefnda lagið byggir á suðrænum tónlistarhefðum, sem síðar urðu afar áberandi í tónlist Paul Simon.

Þegar þarna var komið sögu höfðu myndast brestir í samstarf tvímeninganna. Simon hafði alla tíð samið nær allt efni þeirra og vildi reyna fyrir sér upp á eigin spýtur. Þeir lögðu því upp laupana sem dúett, en hafa unnið saman með óreglulegu millibili síðan.


Farsæll sólóferill

Fyrsta sólóskífa Simons kom út árið 1972 og heitir einfaldlega Paul Simon. Hún seldist ekki í viðlíka magni og lokaópus Simon & Garfunkel en olli kaupendum síður en svo vonbrigðum. Skífan hefur að geyma nokkur eftirminnileg lög, meðal annarra hið stórskemmtilega Me and Julio Down by the Schoolyard og hið angurværa Mother and Child Reunion. Síðarnefnda lagið má teljast stórmerkilegt í poppsögulegu tilliti, því þar bregður Simon á leik í þungavigtar reggítakti. Lagið komst í efstu sæti vinsældalista og kynnti þar með fjölmarga tónlistarunnendur fyrir töfrum reggítónlistar í fyrsta sinn. Simon bætti um betur með því að ráða hinn hæfileikaríka Linsford „Hux“ Brown, æðstaprest gítarleikara á Jamaica og fyrrverandi meðlim Toots & the Maytals, til að spila á gítar í laginu.

Simon sneri aftur með skífuna There Goes Rhymin' Simon árið eftir. Platan inniheldur meðal annars smellina Kodachrome og Loves Me Like a Rock og hlaut frábærar viðtökur áheyranda. Hin létt-djassaða Still Crazy After All these Years kom út árið 1975. Fyrir hana hlaut Simon Grammy-verðlaunin fyrir hljómplötu ársins og lög eins og 50 Ways to Leave Your Lover og titillagið nutu vinsælda. Árið 1980 lék hann aðalhlutverkið í kvikmyndinni One Trick Pony og sendi frá sér samnefnda plötu með mörgum lögum úr myndinni. Hvort tveggja þótti misheppnað, þótt meira hafi selst af skífunni en bíómíðum. Þó er að finna á plötunni hið ágæta lag Late in the Evening. Þrjú ár liðu fram að útkomu næstu sólóplötu Simons, Hearts and Bones, sem seldist mjög illa á hans mælikvarða en þykir í dag nokkuð vanmetin. Í millitíðinni höfðu Simon & Garfunkel haldið ókeypis tónleika í Central Park í New York árið 1981. Hálf milljón manns mættu og afraksturinn var gefinn út á plötu sem seldist eins og heitar lummur árið eftir.

Graceland – Verðlaun og vangaveitur

Árið 1986 var svo komið að hinni merkilegu plötu Graceland. Sú hlaut Grammy-verðlaunin fyrir bestu plötu ársins og er stútfull af fnum lagasmíðum eins og Diamonds on the Soles of her shoes, The Boy in the Bubble og You Can Call Me Al, þar sem leikarinn Chevy Chase sprellaði eftirminnilega með Simon í myndbandinu við lagið. Graceland hefur orðið poppspekingum uppspretta talsverðra deilna og vangavelta. Í fyrsta lagi var platan tekin upp í Suður-Afríku og skartaði tónlistarmönnum frá



HÆFILEIKARÍKUR Paul Simon er flestum ótulli að leita sér innblásturs í tónlistarhefðum annarra þjóða.

landinu í veigamiklum hlutverkum. Á þessum tíma voru öll menningarleg samskipti við aðskilnaðarstjórnina í Suður-Afríku bönnuð og þótti mörgum Simon hafa óhlýðnast banninu. And-aðskilnaðarnefnd Sameinuðu þjóðanna tók þó ekki undir þessar raddir, en leit til þeirrar góðu auglýsingar og orðspors sem skífan veitti suður-afrískum tónlistarmönnum. Í öðru lagi þótti mörgum Simon sýna af sér menningarlega heimsvaldastefnuhegðun með því að blanda saman vestrænni popptónlist og aldagömlum afrískum tónlistarhefðum. Öðrum þótti Simon, og aðrir sem fylgdu í kjölfar heims-tónlistarvæðingarinnar (hugtak sem varð til í kringum og mögulega í beinu framhaldi af útgáfu plötunnar) eins og Peter Gabriel, David Byrne og Sting, fyrst og fremst vera að leiða rokk-tónlistina til endurfunda við rætur sínar. Í þriðja lagi sökuðu meðlimir Tex-Mex sveitarinnar Los Lobos, sem lék undir í lokalagi plötunnar, Simon um að hafa stolið laginu af sér með húð og hári, auk þess að vera óforbetranlegur hroka-gikkur.

Fjórum árum síðar gaf Simon út breiðskífuna The Rhythm of the Saints. Á henni dýfir Simon sér ofan í djúpa laug brasilískrar tónlistar með fnum árangri, enda hlaut platan góðar viðtökur og seldist vel. Næstu árum eyddi Simon í að semja söngleikinn The Capeman. Hann var frumsýndur á Broadway snemma árs 1998, var

úthúðað af gagnrýnendum og miðasalan gekk vægast sagt illa. Þótti þar illa farið með margra ára erfiði þessa hæfileikaríka listamanns. Simon lagði ekki árar í bát heldur skellti sér í langa hljómléikaferð ásamt Bob Dylan. Hann sendi svo frá sér plötuna You're the One árið 2000, sem seldist nokkuð vel og hlaut góðar viðtökur gagnrýnenda. Fyrir tveimur árum kom svo út platan Surprise, þar sem gamla Roxy Music-góðið Brian Eno sá um upptökustjórn og samdi þrjú lög ásamt Simon.

Virðing og vinsældir

Paul Simon nýtur gríðarlegrar virðingar og vinsælda, bæði meðal meðlima tónlistaríðnaðarinnar og almennings. Hann hefur tvisvar verið vígður inn í Frægðarhöll rokksins, árið 1990 sem annar hluti Simon & Garfunkel og aftur árið 2001 sem sólólistamaður. Time-tímaritið útnefndi hann eina af hundrað manneskjum sem sett hafa mark sitt hvað mest á heiminn, og árið 2004 setti tímaritið Rolling Stone Simon og Garfunkel í fertugasta sæti á lista yfir 100 mestu listamenn allra tíma. Ekki svo illa af sér vikið hjá manni sem, þrátt fyrir smæð sína, er alls óhræddur við að troða upp með hávaxnari listamenn sér við hlið. Simon hefur tónleikaferð sína um Evrópu hér á landi hinn 1. júlí næstkomandi. Ólíklegt er að áhorfendur verði sviknir um ljúfa rödd og ríka tónlistargáfu í Laugardalshöllinni.



SKAPARINN/AUGLÝSINGASTOFA

BANG & OLUFSEN **B&O**

www.bang-olufsen.com

Síðumúla 21, Reykjavík. Sími 581 1100.

VÉR KVEMMA SKAP - TEKID BEG EG BÉR DVÖLDA TVO EÐA DVAD SKAL VIÐ GERAZ

VELKOMIN Í SÖGUSETRID!



VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI GESTUM!

Á Njáluslód:

Ný og mikið endurbætt sýning um víkingaöld og Njáls sögu, nú með hljóðleiðsögn á þremur tungumálum.

Gallerí Ormur:

7.-29. júní Myndlistasýning Ingunnar Jensdóttur, sölusýning 1.- 22. júlí Hófadynur teikninga- og ljósmyndasýning Katrínar Óskarsdóttur og Jóns Eiríkssonar

Kaupfélagssafnið:

Skemmtilegt safn um sögu verslunar á Suðurlandi, m.a. kaupfélögin á Selfossi, Helli, Rauðalæk og Hvolsvelli.



SÖGUSETRID HVOLSVELLI

opið alla daga 9-19

Hlíðarvegi 16 • 860 Hvolsvöllur • www.njala.is njala@njala.is • Sími: 487-8781

VÉR KVEMMA SKAP - TEKID BEG EG BÉR DVÖLDA TVO EÐA DVAD SKAL VIÐ GERAZ

KENNSLA OG TÓNLEIKAHALD Við Djúpið

TÓNLIST VIGDÍS PORMÓÐSDÓTTIR



Hanna Dóra Sturludóttir söngkona og Kurt Kopecky pianóleikari kenna og koma fram á hátíðinni.



Tinna Þorsteinsdóttir listrænn stjórnandi Við Djúpið.

Tónlistarhátíðin Við Djúpið verður haldin í sjötta sinn á Ísafirði dagana 17.-23. júní næstkomandi. Hátíðin hefur nú skipað sér í fremstu röð tónlistarhátíða landsins, enda framsækin og metnaðarfull með eindæmum. Hún er um leið sú eina sinnar tegundar þar sem jafn rík áhersla er lögð á tónlistarnám-skeið samhlíða tónleikahaldi. Ákaflega spennandi dagskrá er í boði í ár sem endranær. Kennt er á hverjum degi á meðan á hátíðinni stendur og allir koma fram á tónleikum, bæði kennarar og nemendur. Erlendir gestir hátíðarinnar að þessu sinni eru þeir Pekka Kuusisto, en hann er tvímælalaust einn áhugaverðasti fiðluleikari ungu kynslóðarinnar í heiminum í dag og hinn margverðlaunaði norski pianóleikari Hákon Austbø. Að auki koma fram á hátíðinni tónlistarmenn á borð við Hönnu Dóru Sturludóttur, Kurt Kopecky, Unu Sveinbjarnardóttur, Agnar Már Magnússon og Tinnu Þorsteinsdóttur, en Tinna er jafnframt


listrænn stjórnandi hátíðarinnar. Yfirlýst markmið hátíðarinnar er að auka við fjölbreytni í menningarlífi á Vestfjörðum og gefa þannig almenningi sem og ferðamönnum kost á að njóta tónlistar í upphafi hins hefðbundna ferðamannatíma í fagurri náttúru þessa lands. Ísafjarðarbær er reyndar þegar vel þekktur um land allt og víðar fyrir blómlegt tónlistarlíf og hýsir til að mynda einnig tónleikahátíðina Aldrei fór ég Suður, sem laðar að sér fjölda fólks á ári hverju. Ekki er útlit fyrir annað en að tónlistarstarfsemi á Ísafirði eflist enn um sinn; stefnt er að því að Við Djúpið verði áfram árviss viðburður þar sem þekktum innlendum og erlendum listamönnum verður boðin þátttaka. Í ár verður sú nýjung á dagskrá hátíðarinnar að boðið verður upp á fræðandi hádegistónleika. Um er að ræða stutta tónleika sem eru samofnir fræðandi erindum listamannanna. Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á www.viddjudid.is

www.haskolautgafan.is




Frá Syriandi til Íslands

Arfur Tómasar postula
Tomasarguðspjall, Tómasarkver og Tómas saga postula eru rit tileinkuð heilögum Tómasi postula. Sá meður sem þau mynda í flöru frumkristinna rita er einstakur. Hér fæst innsýn í sum elstu varðveitt ummæli Jesú frá Nasaret þar sem upprisa Jesú frá dauðum er hvergi nefnd. Það er ekki pisl-arvætti frelsarans sem er lykili að guðsríkinu heldur þekking. Helsti þrandur í götu mannsins að sannri þekkingu reynast vera ástríður holdsins en ekki siðferðileg álitamal á vog syndar og af-lausnar. Leiðin að þessari guðlegu þekkingu er ekki gjöf heldur þrotlaus baráttu við öff þessa heims, þar sem meinafati og hófsemi verða tákinnar kynslóð- ar Guðs. Í Tómasarkristni gefur að líta eina af elstu tulkunum á persónu Jesú frá Nasaret og orðum hans. Sú tülkun átti ekki upp á pallborði hjá kirkjulegum yfir- völdum á fjórða öld né lengi síðan. En þessi rit eiga erindi til samtímans þar sem þróngsýni fortíðar vikur fyrir nýjum viðhorfum.
Jón Ma. Ásgeirsson og Þórunn Ingi Guðjónsson 406 bls.
5.490 kr. Kíllja



Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnuðómar Þórðar biskups Þorláksson

Sýnisbækur Íslenskrar alþjóðumenn- ingar
Þórður Þorláksson er þekktastur fyrir bók sína um Ísland árið 1666, hljóð- færleik, garðræktartilraunir og kaup á kryddi erlendis frá. Ekki var hann at- kvæðamikill sem biskup en vandaði verk sín og naut virðingar meðal ann- arra ráðmanna. Hér birtast dómur sem Þórður lét ganga á prest- astefnum á Þingvöllum og í héraði. Þeir sýna kirkjustjórn hans og afskipti af siðferði landsmanna, en ekki sist lagi og hegðun presta, sem margir hverjir voru skrautlegir náungar. Bokinni fylgir yf- irgripsmikil skrá yfir nöfn og atvísisorð.
Gunnar Örn Hannesson og Már Jónsson tóku saman 276 bls.
3.600 kr. Kíllja



Ungmenn og ættar- tengsl

Skilnaður foreldra er oftast áfall fyrir börn, sem yfir 1000 þeirra upplifa árlega á Íslandi. Því skiptir miklu að skilja aðstæður og líðan ungmenna í kjölfar skilnaðar foreldranna. Hér er greint frá rannsöku meðal skilnaðarbarna sem tjá viðhorf sín og eigin reynslu. Fjöldi barna þarf að aðlagast breytingum eins og búsetuskiptum, lakari fjárhag og minni fjölskyldustuðun- ingi. Móðirin virðist áfram gegna lykilhlutverki í lífi þeirra. Hlutverk föðursins virðist hann ekki til síns nánasta kjarna og hafa síður áhyggjur af aðstæðum hans og framtíð en móður sinnar.
Sigrún Júlíusdóttir Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 76 bls.
1.990,- kr. - Kíllja



Hugsað með Mill Greinasafi

Óhætt er að fullyrða að breski heimspekingurinn John Stuart Mill hafi mjög mikil áhrif á íslenska heim- speki og stjórnmálaumræðu hér á landi. Þrjár af merk- ustu bókum hans, Frelsið, Nyttjastefnan og Kúgun kvemna hafa verið þýddar á íslensku og hugmyndir hans því Íslendingum handgengnar. Í bokinni er að finna fræðigreinar eftir 10 íslenska heimspekinga þau Guðmund Heiðar Frimannsson, Gunn- ar Harðarson, Kristján Kristjánsson, Mikael M. Karis- son, Róbert H. Haraldsson, Salvóru Nordal, Sigríði Þor- geirsdóttir, Sigurði Kristjánsson, Svavar Hrafn Svavarsson og Vilhjálm Árnason. Bókin er afrakstur malþinga sem haldin voru í Reykjavík og á Akureyri í tilefni 200 ára fæðingaráfmælis Mills á síðasta ári.
Salvör Nordal, Róbert H. Haraldsson og Vilhjálmur Árnason, ritstj. 160 bls.
3.200 kr. Kíllja



Sú þrá að þekja og nema

Greinar um og eftir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili
Nýlega voru líðin 150 ár frá fæðingu Jónasar Jónassonar prests og fræðimanns sem kenndi sig við Hrafnagil í og var afkastamikill á mörgum sviðum menningarlífsins og hafði komið víða við áður en hann snéri sér að söfn- un íslenskra þjóðhátta. Hann var sílesandi og siskrifandi jafnframt því að vera prestur í fjöl- mennri sókn, prófastur í Eyjaljarðarprófastsdæmi, kennari við Gagnfræðaskóla Akureyrar og ritstjóri. Hér eru prentaðar fjórar ritgerðir Jónasar sjálfs um þjóð- fræðileg mállefni, sem birtust fyrst á árunum 1908 til 1915, erindi sem haldin voru um séra Jónas á almælisárinu og ritaskrá hans. Greinarnar gefa góða mynd af þjóðfræðing- um, guðfræðingnum og rithöfundinum séra Jónasi sem þekktastur er fyrir brautryðjandaverk sitt Íslenska þjóð- hætti.
Rósa Þorsteinsdóttir ritstjóri 176 bls.
3.500 kr. Kíllja



Nýsköpunar- og frumkvöðlafræði

Fræðigreinin sem hér er fjallað um er rúng en hefur skapað sér fastan stefu í háskólum Vestur- landa. Í bokinni er fjallað um helstu viðfangsefni og tengsl hennar við aðr- ar fræðigreinar. Skýrt er hvers vegna skóla- speki viðtekinnar hag- fræði og hagrænnar frjálsþyggju er gagnslitil til skýringa á hreyfi- öflum nýsköpunarstarfsemi. Jafnframt er fjallað um snertifleti hennar við sálfræði, félagsfræði og stjórnmálafræði. Gerð er grein fyrir helstu kenningum og rannsóknum innan nýsköpunar- og frumkvöðlafræða og fjallað um stjórnunaraðferðir nýsköpunar- og frum- kvöðlastarfsemi. Í lok bókarinnar setur höfundur fram kenningu um samræna nýsköpunarstarfsemi sem leggur áherslu á að nýsköpun er fyrst og fremst samstarfsferli
Ívar Jónsson 278 bls.
3.900 kr. Kíllja



Lausavísur frá svartadauða til siðaskipta

Í bokinni er úrvall íslenskra lausavísna undir mismunandi bragarhátum frá tímabilinu milli svartadauða og síða- skipta; tíma umróta og óvissu í íslenskrí bókmennta- sögu. Flestar vísurnar fundust á torles- num handritaspássium og hafa sumar aldrei komið á prent áður, en aðrar hafa verið á við og drell í gömlum fræðiritum. Aðgengileg út- gáfa á fræðilegum grunni fyrir allt áhugafólk um íslenska menningu; vísnatextar á nútímalslen- sku ásamt orðaskýringum, heimildagreini-ingu og túlkun. Einnig er greint frá þróun íslenskra lausavísna á tímabilinu 1400-1550 þegar gömlu dróttkvæðin og edduháttirnir voru að líða undir lok en rímnahættirnir í fæðingu. Yelena Sesselja Helgadóttir bjó vísurnar til prentunar og ritar inngang. Útgafandi er Bókmenntafræðistof- nun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
Y. Sesselja Helgadóttir 220 bls.
3.000 kr. - kíllja

Háskólaútgáfan gefur út fjölbreytt frumsamin og þýdd ritverk er varða rannsóknir og kennslu við Háskóla Íslands og stofnanir hans. Háskólaútgáfan gefur að jafnaði út um 60 rit á ári hverju

Háskólabíó við Hagatorg í 107 Reykjavík í Sími 525 4003 í Fax 525 5255 í hu@hi.is í www.haskolautgafan.hi.is

HÁSKÓLAÚTGÁFAN



Hlutverk húss og leikir barna

Tvær nýjar sýningar verða opnaðar í Árbæjarsafni í dag. Þær eru báðar í hinu sögufræga og fallega húsi sem byggt var á Landakotshæðinni árið 1897 sem kirkja katólska safnaðarins í Reykjavík og hýsti síðar starfsemi ÍR við Túngötu en hefur nú verið gert upp í Árbæjarsafni. Húsið mun í framtíðinni gegna hlutverki sýningarhúss og verða


bækistöð fyrir barnastarf safnsins. Fyrri sýningin sem opnuð verður í dag snýst einmitt um sögu þessa merkilega húss. Sýningin nefnist Í húsi Krists og kappleikja, en á henni er gerð grein fyrir þeim ólíku hlutverkum sem húsið hefur gegnt. Einnig verður opnuð sýningin Komdu að leika. Eins og nafnið gefur til kynna er viðfang sýningarinnar

leikir og leikföng barna í sögulegu samhengi; varpað er ljósi á fjölbreytileika og þróun leikfanga og hvernig leikir endurspeglar samfélagið á hverjum tíma. Á sýningunni má sjá fjölda leikfanga frá ýmsum tímum úr fótum Minjasafns Reykjavíkur. Leikföngin á sýningunni eru ekki bara til að horfa á, heldur má leika sér að dóti frá ýmsum tímum í

tímastöðvum þar sem endurskapað hefur verið andrúmsloft tómhúss í Reykjavík snemma á 20. öld, betri borgara heimilis frá um 1930, hippaheimilis frá áttunda áratugnum og barnaherbergja um 1990. Hægt er að fara í búðarleik í Lúllabúð sem er frá um 1950 og einnig er hægt að bregða á leik í leikhúsi og brúðuleikhúsi.



Landakotskirkja á upphaflegum stað við Túngötu. LJÓSMYND/PJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS



Frá uppsetningu á verkinu Ambra í Borgarleikhúsinu.

AMBRA SLÆR Í GEGN

Tveir helstu nútímadansflokkar Norðurlanda, Íslenski dansflokkurinn og Carte Blanche frá Bergen, sameinuðust í stórvorkerfninu Ambra á Listahátíð í Reykjavík fyrir skemmstu. Verkinu var vel tekið í hvítvetna og voru bæði gagnrýnendur og áhorfendur sammála um ágæti þess. Verkið var svo sýnt á Listahátíðinni í Bergen í byrjun mánaðarins og hafa norskir gagnrýnendur í kjölfarið hamast við að hlæða sýninguna lofi. Blaðamaður Bergensavisen kallar sýninguna bæði „tjáningarfulla og stórfenglega“ í dómi sínum. Danshöfundur Ambra er Ina Christel Johannessen, en hún þykir einn mest spennandi danshöfundur Evrópu um þessar mundir. Íslensku tónlistarkonurnar Kira Kira og Hildur Ingvaldardóttir Guðnadóttir semja tónlistina fyrir verkið ásamt þýskum samverkamanni sínum, Dirk Desselhaus. Alls tóku tuttugu dansarar þátt í sýningunni og einnig var beinagrind af heilum hval á sviðinu.

- vþ

TRÚÐAR SNÚA AFTUR

Síðustu áætlaðar sýningar á leikritinu Dauðasyndirnar fara fram í Borgarleikhúsinu nú um helgina og er löngu orðið uppselt á þær. Sýningin hefur fengið afbragðs dóma og góð viðbrögð áhorfenda og vegna fjölda áskorana hefur verið ákveðið að hún muni halda áfram göngu sinni næsta haust og verða hluti af glæsilegri dagskrá næsta starfsárs. Í verkinu segir frá hremmingum Dantes og ferð hans um hringi helvítis á leið sinni um hreinsunareldinn til paradísar. Fjórir trúðar segja söguna og miðla áhorfendum af ótæmandi visku-brunni sínum um leið.

- vþ

Trúðurinn Barbara.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Takk fyrir frábært leikár!

Þjóðleikhúsið þakkar áhorfendum fyrir frábærar viðtökur og góðar stundir á leikárinu.



32 Grímutilnefningar 2007 / 2008

Sjáumst aftur í sumarlok!
Sýningar haustsins komnar í sölu

Fylgist með á www.leikhusid.is


... AÐ TJALDABAKI



Sumaruppboð málverka hafa ekki tíðkast hér á landi en nú er Pétur Þór Gunnarsson í Gallerí Borg að

bræða með sér að efna til eins slíks í lok mánaðar. Það er ekki síst vegna þess að hann hefur nú undir höndum tvö fágæt verk eftir sjálfan Sólun Islandus eða Sölva Helgason. Þau eru ársett 1858 sem þýðir að um 150 ára verk er að ræða eftir þennan þekktasta nævasta íslenskrar myndlistarsögu. Erfitt er að meta verk eftir Sölva og því aðeins um það að ræða að athuga hvað markaðurinn segir.

Íslenska listakonan Hrafnhildur Arnardóttir, einnig þekkt sem „shoplifter“, hefur sett upp skemmtilegt verk í MoMA í New York. Verkið er gert í samstarfi við bandaríska listamanninn Eli Sudbrack sem heitir öðru nafni assume vivid astro focus og það samanstendur af litríkum fléttum. Verkið, sem þau titla „Aimez vous avec ferveur“, er í glugganum á The Modern á 9 West 53rd Street á milli 5 og 6 Avenue og verður þar í sex mánuði.



Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi hefur tryggt sér útgáfurétt á bókum Lee Child um

flakkarann Jack Reacher, sem líkt hefur verið við Don Kíkóta poppkynslóðarinnar. Hann fer um Bandaríkin og breytir röngu í rétt. Þessar bækur hafa notið ómældra vinsælda og ljóst að JPV ætlar ekki að njóta þess að slaka á þrátt fyrir að vera nú orðinn alger risi á markaði eftir samruna JPV og Eddu. Og til að halda Nýhil-útgáfunni góðri hefur Jóhann Páll fengið Eirík Örn Norðdahl til að þýða bækurnar – sem heldur þeim skæruliða uppteknum á meðan.

VERÐLAUNABÆKUR

TRÉ JANISSARANNA

Á
METSÖLU
LISTA

„Án efa kröftugasti
teningurinn í reyfarasúpu
þessa sumars”

-Þórarinn Þórarinsson
dv.is

„...ekki bara skemmtilega snúin
glæpasaga heldur líka bráðfróðleg
lýsing á lífinu í Istanbúl á
nítjándu öld”

-Árni Matthíasson,
Morgunblaðinu

„Frábær ný skáldsaga ...
protlaus ánægja”

-Joan Smith,
The Sunday Times



Tilnefnd til
Dagur
verðlaunanna

MORÐIN Í BETLEHEM

Á
METSÖLU
LISTA

„Matt Rees tekur fyrir flókin heim
menningarárekstra og tortryggni og
setur hann í samhengi.”

-David Baldacci

„Stórkostleg frumraun.”

-Marilyn Stasio,
New York Times

„Spennusaga eins og þær gerast bestar.
Einstök bók sem er bæði spennandi og
hreyfir við lesandanum á sama tíma.”

-David Liss



SKUGGI
FORLAG



solon.is

SÓLON

kaffi & bistro

fundir



kokteilar



tapas



salöt



fiskur



heilsuréttir





LAUGARDALSHÖLL

1. JÚLÍ, KL. 20.00

PAUL SIMON

Ásamt
stórhljómsveit

Miði.is og afgreiðslustaðir

Stúka 11.900,- (ath. aðeins 1200 sæti)

Stæði 6.900,-

midi.is



Rammagerðin:
60.480 kr.

Við tjörnina:
15.840 kr.

The Golden Circle:
14.000 kr.

Rúta upp á völl:
2.600 kr.

Kaffitár, Leifsstöð:
1.760 kr.


Samtals:
312.120 krónur

Þrjár góðar ástæður til að vakna
klukkan sjö á morgnana...



www.fm957.is


FM957



JÓN SÆMUNDUR AUÐARSON „Ég var nú alltaf að flakka á milli staða, á þessum tíma var maður líka mikið á Tunglinu og Rósenberg og á Tuttugu og tveimur. Mig rámar eiginlega ekkert í þessa myndatöku. En á tímanum sem myndin var tekin var ég konseptlistamaður og það er ég enn í dag. En það er gaman að rifja upp þennan tíma, þetta var taumlaus gleði.“



NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR „Í dag vinn ég sem ljósmyndari og stílisti og sem ráðgjafi hjá Hreyfingu og Blue Lagoon spa. Þegar myndin er tekin var ég sautján ára og gekk í Menntaskólann við Hamrahlíð. Ég var algjör hippi og vann sem fyrirsæta. Ég sýndi syni mínum sem er sjö ára þessa mynd af mér og spurði hvað hann héldi að ég væri gömul, hann sagði: „Þú ert svona eins og ég, sjö eða átta ára.““



ÓTTARR PROPPÉ „Mig rámar óljóst í þessa myndatöku. Á þessum tíma hef ég líklega verið á fullu að reyna að setja mig úr rokkinu yfir í fönkið. Ég vann í bókabúð og geri það enn og þetta var svona hverfiskráin fyrir þennan ákveðna hóp. Núna er ég á svipuðum stað. Vinn í bókaframsal og dunda mér áfram í rokkinu og fönkinu. Það hefur kvarnast úr hópnum og það liggur ekki jafn vel við núna að fara á Kaffibarinn en það er alltaf gaman að koma þar við. Svölitið eins og að kíkja í heimsókn í stofuna hjá ömmu.“

Kaffibarsflugur


Ljósmyndabókin Barflies er komin út en hún geymir safn ljósmynda eftir Einar Snorra og Eið Snorra, betur þekktá sem Snorri Bros. Myndirnar voru teknar árið 1994 af þeim andlitum sem helst sáust á barnum sem síðar varð að goðsögn: Kaffibarnum. Í tilefni útgáfunnar ræddi *Anna Margrét Björnsson* við **Einar Snorra** og rifjaði upp stemninguna. *Valgarður Gíslason* myndaði svo nokkrar barflugur eins og þær líta út í dag með gömlu myndina í hönd.

Myndirnar voru teknar fyrsta sumarið í lífi Kaffibarsins, klikkaða sumarið þegar allir byrjuðu að dansa uppi á borðum,“ útskýrir Einar Snorri. „Á þessum tíma vorum við að mynda fyrir tímaritið Núllið og ákváðum að gera auglýsingu fyrir Kaffibarinn inni í blaðinu. Eiður Snorri kom með hugmyndina að þessu einfalda setti eftir að hafa að vera að tilraunast eitthvað einn uppi í stúdíói seint um kvöld. Myndin sem er af honum í bókinni er sem sagt

sjálfmynd sem hann tók af sér þetta kvöld. „Þetta er málið“ sögðum við og sýndum Frikkka Weisshappel. Frikki fór strax í að boða nokkra vel valda í töku fyrir auglýsingu. Við vorum svo hrifnir af útkomunni að við ákváðum að mynda sem flesta af fastagestum barsins og boðuðum yfir hundrað manns í tökuna. Mig minnir að allavega sjötíu þeirra hafi mætt. Það skemmtilega við myndirnar er að við reyndum að smella takkanum áður en fólk uppgötvaði að takan væri byrjuð, og var því ekki búið að setja upp „grímuna.“ Einar Snorri segir að Kaffibarinn

hafi í raun verið fyrsti alvöru dansbarinn í Reykjavík, enda hafi hann orðið mjög frægur í kjölfarið fyrir villta stemningu, sem var fönguð í skáldsögunni 101 Reykjavík og myndinni með sama nafni. Eins og frægt er keypti popparinn Damon Albarn örlítinn hlut í barnum. „Svo var það Sirkus sem tók við kyndlinum af Kaffibarnum, ég dauðsé eftir að hafa ekki gert bók um þann stað líka áður en hann lokaði!“ En hvers vegna að gefa núna út bók með myndum af fólki sem var á djamminu árið 1994? „Hugmyndin fæddist bara af sjálfri sér. Við fórum í

nokkur útgáfufyrirtæki hér heima með myndirnar en engum fannst þetta söluvænt og við fengum því neitun. Svo fyrir tilviljun sá útgáfa í New York sem nefnist Powerhouse myndirnar á vefnum okkar og vildi endilega gefa þetta út. Þeir gefa út listaverka- og ljósmyndabækur og fannst myndirnar svarar.“ Barflies-bókin kom út í New York fyrir um mánuði síðan en einnig verður takmarkað upplag af eintökum selt í bókabúðum hérlendis frá og með næstu helgi, en þá verður einmitt útgáfuteiti, hvar annars staðar en einmitt á Kaffibarnum.



HARPA EINARSDÓTTIR „Ég var átján ára afgreiðslustúlka í Extrabúðinni þegar myndin var tekin. Í dag er ég fatahönnuður og er að hanna búninga fyrir Eve Online hjá CCP. Svo er ég með mína eigin fatalínu sem heitir Starkiller.“




FJÖLUR BRAGASON „Þarna var ég í listnámi í Myndlista- og handiðaskólanum og ekta barfluga. Maður reyndi að setja sitt mark á næturlífið og hékk á Kaffibarnum með frábæru fólki. Þetta var svoltið sögulegt tímabil en núna er þetta fólk farið í allar áttir og komið aðeins lengra í lífinu. Ég hef haldið mig við heimahagana og er starfandi húðflúrlistamaður. Ég fer eiginlega aldrei á barinn og var búinn að steinglyma þessari myndatöku.“



SÓLEY ELÍASDÓTTIR „Á þessum tíma var ég að leika í Hárinu og það var mikið fjör. Kaffibarinn var okkar samastaður og við hégum þar öllum stundum. Í dag hef ég tekið mér fri frá leiklistinni í bili og stofnað fyrirtæki sem heitir Sóley grös og heilsa. Ég framleiði smyrsl úr íslenskum grösom og fer sárásjaldan á barinn.“

Birgjum okkur upp í Bónus



SAMA VÖRUVERÐ UM ALLT LAND

25 Bónus verslanir á Íslandi

- **Reykjavík** Kringlunni, Kjörgarði, Holtagörðum, Skútuvogi 13 Faxafeni 14, Spönginni Grafarvogi, Hraunbæ 121 Lóuhólum 2-6, Fiskislóð 2
- **Kópavogur** Smiðjuvegi 2, Smáratorgi, Ögurhvarfi 3
- **Hafnafjörður** Tjarnarvöllum 15, Helluhrauni 18
- **Mosfellsbær** Þverholti 2

- **Garðabær** Kaupþúni 1
- **Reykjanesbær** Fitjar
- **Hveragerði** Sunnumörk
- **Selfoss** Austurvegur
- **Egilsstaðir** Miðvangur
- **Akureyri** Langholt
- **Ísafjörður** Ljónið, Skeið
- **Stykkishólmur** Borgarbraut
- **Borganes** Digranesgata
- **Akranes** Smiðjuvöllum



BONUS BÝÐUR BETUR



Ástkær stjúpmóðir, móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,


Kristveig Jónsdóttir,

Hólmgarði 15, áður Bakka á Kópaskeri,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 18. júní kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á hjúkrunarþjónustuna Karitas.

Árni Hrafn Árnason
Gunnar Árnason
Ástfríður Árnadóttir
Einar Árnason
Jón Árnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Hlín P. Wíum
Sólveig Jóhannesdóttir
Þorsteinn Helgason
Ragnheiður Friðgeirsdóttir
Metta Helgadóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Jónsson

frá Kambi, Tunguvegi 84,

andaðist á dvalaheimilinu Barmahlíð Reykhólum 3. júní. Útförin verður frá Bústaðakirkju mánudaginn 16. júní kl. 15.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnst hans er bent á Minningarsjóð dvalarheimilisins Barmahlíðar, sími 434 7816.

Guðlaug Bergþórsdóttir
Bergþóra B. Magnúsdóttir
Jón Hjaltalín Magnússon
Karl Georg Magnússon
Þórdís Magnúsdóttir
Stefán Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.

Sonja Guðmundsdóttir
Sigrún Sighvatsdóttir
Hlynur Ólafsson
Kristín Svavarsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýðug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristins P. Michelsen

Skólbraut 3, Seltjarnarnesi.

Sértaklegar þakkir til Einars og alls annars starfsfólks á deild 13D Landspítala Hringbraut og deild K1 Landakotspítala. Guð blessi ykkur öll.

Margrét Þorgeirsdóttir
Karl G. Kristinsson
Kristín B.K. Michelsen
Sólveig H. Kristinsdóttir
Anna Karen Kristinsdóttir
afa- og langafabörn.

Jóhanna Sigurjónsdóttir
Magnús Sigurðsson
Björn St. Bergmann
Gestur Helgason



Kæru vinir, vandamenn, nágarnar og vinnufélagar. Við þökkum ykkur innilega auðsýnda samúð og hlýju í okkar garð við andlát og útför okkar yndislegu

Ingvaldur Hafðísar

Aðalsteinsdóttur

framhaldsskólakennara,

sem lést þriðjudaginn 20. maí síðastliðinn. Sérstakar þakkir sendum við læknum og hjúkrunarfólki á krabbameinslækingadeild LSH, bráðamóttöku LSH og heimahlyningu LSH. Guð blessi ykkur öll.

Óskar Jónsson
Guðbjörg Óskarsdóttir
Styrmir Óskarsson
Halla Þórlaug Óskarsdóttir
barnabörn.

Jakob Már Ásmundsson
Anna Kristrún Gunnarsdóttir

Guðriður Guðlaugsdóttir
Aðalsteinn Krisjánsson
Guðbjörg Pálsdóttir.

Anna Hjartardóttir



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

Sigþrúður Friðriksdóttir

Efstaleiti 14, Reykjavík,

verður jarðsöngin mánudaginn 16. júní frá Fossvogskirkju. Athöfnin hefst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð Barnaspítala Hringins.

Marta Bergman
Friðrik Jónsson
Andri Geir Arinbjarnarson
Sturla Orri Arinbjarnarson
Kolbeinn Arinbjarnarson
barnabörn og barnabarnabörn.

Bergsteinn Gizurarson,
Anna Margrét Ólafsdóttir,
Björk Bragadóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Halldór Magnús

Þorkelsson,

bifvélavirki, Efstaleiti 71, Keflavík,

lést á Landspítalanum v. Hringbraut, sunnudaginn 1. júní. Útför hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hins látna. Aðstandendur þakka öllum þeim er auðsýndu samúð sína og hlýðug við andlát Halldórs og útför. Guð blessi ykkur öll.

Eygló Sigfúsdóttir
Ragnheiður Halldórsdóttir
Halldóra Margrét Halldórsdóttir
og barnabörn.

Ásgeir Torfason
Hilmar Hafsteinsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Ragnheiður Einarsdóttir

(Ransý)

síðast til heimilis að hjúkrunarheimilinu Eir,

verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 16. júní kl. 15. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á minningarsjóð Barnaspítala Hringins, s. 543-3724.

Ragnar Tómasson
Gunnar Tómasson
Ragnheiður Tómasdóttir
Guðriður Tómasdóttir
Einar Sverrisson
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Dagný Gísladóttir
Guðrún Ólafía Jónsdóttir
Jón Pétursson
Guðni Pálsson
Guðrún Bjarnadóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

DJASSÖNGKONAN
ELLA FITZGERALD LÉST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1996.

„Það eina sem er betra en að syngja er að syngja meira.“

Ella Fitzgerald er talin einn mesti áhrifavaldur á djasstónlist og -söng tuttugustu aldarinnar.



timamót

timamot@frettabladid.is



BJART FRAM UNÐAN Oddný Harðardóttir bæjarstjóri í Garði segir bæjarfélagið í sókn á afmælisárinu. MYND/ÞORGLIS JÓNSSON

BÆJARFÉLAGIÐ GARÐUR: 100 ÁRA

Ríki kvenna

Sveitarfélagið Garður fagnar hundrað ára afmæli í dag en hinn 15. júní árið 1908 var Gerðahreppur stofnaður.

„Við höfum verið að undirbúa afmælisárið lengi en hápunkturinn er í dag, á sjálfan afmælisdaginn,“ segir Oddný Guðbjörg Harðardóttir, bæjarstjóri í Garði.

Hátíðadagskráin hefst á guðsþjónustu að Útskálum klukkan 9 og á hátíðarfundum bæjarstjórnar verða afhjúpaðar lágmyndir af heiðursborgurum Garðs eftir listakonu Ragnhildi Stefánsdóttur. Fjölbreytt dagskrá stendur til kvölds og er gestum boðið upp á kaffi og með því.

Oddný hefur setið á bæjarstjórstóli í Garði í tvö ár en í bæjarstjórninni eru fimm konur og tveir karlar. Konur ráða því ríkjum í Garði. „Hjá okkur er kona bæjarstjóri og kona forseti bæjarstjórnar og kona formaður bæjararráðs. Ég held að þetta sé hvergi svona annars staðar á landinu,“ segir Oddný. „Framboð okkar í N-listanum var þverpólitískt en við byrjuðum nokkrar konur að spjalla um hvernig við vild-

um hafa samfélagið. Þetta vatt upp á sig og á fjórtán manna lista voru níu konur og fimm karlar. Bæjarbúar veðjuðu á okkur og sjá ekki eftir því,“ segir hún og hlær.

Hún segir starfið í bæjarstjórninni hafa gengið vel. Bæjarfélagið er í sókn og lögð er áhersla á atvinnu- og umhverfis- og skólamála. „Við trúum því að með góðum skólum löðum við fólk að bænum. Við höfum einnig unnið að uppbyggingu atvinnu og frá áramótum hafa sextíu manns flutt til bæjarins. Í dag eru bæjarbúar 1.511 talsins.“

Búist er við að íbúafjöldinn aukist enn frekar við uppbyggingu álvers en ný hverfi í bænum eru í undirbúningi með tæpum tveim hundrað íbúðalöðum. „Við búum á vaxtarsvæði,“ segir Oddný. „Við vorum að taka fyrstu skóflustunguna að álverinu um daginn en einnig erum við að vinna með Reykjanesbæ og Sandgerðingum að því að efla Keflavíkurflugvöll sem atvinnusvæði. Það er bjart fram undan á hundrað ára afmæli bæjarins.“

heida@frettabladid.is



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýðug og samúð vegna fráfalls,

Eiríks Sigfússonar

Sóltúni 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Sóltúns og lungnadeilda Landspítala, A-6 Fossvogi og Landakoti.

Jens Ingi Magnússon
Kristbjörn Margeir Eiríksson
Sigfús Eiríksson
Finnur Eyjólfur Eiríksson
Halla Matthildur Eiríksdóttir
Sigríður Una Eiríksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Hannesdóttir
Aldís Óskarsdóttir
Hanna Garðarsdóttir
Gunnhildur Hrólfsdóttir
Fróði I. Jónsson
Guðmundur Guðmundsson

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista



MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

Blaðberinn minn fer með mér í Sorpu

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðarpappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

ÆVINTÝRAMYND SUMARSINS
FRUMSÝND 18. JÚNÍ

THE CHRONICLES OF
NARNIA
PRINCE CASPIAN

Vinnigar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að svara þessum vinnugjöf SMS klúbbi, 49 kr. skiptu.

SENDU SMS
BTC NA2
Á NÚMÉR 1900
VÍNNINGAR, BIÓMÍÐAR, TÖLVULEIKIR,
VARNINGUR TENGDIR MYNDIR, DVD
MYNDR OG FLERA

SIÐU
MYNDINA
SPILAÐU
LEIKINN

Biómiði

TOYS R US

9.
HVER VINNURI!

Auglýsingasími

512 50 50


— Mest lesið

Stökktu til

Fuerteventura

1. júlí í 2 vikur

Frá kr. **39.990**



Örfá sæti laus!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértílbod á síðustu sætum til Fuerteventura 1. júlí. Þessi skemmtilega eyja í Kanaríeyjaklasanum hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað í fríinu. Þú bókast flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir

Verð kr. **39.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð 1. júlí í 2 vikur.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann, m.v. 2 saman í h erbergi / stúdíó/ íbúð 1. júlí í 2 vikur.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

STUÐ MILLI STRÍÐA Heimurinn er ekki svarthvítur

PÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR VEIT AÐ HEIMURINN ER Í MÖRGUM LITUM



Staðalímyndir eru frekar fyndið fyrirbæri. Það er alveg magnað hvernig hægt er að dæma manneskjur án þess að þekkja þær nokkuð og flokka fólk í hópa eftir kúnstarinnar reglum. Reyndar getur það farið mikið í taugarnar á mér þegar fólk reynir að flokka mig eða dæma mig, en ég veit samt alveg að ég gerist stundum sek um það líka. Staðalímyndir gera heiminn svarthvítan.

En ef það er eitthvað sem mér finnst sérstaklega óþolandi við staðalímyndirnar, þá eru það þær sem er haldið að börnum. Ég var hressilega minnt á það með fréttum af barnaboxum hjá McDonald's, þar

sem fótboltaímyndir eru ætlaðar strákum og dansdót einhvers konar ætlað stelpum. Reyndar fylgdi með að stelpur mættu alveg fá „strákadóti“ og öfugt, en skiptingin var samt ljós.

Þegar svona löguðu er haldið að litlum börnum allt frá fæðingu er ekkert skrýtið að það hafi áhrif á þau. Þau eru bara börn sem eru að verða að manneskjum og allt sem þau sjá, upplifa og það sem þeim er kennt kemur til með að móta þau. En hvers vegna ættu stelpur ekki að mega leika sér með „strákadót“ og strákar með „stelpudót“? Heldur fólk í alvörnunni að ef sonurinn leikur sér með dúkkur, eða dóttirin vill vera í fótbolta, þá sé eitthvað að? Að sonurinn verði þá of kven-

legur eða dóttirin of karlmannleg? Að stelpur geti bara haft áhuga á ákveðnum hlutum og strákarnir einhverjum allt öðrum og það geti alls ekki skarast? Að heimurinn sé svo svarthvítur?

Ég trú því allavega ekki að þessar staðalímyndir eigi rétt á sér. Ég hef til dæmis haft áhuga á fótbolta frá því að ég var lítil og ef mér hefðu boðist fótboltaímyndir á McDonald's í þá daga hefði ég eflaust fengið mér þær. Áður en að þessu kom var ég þó farin að ganga í kjólum við sem flest tækifæri. Það að horfa á og æfa fótbolta breytti því ekkert. Ég gat alveg gert bæði „strákalega“ og „stelpulega“ hluti. Heimurinn er nefnilega allt annað en svarthvítur.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Ósætti hjá Grey's Anatomy

Leikkonan Katherine Heigl úr Grey's Anatomy hefur farið fram á að nafn hennar verði tekið af lista yfir þær leikkonur sem koma til greina til að hljóta tilnefningu til Emmy-verðlaunanna. Hún hlaut Emmy-verðlaunin fyrir túlkun sína á Isobel Stevens í læknadramanu vinsæla í fyrra. Heigl segist hins vegar ekki verðskulda verðlaunin í ár, þar sem hún hafi ekki fengið úr miklu að móða frá handritshöfundum.

„Mér fannst ekki að ég hefði fengið efni sem verðskuldaði tilnefningu til Emmy-verðlaunanna og til að reyna að viðhalda virðuleika samtakanna lét ég fjarlægja nafn mitt af listanum,“ sagði Heigl í viðtali við Los Angeles Times.

„Þar að auki vildi ég ekki eyðileggja möguleika einhverrar leikkonu sem hafði fengið slíkt efni,“ bætti hún við.

Aðstandendur Grey's Anatomy eru ekki alfarið sáttir við þessar útlekkingar Heigl. „Fólk lagði sig allt fram til þess að koma til móts við kvikmyndatökur hjá henni, og svo gagnrýnir hún þáttinn fyrir að gefa henni ekki nægilegt efni? Það er vanþakklátt gagnvart rithöfundunum sem áttu heidurinn af því að hún vann þessi verðlaun til að byrja með,“ segir heimildarmaður Entertainment Weekly um stemninguna á bak við tjöldin hjá Grey's Anatomy.

Þetta ýtir undir orðróm um að Heigl vilji losna frá þáttunum sem fyrst. Hún hefur upp á síðkastið



NORDICPHOTOS/GETTY

VILL EKKI EMMY
Katherine Heigl vill ekki sjá að hún verði tilnefnd til Emmy-verðlaunanna í ár, þar sem henni finnst hún ekki hafa fengið úr miklu að móða frá handritshöfundum Grey's Anatomy.

leikið í myndum á borð við Knocked Up og 27 Dresses og er sá leikari úr þáttaröðinni vinsælu sem hefur átt hvað mestum vinsældum að fagna á hvíta tjaldinu frá því að þættirnir slógu í gegn. Hún mun því ólm vilja skilja Izzie Stevens að baki og einbeita sér að þeim ferli sínum.

Bó gó með Kló?

Orðrómur hefur kviknað um endurkomu Brimklóar á tónleikamarkaðinn. „Menn eru að vinna ýmislegt annað. En jú, við erum að skrafa saman. Það er með okkur eins og stjórnámálemennina, það er þrýst á okkur úr mörgum áttum. Við erum að hugsa þetta og það kæmi mér ekki á óvart að við kæmum fram á völinn á næstunni,“ sagði Björgvin Halldórsson. Ef til þess kæmi myndi Brimkló spila á öllum helstu stöðunum, víða um landsbyggðina. Spurður hvort hann íhugaði rúttúr svaraði hann að „þetta yrði kannski tekið alla leið“. Ef af verður er stefnan sett á tónleikaferð seinni part sumars eða næsta haust. Annars er Björgvin að æfa upp djass-



BRIMKLÓ Á LEIÐ Í RÚTUFRERÐ? Björgvin Halldórsson á tónleikum.

band með Birni Thoroddsen auk vinnu í hljóðveri. - kbs



LÝSA EFTIR SKAUTUM Listahópurinn Weird Girls leitar logandi ljósi að gamaldags hjólaskautum fyrir næsta verkefni sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leita hjólaskauta logandi ljósi

Listahópurinn Weird Girls leitar nú logandi ljósi að gamaldags hjólaskautum. „Þeir verða hluti af næsta verkefni hjá okkur, sem verður væntanlega í júlí. Meira get ég eiginlega ekki sagt, enda er þetta alltaf svolítið leynimakk,“ segir Ragnhildur Jóhannsdóttir, einn meðlima Weird Girls. Hópin vantar skauta í stærðum 36, 37, 38, 39, 41 og 42 og þeir þurfa ekki að hafa annað til að bera en að vera nothæfir.

Ragnhildur segir það þó hafa gengið brösuglega að hafa uppi á skautum. „Ég hef fengið ein og ein skilaboð um að einhver lumi á skautum, en margir virðast vera búnir að týna sínum. Og sumir tíma ekki sínum,“ segir Ragnhildur, sem telur að við línuskauta sé að sakast hvað varðar brotthvarf gömlu skautanna. „Þeir eru samt ennþá í framleiðslu úti, en það virðast allir hafa skipt út fyrir línuskauta,“ segir hún. „Ég hef reyndar ekki farið á línuskauta sjálf ennþá. Síðast þegar ég fór á hjólaskauta voru það svona gamaldags, þannig að mig grunar að ég þurfi smá þjálfunarbúðir þegar ég skelli mér loksins í þá,“ segir hún og hlær.

Weird Girls hefur verið boðið á listahátíð í London í október, og þegar blaðamaður náði tali af Ragnhildi var hún á leið í fjárflokkun fyrir ferðina. „Við ætlum að selja gömlu fötin okkar á útmarkaðnum hjá Organ, vorum í gær og verðum þar í dag,“ segir Ragnhildur. Markaðurinn er opin frá 14 til 19. Lumi einhver á gamaldags hjólaskautum má hafa samband við Ragnhildi í síma 659 6644.

ÚTDAUÐIR? Línuskautar virðast hafa valdið útduða hjólaskautanna hér á landi, en Weird Girls hefur reynt erfitt að hafa uppi á þörum á borð við þetta.



HA HA, ÞESSI GAUR! ÉG Á EFTIR AÐ TAKA HANN AUÐVELDLEGA MEÐ NÍTRÓINU, HEHEH...

OHH, ENN EINN HÁLFVITINI! EKKI HELDUR HANN VIRKILEGA AÐ ÞESSI JAPANSKA DRUSLA EIGI ROÐ Í TRANSANN?

DJÖ... MAÐUR! HVADA HEL#1* RUGL ER ÞETTA. ARRGGG!

HA HA, ÁTTI EKKI SÉNS FREKAR EN ALLAR HINAR LITLU JAPÖNSKU DOLLURNAR!

NEI NEI, SJÁÐU ÞENNAN... HVAD SEGIR MÆLIRINNE?

USS, 132 KM OG MÉR SÝNIST ÞETTA VERA SAMI NÁUNGINN OG Í GÆR...

6 MÁNUÐUM SÍÐAR...

HALLÓ... ÉG HEITI HÖRÐUR, ER AÐ KOMA AÐ TAKA ÖKUPRÓFIÐ AFTUR!!

OHH, ÉG TRÚI ÞESSU EKKI! HVERJAR ERU ANDSK... LÍKURNAR?

JÆJA VINUR, ÞÚ VIRÐIST EKKERT LÆRA... VIÐ MÆLDUM ÞIG Á RÚMLEGA 130 KM HRAÐA. ÉG VERÐ AÐ BIÐJA ÞIG UM AÐ SETJAST INN Í BÍL TIL OKKAR OG TAKTU SKIRTEINIÐ MEÐ ÞÉR.

JA BIÐDU VIÐ... HMM, BÚINN AÐ GREIÐA SEKTINA, 150 ÞÚS. FARÐU INN GANGINN, AÐRAR DYR TIL VINSTRI. PRÓFIÐ BYRJAR EFTIR 5 MÍN.

Þú missir ekki bara bílprófið ef þú ekur of hratt, heldur gæti bíllinn þinn verið gerður upptækur og þú greitt sekt sem jafngildir mánaðarlaunum margra.

Hraðakstur borgar sig ekki - Í ALVÖRUNNI!

UMFERÐARSTOFA

Tími Verksmiðjunnar liðinn

Hönnunarverslunin Verksmiðjan á Skólavörðustíg, þar sem íslenskir hönnuðir seldu verk sín saman, hefur lagt upp laupana. Verksmiðjan spratt upp úr samvinnu bókaútgáfunnar Sölu og nokkurra íslenskra hönnuða þar sem Rósa Helgadóttir var fremst í flokki starfssystra. Verslunin naut mikilla vinsælda jafnt hjá Íslendingum og erlendum gestum. Rósa segir brotthvarf Verksmiðjunnar þó alfarið komið til í góðu.



GOTT UPPHAF Rósa Helgadóttir segir Verksmiðjuna hafa hentað vel sem upphaf fyrir hönnuðina sem að henni komu, en þeir hafa nú sagt skilið við verslunina og samstarfið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Við ákváðum bara að skipta þessu upp og að hver færi til síns heima,“ segir Rósa, sem var upphafsmanneskja Verksmiðjunnar, þar sem hönnun fimm íslenskra kvenna var í aðalhlutverki. „Leigusamningurinn okkar rann út, svo þetta voru ákveðin tímamót. Það

vorum allar að útskrifast úr Lista-háskólanum á þessum tíma og þetta var mjög gott til að koma sér af stað. Svo verður hver og einn hönnuður sjálfstæðari og sjálfstæðari með tímanum,“ segir hún.

Rósa sjálf heldur húsnæðinu á Skólavörðustígnum, þar sem hún hefur opnað vinnustofu sína fyrir gestum og gangandi. „Hún er bara opin búið núna. Ég er búin að skapa mér mitt nafn og hef ákveðinn kunnahóp og hann heldur áfram að koma til mín,“ segir Rósa, sem segir það sama gilda um aðra hönnuði úr Verksmiðjunni.

„Svo hefur hönnunarbúðin Kraum líka tekið svoltið við af Verksmiðjunni, nema að þar eru áttatíu hönnuðir í staðinn fyrir fimm.“

HEIMSRUMSÝNING á mögnuðum spennuþrilli frá leikstjóra The Sixth Sense og Signs

heldur biógestum í heljargreipum frá byrjun til enda!

Frábær mynd með Edward Norton í hlutverki Hulk í einni flottustu hasarmynd sumarsins.

ÁLFABAKKA				SELFLOSS			
INCREDIBLE HULK DIGITAL	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12		INCREDIBLE HULK	kl. 2:30 - 5:30 - 8 - 10:30	12	
INCREDIBLE HULK	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	VIP		SPEED RACER	kl. 2 - 5	L	
SPEED RACER	kl. 2:40 - 5:30 - 8:30	L		SEX AND THE CITY	kl. 8 - 10:50	14	
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12		AKUREYRI			
INDIANA JONES 4	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12		SPEED RACER	kl. 2 - 5 - 8	L	
IRON MAN	kl. 3 - 5:30 - 8	12		PROM NIGHT	kl. 8 - 10	16	
NEVER BACK DOWN	kl. 10:30	14		NIM'S ISLAND	kl. 2 - 4 - 6	12	
NIM'S ISLAND	kl. 3	L		FORBIDDEN KINGDOM	kl. 10:20	12	
KRINGLUNNI				KEFLAVÍK			
THE HAPPENING	kl. 6 - 8 - 10:50	14		THE HAPPENING	kl. 8 - 10	16	
SPEED RACER	kl. 20 - 50 - 8 - 10:50	L		ZOHAN	kl. 2 - 5:30 - 8	10	
SEX AND THE CITY	kl. 2 - 5 - 8 - 10	14		SPEED RACER	kl. 2 - 5	L	
NIM'S ISLAND	kl. 2	L		FORBIDDEN KINGDOM	kl. 10:20	12	

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSRUMSÝNING Á MÖGNUM SPENNUÞRILLI FRÁ LEIKSTJÓRA THE SIXTH SENSE OG SIGNS SEM HELDUR BIÓGESTUM Í HELJARGREIPUM FRÁ BYRJUN TIL ENDA!

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

ÞAU FREMJA HÍÐ FULLKOMNA GIMSTEINARÁN... EN EKKI FER ALLT EINS OG PLANAÐ VARI!

Skákmenn til Djúpvavíkur

Athyglisvert atskákmót verður haldið um næstu helgi á Vestfjarðakjálkanum og þangað stefna nú stórmeistarar á borð við Helga Ólafsson, alþjóðlegir meistarar eins og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og blindur piltur frá Grænlandi.



HRAFN OG PÁLL HEITINN TEFLA Á GRÆNLANDI Myndin er tekin árið 2003 í Hvalsey er Hróksmenn fóru fyrsta sinni til Grænlands og kynntu heimamönnum skáklitina með góðum árangri.

„Páll var einn af stofnendum Hróksins og sá liðsmaður sem flestar skákir tefldi fyrir Hrókinn á Íslandsmóti skáklfélaga af öllum þeim hundrað skákmönnum sem við tefldum fram með árangri sem flestir þekkja,“ segir Hrafn Jökullsson, sem nú skipuleggur spennandi skákmót á Vestfjörðum. Árangurinn sem Hrafn talar um er sá að Hrókurinn var stofnaður á krá þar sem kaffihúsakákmenn komu saman og fóru félagið rakið út 4. deild í að verða Íslandsmestari þrjú ár í röð.

einnig meðal keppenda svo sem Arnar Gunnarsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. „Já, og kaffihúsakámmen af bestu sort, gamlir Hróksmenn, krakkar og stórbændur hér úr sveitinni,“ segir Hrafn. Heiðursgestur mótsins er svo sextán ára gamall grænlandskur piltur, Paulus Napatoq sem hefur verið blindur frá fæðingu. Hann kemur frá þorpinu Ittoqqort-oormiit en engin byggð er norðar á austurströnd Grænlands. Þangað hafa liðsmenn Hróksins farið undanfarnir tvö ár til að boga fagnadarerindið. Þar hittu þeir á Paulus sem lærði mannganginn á undraskömmum tíma.

„Páll heitinn, sem féll frá í blóma lífsins, ferðaðist einmitt mikið með félaginu og tefldi. Hann tók meðal annars þátt í eftirminnilegum ferðum Hróksins til Grænlands,“ segir Hrafn og tilkynnir að þegar hafi tugir skráð sig til leiks í móti. Og enn eru menn að skrá sig. Um atskákmót er að ræða, sem þýðir að keppendur hafa 20 mínútur. Skákir eru skilgreindar þannig að um atskák er að ræða ef þær eru á bilinu klukkutími niður í 15 mínútur á keppanda. Minni tími segir að um hraðskák sé að ræða en kappskák eru allar skákir sem eru klukkutími og meira.

jakob@frettabladid.is

HANN BLÆS ÞIG Í DRASLI!

FRÁBÆR SPENNUMYND!

STJÓRNAR ERU MATTAR Á HVÍTATJALDI

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

HEIMSRUMSÝNING Á MÖGNUM SPENNUÞRILLI FRÁ LEIKSTJÓRA THE SIXTH SENSE OG SIGNS SEM HELDUR BIÓGESTUM Í HELJARGREIPUM FRÁ BYRJUN TIL ENDA!

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

ÞAU FREMJA HÍÐ FULLKOMNA GIMSTEINARÁN... EN EKKI FER ALLT EINS OG PLANAÐ VARI!

SMÁRABÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000	
TILBOÐSVERÐ	650 kr.	
THE INCREDIBLE HULK DIGITAL	kl. 10 - 5:30 - 8 - 10:30	12
THE INCREDIBLE HULK LÚXUS	kl. 10 - 5:30 - 8 - 10:30	12
THE HAPPENING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
ZOHAN	kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30	10
INDIANA JONES 4	kl. 1 - 5:20 - 8 - 10:40	10
HORTON	kl. 1 - 3 ISLENSKITAL	12
FLAWLESS	kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:20	12
SEX AND THE CITY	kl. 3 - 7 - 10	14
88 MINUTES	kl. 3 - 8 - 10:20	16
INDIANA JONES 4	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
BRÖÐGUMINN	kl. 5:40 ENSKUR TEXTI	7

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

THE HAPPENING	kl. 8:30 - 10:30	16
ZOHAN	kl. 8:30 - 11	10
SEX AND THE CITY	kl. 8 - 11	14
INDIANA JONES 4	kl. 8 - 10:30	12

BORGARBÍÓ Sími 462 3500

THE INCREDIBLE HULK	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15	12
ZOHAN	kl. 5:45 - 8	10
SEX AND THE CITY	kl. 10:15	14
INDIANA JONES 4	kl. 3:30	12

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDAN Á **mid.is**

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDAN MED KREDITKORTI

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.3.30 BORGARBÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★★ - V.J.V., Topp5.is / FBL

★★★ 1/2 - VIGGÓ, 24 STUNDIR

POWER SÝNING KL. 10:15 DIGITAL MYND OG HJÓÐ

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með það!

THE INCREDIBLE HULK - DIGITAL	kl. 2, 5, 8 og 10:15(P)	12
ZOHAN	kl. 5 og 8	10
SEX AND THE CITY	kl. 3, 6 og 9	14
INDIANA JONES 4	kl. 2 og 10:15	12

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDAN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM

SparBíó 550kr SAMBÍÓ.is SAMBÍÓINN

sunnudag

HULK kl. 3 í Álfabakka og kl. 2:30 á Selfossi

SPEED RACER kl. 2:40 í Álf., kl. 2 í Kringlunni, kl. 2 á Self., 2 á Ak., og kl. 2 í Kef.

SEX AND THE CITY kl. 2 í Kringlunni

Indiana Jones 4 kl. 3 í Álfabakka

IRON MAN kl. 3 í Álfabakka

NIM'S ISLAND kl. 3 í Álfabakka og kl. 2 á Akureyri og í Kringlunni

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.3

500kr. á fyrstu sýningar dagsins



Laugarásbíó

- bara lúxus

STÆRSTA TJALD LANDSINS MEÐ DIGITAL HLJÓÐI OG MYND



DIGITAL GÆÐI - BARA LÚXUS

NÚ ER LAUGARÁSBÍÓ KOMIÐ MEÐ EINA FULLKOMNUSTU DIGITAL
SÝNINGARVÉL SEM VÖL ER Á, SEM TRYGGIR BESTU MÖGULEGU
MYND- OG HLJÓÐGÆÐI Á STÆRSTA TJALDI LANDSINS.

STÆRSTU MYNDIR SUMARSINS Í BESTU MÖGULEGU GÆÐUM

- bara lúxus



> Íslandsmet hjá Erlu Dögg

Sundkonan magnaða Erla Dögg Haraldsdóttir er í flottu formi þessa dagana en í gær bætti hún 16 ára gamalt Íslandsmet Ragnheiðar Runólfssdóttur í 200 metra bringusundi á móti í Frakklandi. Erla Dögg synti á 2:39,46 mínútum, sem er langt undir Ólympíulágmarki. Erla Dögg mun því keppa í að minnsta kosti þrem greinum í Peking en áður hafði hún náð Ólympíulágmarki í 200 metra fjórsundi og 100 metra bringusundi.



sport
sport@frettabladid.is

HLYNUR SIGMARSSON: YFIR 400 MANNS SKORUÐU Á HANN AÐ HALDA ÁFRAM AÐ VINNA FYRIR HANDBOLTANN

Ég elska handbolta og það hefur ekkert breyst

Eyjamaðurinn Hlynur Sigmarsson lýsti því yfir að hann væri hættur afskiptum af handbolta í kjölfar þess að hann tapaði í formannskjöri á ársþingi HSÍ í miðjum maí. Hlynur er kraftmikill maður með eindæmum; lyfti grettistaki í málefnum handboltans í Vestmannaeyjum og hleypti síðan miklu lífi í íslenska handboltann síðasta vetur með vefsíðu sinni, handbolta.is.

Handknattleiksmenn og unndendur handbolta tóku þeim tíðindum að Hlynur ætlaði að hætta afskiptum af handbolta illa og stofnaður var undirskriftalisti á netinu þar sem hann var hvattur til þess að halda áfram sínu góða starfi í þágu handboltans. Yfir 400 manns skrifuðu nafn sitt á listann og þar á meðal margir leikmenn og þjálfarar.

„Það var mjög ánægjulegt að sjá og finna fyrir þessum stuðningi sem ég er mjög þakklátur fyrir. Ég elska handbolta. Það hefur ekkert breyst og mun aldrei breytast og þessi stuðningur letur mann ekki. Ég hef samt enga ákvörðun tekið um framhaldið,“ sagði Hlynur í blíðunni í Eyjum en komu þessi sterku viðbrögð honum á óvart?



„Bæði og. Ég vissi að margir í grasrótinni voru ánægðir með mig og mín störf. Því miður náði stuðningurinn ekki til æðstu stjórnenda handboltans á Íslandi og það er að gera útslagið í þessu. Ég hef ekkert heyrt frá þeim og engin viðbrögð fengið varðandi síðuna mína. Ég hef sent HSÍ tvo tölvupósta varðandi það mál og var að vonast til að þeir myndu nýta meðbyr síðunnar og koma því máli í einhvern farveg en mér er ekki einu sinni svarað,“ sagði Hlynur, sem vill ekki sjá að síðan góða deyi drottni sínum eftir aðeins einn vetur.

„Mér finnst sorglegt að eftir öll mín ár í handboltaum hef ég aldrei fengið neinar viðurkenningar né peninga frá HSÍ. Mér finnst algjört lágmark að menn séu kvaddir eftir gott starf í hreyfingunni og þeim þakkað fyrir samstarfið,“ sagði Hlynur, sem neitar því ekki að vera svoltíð bitur. „Já, ég get ekki leynt því enda taldi ég mig hafa gert margt gott og ekki eiga svona framkomu skilið. Ég tel að menn eigi að virða skoðanir hvers annars, geta talað um þær og síðan skilið satt. Ákveðinn hópur manna er ekki á því máli og það bitnar á hag handboltans og það finnst mér dapurt.“



DECO Er talinn hafa hitt Abramovich síðasta fimmtudag.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea að fá liðsstyrk:

Deco líklega til Chelsea

FÓTBOLTI Portúgalski miðjumaðurinn Deco er að öllum líkindum á leið með landsliðsþjálfaranum sínum, Luiz Felipe Scolari, til Chelsea að því er BBC-fréttastofan greindi frá í gær, en þeir telja sig hafa heimildir fyrir þessu.

Deco neitaði þessum tíðindum í spjalli við spænska blaðið El Mundo Deportivo. BBC segir að Deco hafi fengið frí hjá Scolari á fimmtudaginn sem hann hafi nýtt til þess að ræða við Roman Abramovich, eiganda Chelsea.

Barcelona hefur gefið Deco leyfi til þess að tala við önnur félög og BBC segir Deco vera spenntari fyrir því að fara til Chelsea en að fara til Inter þar sem hans gamli stjóri, José Mourinho, er orðinn þjálfari.

Svo er það einnig að fréttu af Chelsea að Didier Drogba segist ekki vera á förum frá félaginu en fastlega var búist við því að hann myndi hverfa á braut og tippuðu flestir á að hann myndi endurnýja kynnin við Mourinho í Milanó.

„Ég er með samning við Chelsea til ársins 2010 og er enn leikmaður Chelsea. Ég gleðst með Mourinho því ég veit að hann saknaði þess að þjálfari en eins og ég sagði þá er ég með samning til 2010,“ sagði Drogba.

- hbg

Skiljum blóðpolla eftir á gólfinu

Það er hugur í strákunum okkar. Þeir þurfa að vinna upp átta marka forskot gegn Makedóníu á sunnudag en hafa tröllatru á verkefninu. Hvað sem andlegri þreytu liður ætla þeir sér að komast á HM í Króatíu.

HANDBOLTI Karlalandsliðið í handbolta hélt blaðamannafund á fimmtudag. Það var ákveðin kaldhæðni í því að halda fundinn á hóteli enda strákarnir eflaust löngu komnir með leið á þeim eftir langa og stranga törn undanfarið.

Eftir ólympíuævintýrið er undankeppni HM nú tekin við. Ísland tapaði 34-26 fyrir Makedóníu ytra og þarf því að vinna með í það minnsta átta mörkum í síðari leiknum á morgun til að komast á HM í Króatíu. Níu marka sigur tryggir Ísland áfram.

„Mér leið líkamlega mjög vel en það var svakaleg andleg þreyta í okkur. Við vorum búnir að vera í löngum tórnum, í einhverjum smábæ í Póllandi, svo í Magdeburg og loks í Skopje. Það er ekki eins og þetta hafi verið Barcelona, London, Róm og París. Þetta var mikil hótelseta og mikið af vondum hótelmát. Á fimmtudeginum í Magdeburg, síðustu æfingunni þar, fann maður fyrst fyrir því að ekkert gekk upp og andinn var ekki nógu góður,“ sagði Guðjón en greinilegt er að leikmenn liðsins eru mjög ósáttir með tapið úti.

„Það er leiðinlegt að þetta hafi komið fyrir en það eru enn allir möguleikar opnir. Við erum með mun betra lið en þeir og úrslitin líta illa út. Ég hef einu sinni orðið Evrópameistari svona, við töpuðum með átta mörkum á útivelli en unnum svo heimaleikinn með níu. Ég veit því að þetta er vel hægt af eigin reynslu,“ sagði Guðjón Valur.

Ólafur Stefánsson játti því að það væri gott að vera kominn heim eftir langt ferðalag og dæsti um leið og hann fékk sér vænan sopa af íslensku kranavatni. „Það hefði reyndar verið skemmtilegra ef við hefðum unnið vinnuna okkar almennilega þarna úti. Ólympíuleikarnir voru auðvitað frábærir



ERFITT VERKEFNI Ísland mætir Makedóníumönnum á sunnudag sem gáfu okkar mönnum engan gríð ytra. Hér sést Ólafur Stefánsson tekinn föstum tókum í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

og tímabilið var gott hjá mér og ég var því mjög glaður þangað til á sunnudaginn,“ sagði Ólafur.

„Það stráir salti í tilveruna en þetta er bara fyrri hálfleikur og við fáum annað tækifæri. Við þurfum að nýta það. Við ætlum að bæta upp fyrir þetta. Vonin er vissulega fyrir hendi. Átta mörk er eins og 2-0 í fótbolta og við þurfum því að vinna 3-0,“ sagði Ólafur og hélt áfram:

„Við þurfum að sýna úr hverju við erum gerðir, sérstaklega varnarlega, og láta þá finna fyrir krafti sem þeir hafa ekki fundið fyrir áður. Við þurfum að ná hraðaupppláupnum í gang enda erum við hraðasta þjóð í heimi þegar við

náum þeim upp. Það er engin ástæða til annars en að vera bara „crazy“ á sunnudaginn og skilja eftir einhverja blóðpolla á gólfinu,“ sagði fyrirlíðinn. Hann segist þó ekki vera ýkja bjartsýnn fyrir leikinn.

„Ég er aldrei mjög bjartsýnn. Ég er frekar svartsýnn ef eitthvað er. Það hjálpar mér. Ég var ekki nógu sáttur við sjálfan mig í fyrri leiknum, það var bara einhver annar gaur þarna á vellinum. Ég var allt í einu í einhverju egótrippi. Ég skaut allt of mikið og veit bara ekki hvað gerðist. Ég á því fullt inni og ætla að leyfa þessu að koma aðeins til mín og hjálpa líka öðrum að spila vel.“

Guðjón Valur kallar eftir stuðningi áhorfenda. „Við þurfum að endurvekja þjóðhátíðarstemninguna hérna. Það skiptir miklu máli að fólk mæti snemma og verði tryllt alveg frá því langt fyrir leik. Við þurfum að láta þeim líða illa. Þegar við hlupum inn í höllina úti þá var baulað á okkur, sem eru reyndar aðstæður sem ég kann hvað best við,“ sagði Guðjón og glotti. „Þetta er ákveðin sálfræði og gæti byggt upp ákveðið vonleysi hjá þeim ef þeir byrja illa. Það er gríðarlega mikilvægt að fá þennan mikla stuðning og 17. júní-lögin mega meira að segja vera þarna,“ sagði Guðjón.

hjalti@frettabladid.is

Frammistaða Makedóníu í umspilsleikjum sínum undanfarnin ár gefur íslenska landsliðinu von á sunnudag:

Makedónía tapar úti með 7,7 mörkum að meðaltali

HANDBOLTI Makedónía hefur aldrei verið í betri stöðu til að tryggja sér sæti á stórmóti í handbolta en einmitt nú eftir átta marka sigur á Íslandi í fyrri umspilsleik þjóðanna í Skopje um síðustu helgi.

Von íslenska liðsins liggur aftur á móti í því að það hefur verið mikill munur á frammistöðu Makedóníu á heimavelli og útivelli í umspilsleikjum sínum undanfarnin ár.

Í síðustu níu umspilum hafa Makedónar verið átta sinnum með og aldrei komist áfram. Þeir hafa spilað átta heimaleiki og níu útileiki í þessum umspilum þar sem þeir seldu Íslendingum heimaleikinn í undankeppni EM 2000.

Makedónar hafa unnið fjóra af þessum átta heimaleikjum og markatalan í þeim er hagstæð upp á 9 mörk. Makedónar hafa

hinsvegar tapað öllum níu útileikjum sínum með samtals 69 mörkum eða 7,7 mörkum að meðaltali.

Minnsta útitapið kom einmitt gegn Íslandi í umræddu umspili fyrir EM 2000 en Ísland vann þá fyrri leikinn með aðeins einu marki en hann var skráður sem heimaleikur Makedóníu. Íslenska liðið vann síðan seinni leikinn með 16 markum.

Minnsta tap Makedóna á útivelli í hinum leikjunum átta var fjögurra marka tap á móti Ungverjum í undankeppni EM 2004 en Makedónar höfðu unnið fyrri leikinn með tveimur mörkum.

Mesta sveiflan var á milli leikja Makedóna og Ísraels í umspili fyrir EM 2002. Ísraelar unnu heimaleikinn sinn með 10 mörkum en töpuðu síðan með 6 markum í Skopje.

- 66j

MAKEDÓNAR Í UMSPIUM FYRIR STORMÓT

EM 2008	Slóvenía
Heimaleikur -1	Útileikur: -5
EM 2006	Ungverjaland
Heimaleikur -3	Útileikur: -11
HM 2005	Serbía
Heimaleikur -1	Útileikur: -8
EM 2004	Ungverjaland
Heimaleikur +2	Útileikur: -4
HM 2003	Ísland
Heimaleikur -5	Útileikur: -5
EM 2002	Ísrael
Heimaleikur +6	Útileikur: -10
HM 2001	Ísland
Heimaleikur (úti) -1	Útileikur: -16
EM 2000	Ísland
Heimaleikur (úti) +3	Útileikur: -9

SLAKIR Á ÚTIVELLI Kiri Lazarov og félagar eru allt annað lið á útivelli en á heimavelli
FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC





CRISTIANO RONALDO Fær væntanlega kærkomna hvíld í dag.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Swiss og Portúgal mætast: Scolari mun hvíla lykilmenn

FÓTBOLTI Portúgal og Sviss mætast á EM í dag en leikur liðanna hefur þýðingu fyrir hvorugt liðanna. Portúgal er komið áfram og Sviss á ekki lengur möguleika á að komast áfram.

Fastlega er búist við því að Luiz Felipe Scolari, þjálfari Portúgals, hvíli lykilmenn í dag og Cristiano Ronaldo segir það vera mjög jákvætt.

„Leikmenn sem hafa ekki fengið tækifæri til að sýna sig fá nú kærkomið tækifæri. Þeir munu vafalítið gera allt til þess að sýna þjálfaranum að þeir eigi að vera í byrjunarliðinu,“ sagði Ronaldo, sem líklega verður einn af þeim leikmönnum sem fá að hvíla.

- hbg

Spánverjar komnir áfram á EM eftir dramatískan sigur á Svíum í gær:

Villa skaut Spánverjum áfram

FÓTBOLTI Annarri umferð riðlakeppni EM lauk í gær með leikjum í D-riðli. Spánverjar tryggðu sér farseðilinn í átta liða úrslitin með sigri á Svíum, 2-1. Rússar lögðu Evrópumeistara Grikkja, 1-0, og sáu um leið til þess að Grikkjum tækist ekki að verja titil sinn enda eru þeir með tapinu úr leik.

Spánverjar byrjuðu leikinn með miklum látum í gær og Fernando Torres kom þeim yfir eftir aðeins stundarfjórðung. Skömmu síðar fór Carles Puyol af velli og við það riðlast leikur Spánverja nokkuð og botninn datt nánast úr leik þeirra.

Svíar jöfnuðu síðan á 34. mínútu með marki frá Zlatan Ibrahimovic en Iker Casillas í marki Spánverja hefði líklega átt að gera betur en hann gerði. Það stefndi allt í jafntefli þegar David Villa skoraði laglegt sigurmark fyrir Spánverja á 92. mínútu. Grátlegt fyrir frændur vora Svía.

„Að sjálfsögðu er mjög sárt að tapa á þennan hátt,“ sagði Lars Lagerbäck, þjálfari Svía, frekar súr eftir leikinn. „Við vorum mjög góðir í fyrri hálfleik og sköpuðum fjölda færa. Spánverjar voru vissulega meira með boltann og fengu sín færi. Þrátt fyrir tapið er enn allt í okkar höndum og við notum næstu daga til að hlaða rafhlöðurnar.“

Zlatan fór af velli í hálfleik og Lagerbäck segir eðlilega ástæðu fyrir því. „Zlatan var eitthvað slappur í hnénu og eftir að lækna-liðið hafði metið hann var ákveðið að taka hann af velli í stað þess að hætta á frekari meiðsli,“ sagði Lagerbäck.

Luis Aragones, þjálfari Spánverja, sagði sigur sinnna manna hafa verið sanngjarnan. „Mér finnst við vera betra liðið og þá sérstaklega í síðari hálfleik. Það



HETJAN David Villa fagnar hér sigurmarki sínu í gær en það kom upp úr engu í upp-bótartíma.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

leynði sér ekki að Svíar voru mjög þreyttir og við fengum færin. Við vorum lánsamir að eiga Villa sem skoraði nánast ómögulegt mark. Ég skil ekki hvernig hann fór að þessu,“ sagði Aragones.

Evrópumeistarar Grikkja og Rússar mættust í síðari leik dags-

ins í gær og þar höfðu Rússar betur, 1-0, í leik sem var talsvert skemmtilegri en búist var við. Evrópumeistarar Grikkja komast þar með ekki áfram í átta liða úrslitin.

Það var Konstantin Zyrianov sem skoraði eina mark leiksins á 33. mínútu.

henry@frettabladid.is



RUUD VAN NISTELROOY Gott gengi Hollands kemur honum á óvart.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ruud van Nistelrooy:

Gengið kemur okkur á óvart

FÓTBOLTI Hollenska landsliðið hefur farið gjörsamlega á kostum á EM og unnið bæði Ítalíu og Frakkland sannfærandi.

Framherjinn Ruud van Nistelrooy segir að þessi frábæra spilamennska hollenska liðsins komi ekki síst leikmönnum sjálfum á óvart.

„Við erum enn að átta okkur á þessu. Við gátum ekki búist við þessari frábæru spilamennsku því við vorum ekkert í svo góðu standi fyrir mótið. Nú er einhvern veginn allt að smella hjá okkur og sjálfstraustið er mikið hjá leikmönnum, sem skiptir gríðarlega miklu máli,“ sagði van Nistelrooy, sem náði ekki að skora gegn Frökkum en spilaði engu að síður mjög vel.

„Ég reyndi að skila minni vinnu, þurfti oft að snúa bakinu í markið og það gekk bara vel,“ sagði van Nistelrooy.

- hbg

ÚRSLIT

1. deild karla

ÍBV-KA	1-0
Atli Heimirsson.	
Leiknir-Víkingur R.	1-0
Rune Koertz.	
Stjarnan-Víkingur Ó.	3-0
Þorvaldur Árnason, Zoran Stojanovic, Ellert Hreinsson.	
Þór-Fjarðabyggð	1-0
Alexander Linta.	
KS/Leiftur-Haukar	1-4
Ragnar Hauksson - Ómar Karl Sigurðsson, Goran Lukic, Denis Curic, Ásgeir Þór Ingólfsson.	

STADAN:

1. ÍBV	7	7	0	0	16:1	21
2. Selfoss	6	4	2	0	18:10	14
3. Stjarnan	7	4	2	1	11:5	14
4. Haukar	7	2	3	2	14:12	9
5. Fjarðabyggð	7	2	3	2	13:12	9
6. Víkingur Ó.	7	2	3	2	4:7	9
7. Þór	7	3	0	4	10:16	9
8. KA	7	2	2	3	9:11	8
9. Víkingur R.	7	2	1	4	11:13	7
10. Leiknir R.	7	1	2	4	8:13	5
11. Njarðvík	6	1	2	3	4:11	5
12. KS/Leiftur	7	0	2	5	7:14	2



Í TÓMU TÍONI Það gengur hvorki né rekur hjá Agli Atlasyni og félagum í Víkingi þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

1. deild karla:

Eyjamenn óstöðvandi

FÓTBOLTI ÍBV heldur áfram að fara mikinn í 1. deildinni en í gær vann liðið sinn sjöunda leik í röð og að þessu sinni gegn KA. ÍBV er langefst í deildinni enda með fullt hús stiga.

Leiknir vann góðan sigur á Víkingi Reykjavíkur en hvorki gengur né rekur hjá þessu gamla stórveldi á 100 ára afmælisárinu.

- hbg

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

7. umferð	Landsbankadeild karla			
sun. 15. júní	Próttur R.	16:00	HK	
sun. 15. júní	KR	16:00	Fylkir	
sun. 15. júní	ÍA	16:00	Valur	
sun. 15. júní	Grindavík	16:00	Keflavík	
mán. 16. júní	Fjölínir	19:15	Fram	
mán. 16. júní	Breiðablik	20:00	FH	

7. umferð	Landsbankadeild kvenna			
sun. 15. júní	Afturelding	19:15	Þór/KA	
sun. 15. júní	Breiðablik	19:15	Valur	
mán. 16. júní	KR	19:15	HK/Víkingur	
mán. 16. júní	Keflavík	19:15	Fjölínir	
mán. 16. júní	Fylkir	19:15	Stjarnan	

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völinn. Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.

> Eddie Izzard

Izzard varð fyrst frægur sem uppistandari en hann kom m.a. tvisvar til Íslands og var með uppistand. Hann talar bæði frönsku og þýsku og er ötull fylgismaður þess að England gangi í Evrópu-sambandið. Izzard leikur í þættinum The Riches sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SPÁIR Í FALLNA ENGLA

Skrýtnir draumar og vængir á bakinu

Ég hnaut um dálítið skondinn þátt um daginn á Stöð 2. Fyrst leit hann út eins og ömurleg bandarísk táningasápa en eftir að ég ég sá aðalsöguhetjuna fá vængi á bakið varð þetta allt mun áhugaverðara. Þættirnir „Fallen“ fjalla sumsé um mjög svo dulræna hluti sem sækja bakgrunn og goðafræði úr Gamla testamentinu. Eins og nafnið gefur til kynna fjalla þeir um fallna engla sem búa á meðal vor og aðallega um fyrirbærin Nephilim sem eru afkvæmi engla og mennsra manna. Auðvitað hljómar þetta allt eins og vitleysa úr vísindaskáldsögu en Nephilim eru jafn mikill hluti af Gamla testamentinu og sagan um fallna engilinn Lúifer sem fór í uppreisn gegn guði og við þekkjum helst úr Paradísarmissi Miltons.

Þar sem ég er svona goðafræðinörd og sökkki mér í Anne Rice-bækur á unglingsárunum fannst mér plottið í Fallen forvitnilegt en það fjallar um átján ára dreng, Aron, sem byrjar að líða vægast sagt undarlega. Skrýtnir draumar sækja að honum og



Daniken hafa örugglega þælt mikið í þessu. Það er augljóst að ég verð aftur að fara að grúska í Gamla testamentinu. Það er nefnilega farið að hljóma eins og spennandi kafla úr X-Files.

EKKI MISSA AF



▶ **19.00 US Open 2008 BEINT**
STÖÐ 2 SPORT




▶ **19.10 Derren Brown** STÖÐ 2



▶ **19.40 Top Gear - Best of**
SKJÁREINN



▶ **21.50 Partidýrið (Party Monster)**
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Batman Begins**
STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar næsturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Alvöru dreki og Nýi skólinn keisarans.

09.52 Fræknir ferðalangar

10.16 Hjálp, ræningjar! (2:3)(e)

10.45 Polly kemur heim (e)

12.20 Kjarval (e)

13.15 Mótorhjóladaðagbæurnar (Diarios de motocicleta) (e)

15.20 Viðtalið Alp Mehmet (e)

15.50 Landsleikur í handbolta Bein útsending frá seinni leik Íslendinga og Makedóna í umspili um sæti á HM 2009.

16.35 Táknálsfréttir

16.45 Landsleikur í handbolta Ísland - Makedónía, seinni hálfleikur.

17.30 EM 2008 - Upphitun

18.00 Fréttir

18.23 Veður

18.25 EM 2008 - Upphitun

18.45 EM í fótbolta 2008 Bein útsending frá leik Tyrkja og Tékká. Leikur Svisslend- inga og Portúgala er sýndur á RUV plús.

20.45 Fréttayfirlit

20.55 Jane Eyre (4:4)

▶ **21.50 Partidýrið** (Party Monster) Ungur maður sem er athafnasamur í skemmtana- lífinu í New York gortar af því í sjónvarpsvið- tali að hafa drepið vin sinn. Aðalhlutverk: Seth Green og Macaulay Culkin.

23.30 EM 2008 - Samantekt

00.00 EM í fótbolta 2008 Útsending frá leik Sviss og Portúgal.

01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

06.30 Sylvia

08.00 Kicking and Screaming

10.00 Twitches

12.00 The Greatest Game Ever Played

14.00 Kicking and Screaming

16.00 Twitches

18.00 The Greatest Game Ever Played

20.00 Sylvia

▶ **22.00 Batman Begins** Mynd um Leður- blókumanninn með Christian Bale, Liam Neeson og Michael Caine í aðalhlutverkum.

00.15 D.E.B.S.

02.00 Damien. Omen II

04.00 Batman Begins

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fífi.

08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar klukk- an átta og teiknimyndir með íslensku tali.

09.35 Krakkarnir í næsta húsi

09.55 Tommi og Jenni

10.20 Justice League Unlimited

10.45 Draugasögur Scooby-Doo (9:13)

11.10 Ginger segir frá

11.35 Bratz

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 America's Got Talent (7:12)

15.25 Primeval (2:6)

16.25 The New Adventures of Old Christine (9:22)

16.55 60 minutes

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

▶ **19.10 Derren Brown - Hugabrellur** (4:5) Sjónhverfingameistarinn Derren Brown heldur áfram að beita fórnarlömb sín ótrúlegum hugabrellum og sýna fram á að vegir hugarins eru órannsakanlegir.

19.40 Sjálfstætt fólk

20.15 Monk (9:16) Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn sérkenni- legra sakamála.

21.00 Women's Murder Club (1:13) Fjórar perluvinkonur sem hafa helst áhuga fyrir slúðri og sakamálum. Þær gegna allar ólíkum störfum en vinna allar við morð- annsóknir.

21.45 The Riches (2:7) Svikahrappur af hjólhýsakyni sem hafa lifað sem sígaunar allt sitt líf, söðla rækilega um og setjast að í venjulegu úthverfi.

22.30 Curb Your Enthusiasm (10:10)

23.00 Grey's Anatomy (16:17)

23.45 Bones (11:15)

00.30 Mobile (3:4)

01.20 Cyper

02.55 Super Sucker

04.25 Women's Murder Club (1:13)

05.10 Monk (8:16)

05.55 Fréttir

06.40 Myndbönd frá Popp TÍVÍ

SPORT

besta sætið

08.15 Gillette World Sport

Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bakvið tjöldin.

08.45 US Open 2008 Útsending frá US Open í golfi.

14.45 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilprifin skoðuð úr umferðinni í þessum magnaða þætti.

15.45 Landsbankadeildin 2008 Grinda- vik - Keflavík. Bein útsending.

18.00 Augusta Masters Official Film Þáttur um Masters golfmótið. Mótið fer ávallt fram á Augusta National vellinum í Georgíu fylki. Sigurvegarar fá að launum græna jakkann og ævilangan keppnisrétt á mótinu. Í þessum þætti er tekið fyrir mótið árið 1999 þar sem hinn litríki Spánverji Jose Maria Olazabal sigraði.

▶ **19.00 US Open 2008** Bein útsending frá lokadegi US Open í golfi. Úrslitin ráðast og spennan í hámarki.

01.00 NBA 2007/2008 - Finals games Bein útsending frá leik í úrslitarímmunni um NBA meistaratitlinn.

SPORT 2

15.40 PL Classic Matches Liverpool - Newcastle, 98/99. Viðureign frá Anfield þar sem mættust Liverpool og Newcastle. Mörkin létu ekki á sér standa frekar en fyrri daginn í viðureignum þessara liða.

16.10 PL Classic Matches Newcastle - Liverpool, 98/99. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

16.40 Bestu leikirnir Everton - Sunderland

18.20 EM 4 4 2 Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

18.50 Bestu leikirnir Everton - Arsenal

20.30 PL Classic Matches Newcastle - Liverpool, 98/99. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

21.00 EM 4 4 2

21.30 10 Bestu - Arnór Guðjohnsen Þriðji þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en að þessu sinni er fjallað um Arnór Guðjohnsen og farið yfir feril hans.

22.20 Bestu leikirnir Everton - Arsenal

00.00 EM 4 4 2

SKJÁREINN

10.00 Vörutorg

11.00 Professional Poker Tour (e)

12.30 MotoGP - Hápunktar

13.30 Dr. Phil (e)

15.00 The Biggest Loser (e)

16.30 The Real Housewives of Orange County (e)

17.20 Age of Love (e)

18.10 How to Look Good Naked Car- son Kressley hjálpar konum með lítið sjálfs- álit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línurnar. (e)

18.40 The Office Lokabáttur. Michael, Jim og Karen fara öll í starfsviðtal í höfuðstöðv- unum í New York þar sem þau sækjast öll eftir sama starfinu. Á sama tíma er Dwight að gera róttækar breytingar á skrifstofunni í Scranton. (e)

19.10 Snocross (11:12) Íslenskir snjó- sleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur aldrei verið eins spennandi. Kraftur, úthald og glæsileg tilprif frá upphafi til enda.

▶ **19.40 Top Gear - Best of** Vinsælasti bílabáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum okutækjum, skemmtilega dagskrá- liði og áhugaverðar umfjallanir.

20.40 Are You Smarter than a 5th Grader? Spurningabáttur fyrir alla fjölskyld- una. Spurningarnar eru teknar eru úr skóla- bókum grunnskólubarna en þær geta vafist fyrir þeim fullorönu.

21.30 Boston Legal - Lokabáttur Lög- fræðidrama þar sem fylgst er með skraut- legum lögræðingum í Boston.

22.20 Brotherhood - Lokabáttur Dram- atísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Annar er efnilegur stjórnmálamaður en hinn forhertur glæpa- maður.

23.20 Secret Diary of a Call Girl (e)

23.50 Minding the Store (e)

00.15 Vörutorg

01.15 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku. Endurtekið á klst. fresti.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

LAW AND ORDER ALLA VIRKA DAGA KL 20:00

HALLMARK Í OPINNI DAGSKRÁ

Magnaðir sjónvarpsþættir og stórkostlegar kvikmyndir

FJÖLVARP
heill heimur af skemmtun

HALLMARK CHANNEL ER Í OPINNI DAGSKRÁ
VIKUNA 16.-22. JÚNÍ Á STÖÐ 2 FJÖLVARP

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.00

Women's Murder Club – 1. þáttur

Sumir saumaklúbbar eru mjög ólíkir öðrum. Þær eru fjórar og perlugin-konur en sérsvið þeirra og helstu áhugamál eru slúður og sakamál. Þær gegna ólíkum störfum og þá kemur vináttan að góðum notum því allar vinna þær við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögreglu-kona, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona. Harðsviradir morðingjar eiga ekki von á góðu þegar þessar vinkonur taka höndum saman. Þáttunum hefur verið lýst sem blöndu af Cold Case, Law & Order og Sex and the City.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Landsleikur í handbolta
Ísland-Makedónía BEINT
SJÓNVARPIÐ kl. 15.50

Íslenska handboltalandsliðið þarf á algjörum stórleik að halda til þess að vinna upp átta marka forskot Makedóníumanna úr fyrri umspilsleiknum en þjóðirnar eru að berjast um sæti á HM í Króatíu á næsta ári. Það verður vonandi þjóðhátíðarstemning í Höllinni eins og undanfarin ár.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregni	16.08 Veðurfregni
07.05 Morgunandakt	16.10 Úr tónlistarlífinu
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Tónlistargrúsk	18.26 Saga til næsta bæjar
09.03 Framtíð lýðræðis	18.52 Dánarfregni og auglýsingar
10.05 Veðurfregni	19.00 Óskastundin
10.15 Útvarpsleikhúsið: Hræðilega fjölskyldan	19.40 Af minnisstæðu fólki
11.00 Guðsþjónusta í Grenjaðarstaðarkirkju	20.00 Leynifélagið
12.00 Hádegisútvarp	20.25 Tónleikur
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Hvað á að gera við stelpuna?
12.45 Veðurfregni	22.07 Veðurfregni
13.00 Listin og landafræðin	22.12 Orð kvöldsins
14.00 Loftbelgur	22.15 Umhverfis jörðina
14.30 Lostafulli listræninginn	23.10 Andrarímur
15.00 Flækingur	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

15.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

18.00 Seinfeld (11:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

18.30 Seinfeld (12:22)

19.00 Seinfeld (11:22)

19.30 Seinfeld (12:22)

20.00 So You Think You Can Dance 2 Dansinn hefst á ný 23. júní á Stöð 2. Í því tilefni rifjum við upp danstaktana hjá þátttakendum úr seríu 2. Dómaramir ferðast víða um Bandaríkin í leit af besta dansara landsins en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood. (e)

20.50 So You Think You Can Dance 2

22.25 Twenty Four 3 (3:24) Jack finnur pokann hans Kyle með dularfulla hvíta duftinu. Palmer fær meiri upplýsingar um ásakanimar í garð Anne. Chase er allt annað en sáttur þegar Jack fer að útiloka hann frá aðgerðum sem eru í gangi. (e)

23.10 Seinfeld (11:22)

23.35 Seinfeld (12:22)

00.00 Seinfeld (11:22)

00.25 Seinfeld (12:22)

00.50 Sjáðu

01.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

7.00 Top Gear Xtra 8.00 Top Gear Xtra 9.00 Top Gear Xtra 10.00 The Weakest Link 11.00 Ballykissangel 12.00 Ballykissangel 13.00 Strictly Come Dancing 14.00 Strictly Come Dancing 15.00 Strictly Come Dancing 16.00 Strictly Come Dancing 16.30 Strictly Come Dancing 18.00 Top Gear Xtra 19.00 Top Gear Xtra 20.00 Top Gear Xtra 21.00 Doctor Who 21.45 Doctor Who Confidential 22.00 Strictly Come Dancing 23.00 Strictly Come Dancing 0.00 Strictly Come Dancing 1.00 Strictly Come Dancing 1.30 Strictly Come Dancing

DR 1

9.00 Globalisering 9.30 Når bundlinjen bløder 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 Speedway: Danmarks Grand Prix 12.00 Verdens vildeste vanvid 12.30 Dronning Dolly Parton 13.00 Kispus 14.40 Landsbyhospitalet 15.30 Bamse's Billedbog 16.00 Et dejligt hundeliv 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Kløvedal i Kina 18.00 Rejseholdet 19.00 21 Søndag 19.40 SportNyt 19.50 Beck 21.20 Mærkets gerninger

NRK1

8.00 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 8.15 Dyreklinikken 8.45 Sydvest 9.15 Verdensarven 9.30 Kristin Lavransdatter 12.30 Lysende utsikter 13.25 Carmen i Khayelitsha 15.30 Apen himmel: Som et fyrlys Jesu navn 16.00 Lillefot og vennene hans 16.25 Herr Hikke 16.30 Tett på dyrene 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 En kongefamilie på jobb 18.55 Kavanagh 20.10 Baldurs draumar 21.05 Kveldsnytt 21.25 Rally-VM 2008: Rally Turkey 22.20 Å leve med korrupsjon 23.10 Uka med Jon Stewart 23.35 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.15 Tälarna i 24 Direkt 11.00 I trädgården med Camilla Plum 11.30 Niklas mat 12.00 Råd för resande till Syrien 13.00 Mitt i naturen 13.30 Sommartorpet 14.00 Wallenbergs 15.00 Hälsa till salu 15.50 Aktuell forskning 16.00 Bolibompa 16.30 Anki och Pytte 17.00 Hundkoll 17.30 Rapport 18.00 Sportspegeln 18.45 Matlust 19.00 Baronessan 19.25 Surfing på Svalbard 19.30 Mia och Klara 20.00 Tabu 20.30 En svensk berättelse 21.00 Rapport 21.10 I sinnets våld 22.10 På luffen i Norden

12

Nýtt í bíó

EDWARD NORTON ER HULK Í EINNI
FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS

EDWARD NORTON LIV TYLER TIM ROTH AND WILLIAM HURT

★★★★★

- V.J.V., TOPP5.IS / FBL

★★★★★


- VIGGÓ, 24 STUNDIR

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRA BÍÓ ALFABAKKI BÍÓ BORGAR BÍÓ

SELFLOSS

Coca-Cola

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Ég er eðlilega mjög stolt af þessari nýju plötu hans og öllu sem hann hefur verið að gera. Ég spurði hann: „Og hvað spurðirðu mömmu?“ – „Æ það var nú svo margt.“ Ég hef fylgst með honum frá því að hann byrjaði og reynt að fara á alla tónleika. Það er sko ekki leiðinlegt þegar maður er á tónlistarverðlaunum og tveir synir manns fá verðlaun.“

Gróa Hreinsdóttir, móðir Sigurðar Guðmundssonar, sem gaf út plötuna Öft spurði ég mömmu á dögnum.

HIN HLÍÐIN ÞÓRHALLUR HELGI SÆVARSSON AUGLÝSINGALEIKSTJÓRI

Býr til mjög góða bernaise-sósu

Hvað er að fréttá?

Það er bara allt mjög gott að fréttá.

Augnútur: Blár/grár, liturinn breytist eftir því hvernig skapi ég er í.

Starf: Auglýsingaleikstjóri.

Fjölskylduhagur: Ég er í sambúð og með lítinn hryðjuverkamann á leiðinni í lok sumars.

Ertu hjátrúarfullur?

Á vissan hátt, já. Ég á til dæmis húfu sem ég ferðast alltaf með þó svo að ég noti

hana aldrei. Þessi húfa hangir alltaf á handfaragrimum mínum og er orðin ansi skitug og ljót eftir öll ferðalögin.

Uppáhaldsmatur: Allt sem menningar-klúbburinn Matur og Massi eldar finnst mér gott.

Fallegasti staðurinn: Toppurinn á Snæfellsjökli þegar það er sól.

iPod eða geislaspilari: iPod.

Helsti veikleiki:

Mamma mín mundi segja að minn helsti veikleiki sé að

ég kunni ekki að fara með peninga.

Helsti kostur: Ég bý til mjög góða bernaise-sósu.

Helsta afrek: Ætli það sé ekki tilvonandi sonur minn.

Hver er draumurinn?

Að taka titilinn Best klæddi maður ársins af Jóhanni Meunier næsta ár.

Hver er fyndnastur/fyndnust?

Ísey Sævarsdóttir, litla systir mín.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Leiðinlegt fólk fer í taugarnar á mér.

Hvað er mikilvægast?

Ást og hamingja.



22.10.1979

FRÉTTIR AF FÓLKI

Félag Kráareigenda hélt fund á miðvikudag um hvernig skuli bregðast við þeim tíðindum að Ölstofunni og Vegamótum er gert að loka klukkan þrjú um helgar en ekki hálf sex. Meðal hugmynda er að vera ekki með kaffisölu á 17. júní sem og að athuga hvort samstaða náist meðal veitingastaðaeigenda um að loka allir klukkan þrjú um helgar. En **Kormákur Geirharðsson** og félagar meðal verta segja að svo virðist sem menn séu búnir að steinglyma því hvers vegna opnartími var rýmkaður.

Geirfuglar, sú gáskafulla og ágæta hljómsveit sem leikarinn **Halldór Gyflason** fer meðal annars fyrir, stefndi að því að vera með útgáfutónleika að kvöldi mánudags. Ný plata frá þeim ber heitið Árne Bergmann og feta þeir með nafngiftinni í fótspor Mínus sem gaf út plötuna Halldór Laxness. Útgáfutónleikunum hefur nú verið frestað en kona Árna Bergmann, Lena Bergmann, lést nýverið og verður jarðsöngin í vikunni. Hinum tillitsömu Geirfuglum þótti ekki við hæfi að fagna útgáfu plötu sinnar í sömu viku og það er. -jbg

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

1. Írar.
2. Jutta Urpilainen.
3. 28. apríl.



Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is



JÓI, ERNA HRÖNN OG EMILÍA: ÍSINN BRAGÐAST VEL Á SUMRIN

Besti ísinn er í vesturbænum

Þegar veðrið leikur við landann og sólin er sem hæst á lofti fyllast ísbúðir bæjarins af fólki. Fjölmargar ísbúðir eru víðsvegar um bæinn og því getur verið úr vöndu að ráða þegar kemur að því að velja besta ísinn. Fréttablaðið fór á stúfana og fékk með sér álitsgjafana Jóhann G. Jóhannsson leikara, Ernu Hrönn Ólafsdóttur söngkonu og Emilíu Benediktu Gísladóttur dansara til að taka út hefðbundinn vanilluís úr vél í nokkrum af helstu ísbúðum bæjarins og gefa honum einkunn frá einum upp í fimm. Besti ísinn reyndist vera í Ísbúð Vesturbæjar.

Ísbúðin Erluís, Fákafeni 9

Rúmgóð búð þar sem hægt er að sitja á háum stólum við gluggana eða við lægri borð fyrir börnin. **Vinsælast:** Ísbrauðformi, bragðarefur fyrir unglungana og trúðais fyrir börnin. **Nýjungar:** Hægt að fá ís án viðbættis sykurs. **Verð:** Lítil ís í brauðformi 160 krónur. Álitsgjafarnir sögðu um hefðbundna ísinn: „mjúkur ís, ekki of sætur.“ „Hentar þeim sem vilja mikið rjómagragð.“ „Kjörísinn er alltaf góður.“ **Einkunn:** 3,5

Ísbúðin í Álfheimum

Gefur sig út fyrir að vera með landsins mesta úrval af ís og býður meðal annars upp á ekta ítalskan kúluís að hætti eigandans, sem lærði ísgerð á Ítalíu. **Vinsælast:** Bragðarefur og frostbræðingur, þar sem ís og ýmsu góðgæti er hrært saman á frosinni marmaraplötu. **Nýjungar:** Ískaldi ísinn sem inniheldur aðeins 2,9 prósent fitu, fjórar tegundir af jógúrtis og frostbræðingurinn. **Verð:** Lítil ís í brauðformi 200 krónur. Álitsgjafarnir sögðu um hefðbundna ísinn: „Mjög hlutlaus og bragðlítill.“ „Sérstakt eftirbragð.“



ÁLITSGJAFARNIR Í GÓÐUM GÍR Jóhann, Erna og Emilía smökkuðu ís í fjórum af helstu ísbúðum bæjarins og gáfu honum einkunn.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Aðeins of sætur.“

Einkunn: 1,5

Álitsgjafarnir sögðu um „ískalda ísinn“: „Mjög góður.“ „Líkur Brynjuís en nær ekki sama norðenska bragðinu.“ „Of mikið frost í honum.“

Einkunn: 3

Ísbúð Vesturbæjar

Lítill ísbúð sem hefur fest sig í sessi og hefur nú opnað útibú á Grensásvegi 50. **Vinsælast:** „Gamli ísinn“ í brauðformi og bragðarefir. **Nýjungar:** Engar sérstakar. **Verð:** Lítil ís í brauðformi 170 krónur. Álitsgjafarnir sögðu um „nýja ísinn“: „Léttur og mjúkur.“ „Fínasta eftirbragð.“ „Passlega mikið rjómagragð en jafnast ekki á við gamla ísinn.“ **Einkunn:** 3

Álitsgjafarnir sögðu um „gamla ísinn“: „Skemmtilega þéttur, með gott mjólkurbragð.“ „Gæti borðað

hann í lítratali.“ „Besti ísinn í bænum.“ „Ég biði í röð eftir þessum.“

Einkunn: 5

Ísbúðin Ingólfstorgi

Mjög lítil ísbúð þar sem afgreitt er í gegnum lúgu í hjarta miðbæjarins. **Vinsælast:** Ís í brauðformi og bragðarefur. **Nýjungar:** Jógúrtis sem er fitu- og sykurminni. **Verð:** Lítil ís í brauðformi 190 krónur. Álitsgjafarnir sögðu um hefðbundna ísinn: „Mjög girnilegur að sjá en of mikið rjómagragð.“ „Varð fyrir vonbrigðum.“ „Of sætur og vont eftirbragð.“ **Einkunn:** 0,5

Álitsgjafarnir sögðu um jógúrtisinn: „Alls ekki að gera sig.“ „Versti ís sem ég hef smakkað á ævinni.“ „Hvers konar bragð er þetta?“ **Einkunn:** 0



LÍTILL ÍS Í BRAUÐFORMI Hefðbundinn vanilluís úr vél reyndist vera mjög mismunandi milli ísbúða.

Kenndi ensku í fátækrahverfi í Brasilíu

„Upphaflega ætlaði ég aðeins að vera viku í Rio de Janeiro en ég varð svo heilluð af borginni að ég ákvað að vera lengur,“ segir Anna Smáradóttir, sem vann í þrjú mánuði sem enskukennari í einu af fátækrahverfum Rio de Janeiro í Brasilíu. Spurð hvernig hún hafi fengið starfið segir hún: „Maður sem ég þekki kom mér í samband við konuna sem rekur skólann. Þetta var sjálfboðaliðastarf á vegum nýrra samtaka sem kallast



ANNA SMÁRADÓTTIR Er byrjuð að safna fyrir næstu ferð út. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FÁTÆKRAHVERFI Í RIO DE JANEIRO Fólk býr víða við mikla fátækt í borginni.

Favela Reszativa og ég var fyrst til að taka að mér kennarastarfið.“ Anna segir að menntakerfið í Brasilíu sé mjög slæmt og að hún hafi heyrt af enskukennurum sem tali litla sem enga ensku. Í bekknum sem Anna kenndi var fólk á öllum aldri, allt frá börnunum til fullorðinna, og margir bjuggu við mjög bág kjör. „Kennslan gekk

mjög vel þrátt fyrir takmarkaða kunnáttu í portúgölsku. Ég þýddi kennsluefnið yfir á portúgölsku fyrir hverja kennslustund og var því vel undirbúin fyrir tímana. Annars held ég að það sé ekki endilega nauðsynlegt að kunna tungumál heimamanna til að geta kennt ensku. Brasilíumenn eru hálfgerð lettblöð og vilja fyrst og fremst

hafa gaman af kennslunni, oft endaði ég á því að leika hluti og dýr fyrir bekkinn og reyndist það mjög vel,“ segir Anna.

Eftir dvölina í Rio segist Anna sjá eftir því hversu áhugalaus námsmaður hún var á yngri árum. „Það eru forréttindi að geta gengið að góðri menntun vísri eins og við gerum hér á Íslandi,“ segir hún. „Í Brasilíu verða menn að greiða háar fjárhæðir vilji þeir hljóta sæmilega menntun og það er alls ekki á allra færi. Þess vegna eru samtök eins og Favela Reszativa mikilvæg.“

Á næsta ári hyggst Anna snúa aftur til Brasilíu og taka þar Celta-námskeið sem veitir henni alþjóðleg kennsluréttindi í ensku. „Ég er strax byrjuð að safna mér fyrir flugmiðanum út,“ segir Anna að lokum.

**40%
afsláttur**



469 kr/kg. áður 782 kr/kg.
Ísfugl kjúklingur - ferskur

**30%
afsláttur**

BITTU MIG
KAKUÐU MIG!
Svólfid grilluð setning?

GRILLKRYDD
NEILLAUS - PIRI PIRI

1.299 kr/kg. áður 1.867 kr/kg.
Goða gríhnakki piri piri

**30%
afsláttur**

BITTU MIG
ELSKAÐU MIG!
Svólfid grilluð setning?

Lambalærisneiðar 1.8
N2 Style

1.854 kr/kg. áður 2.648 kr/kg.
Goða lambalærisneiðar kryddaðar

**40%
afsláttur**

1.299 kr/kg. áður 2.168 kr/kg.
Goða lambalæri - m/krydd jurtum

199 kr/stk. áður 249 kr/stk.
Hunt's tómatssósa - 1,36 kg

**40%
afsláttur**

GRILL
PYLSUR
Mexico Pylsur

725 kr/kg. áður 1.209 kr/kg.
Mexíkó grillpylsur

139 kr/pk.
Capri súkkulaðibitar - 200 gr.

250 kr/stk.
Ferðaspil

125 kr/stk.
Disney sápukúlur - 60 ml.

199 kr/pk.
ÁvaxtasleikjÓ - 360 gr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 12. júní til 15. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



BAKPANKAR
 Þorbjargar
 Sigríðar
 Gunnlaugsdóttir

Kvennaslóðir

Fimmtudagskvöldin voru heilög á meðan Sex and the City var í sjónvarpinu hjá mér eins og svo mörgum konum. Við vinkonurnar fórum svo í bíó um daginn til þess að kveðja þessar vinkonur okkar í New York fjórum árum eftir að sjónvarpsþættirnir runnu skeið sitt á enda.

VINSÆLDIR þáttanna hafa verið sagðar stafa af óhefðbundnum skilaboðum, vinkonurnar fjórar geri það sem þeim sýnist og séu lausar undan hefðbundnu hlutverki kvenna. Hinn vinkillinn er sá að viðmiðið sé að nútímakonan sýni djörfung og þor með því að kaupa sér rándýra skó og handtöskur, drekka dömudrykki og verja öllum stundum í að spekúl- era um hvernig sé hægt að ná sér í mann, sem getur kostað lífvernið.

KONURNAR í Sex and the City eru dáðar um heim allan fyrir óað- finnanlegan klæðaburð, smart töskur og hnyttin tilsvör. En svo virðist sem hugmyndafræði Sex and the City hafi haft langtum meiri áhrif en þetta, því ef fylgst er með dómum sem önnur kven- hetja í New York fær í bandarísk- um fjölmiðlum mætti ætla að allar konur ættu að vera eins og þær, sætar, smart og hnyttar.

Á EFTIR fjórmenningunum, Carrie, Samantha, Charlotte og Miranda er Hillary sennilega þekktasta New York-daman. Á meðan hún var í framboði sem for- setaefni mátti iðulega lesa greinar í bandarísku pressunni eða heyra álitsgjafa – karla og konur – dæma hana fyrst og fremst á grundvelli förðunar, hárgreiðslu og fasi gagn- vart eiginmanni. Stefnumálin þóttu svo sett fram af of miklum þunga og alvöru. Árangur hennar var sagður byggjast á reynslu eiginmannsins.

RAUÐI þráðurinn í Sex and the City var þegar allt kom til alls að ná sér í mann og að eiga finan kjól og dýra skó. Þættirnir voru bráð- skemmtilegir, en það er verra ef konur í hinu raunverulega lífi eiga að vera dæmdar eftir stöðlum Sex and the City og ef gamanþættir verða að alvöru.

VINSÆLDAARFTAKARNIR í sjónvarpinu eru síðan skemmti- lega lýsandi fyrir stöðuna. Þættir- inir fjalla um hlutskipti amerísku skvísunnar sem gengur út – sem hlaut að gerast eftir alla kokkteil- drykkjuna – og verður þá að „desperate housewife“, aðþrengdri eiginkonu sem er búsett í flottu úthverfi. Kannski það sé ameríski draumurinn, þegar að allt kemur til alls.



Bókaðu núna!

London, París... Stokkhólmur!

Skelltu þér til London, Parísar eða Stokkhólms með Iceland Express. Borgirnar iða af lífi og sumarstemning á hverju götuhorni. Bókaðu flugsæti fyrir þig og þína á www.icelandexpress.is

» Eitthvað fyrir alla

LONDON


- Veitingahús**
Quo Vadis: Splunkunýr en frekar dýr.
Cha Cha Moon: Sjóðheitur núðlustaður.
The Wolsey: Klassískur, fallegur og góður matur.
- Tónleikar**
Neil Diamond, 24. júní, O2 Arena
Radiohead, 24. júní, Victoria Park
Hard Rock Calling Festival, Eric Clapton, The Police o.fl., 28.–29. júní, Hyde Park
O2 Wireless festival, 3.–6. júlí, Hyde Park
UB40, 23. júlí, ExCel
Blondie, 28. júlí, ExCel
- Áhugaverðir staðir**
Sherlock Holmes-safnið: Skyldumæting fyrir aðdáendur spæjarans með fjöluðelluna.
Tate Modern og Tate Britain: Einstök listasöfn.
British Museum: 7 milljónir muna frá öllum tímabilum.
Science Museum: Safn fyrir alla nördana í fjölskyldunni.
Queen Mary's Rose Gardens: 400 rósategundir.
Camden-markaðurinn: Markaður sneisafullur af spennandi dóti.

PARÍS

- Veitingahús**
Citrus Étoile: Spennandi nýjungar í bland við hefðbundið franskt eldhús.
Liza: Flottur líbanskur staður. Góður matur í glæsilegu umhverfi.
Taillevent: Einn sá alfinasti í París.
- Tónleikar**
Lenny Kravitz, 2. júlí, Zenith de Paris
Mika, 4. júlí, Parc des Princes
Alicia Keys, 12. júlí, Bercy
Tom Waits, 25. júlí, Grand Rex
- Áhugaverðir staðir**
Père-Lachaise kirkjugarðurinn: Vottaðu Jim Morrison virðingu þína.
Montmartre: Dalí, Monet, Picasso og van Gogh þræddu stræti þessarar frægu hæðar.
Rungis: Stærsti matarmarkaður í heimi.
Musée d'Orsay: Hér eiga ímpressjónistarnir heima.
Pompidou-safnið: Eitt af meginkennileitum Parísar.
Clignancourt-markaðurinn: Allt á milli himins og jarðar.
Porte de Vanves: Flóamarkaður þar sem heimamenn gera sín bestu kaup.
Champs-Élysées: Góðkunningjar tiskulöggunnar halda hér til.

STOKKHÓLMUR

- Veitingahús**
Gondolen: Frábær veitingastaður og lystaukandi útsýni.
Kungsholmen: Hárrétt andrúmsloft og nýmóðins matseðill.
Riche: Stofnaður 1896 að franskrri fyrirmynd og er enn alveg très bien!
- Tónleikar**
Jay-Z, Globen, 19. júní
Erykah Badu, Berns, 26. júní
Lou Reed, Annexat, 9. júlí
Iron Maiden, Globen, 16. júlí
- Áhugaverðir staðir**
Gamli Stan: Eftirlæti allra sem koma til borgarinnar.
Gröna Lund: Skemmtigarður með veitingastöðum, leiktækjum og ýmsum uppákomum.
Riddarholmskyrkan: Vel varðveitt miðaldarkirkja.
Vasamuseet: Áhugavert safn sem geymir herskipið Vasa.
Skansen: Listasafn undir berum himni, einnig dýragarður.
Nobelmuseet: Hér má finna allt um verðlaunin hans Nóbels.
SoFo: Svalasta tiskuhverfi Stokkhólms.



GÓÐAN DAG!
 Í dag er sunnudagurinn 15. júní, 168. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	2.57	13.28	0.00
Akureyri	1.41	13.13	0.45

Heimild: Almanak Háskólans

FLORA/SIA